

**SKOÐUN** Arndís Björnsdóttir segir langt í frá að Ísland sé réttarríki. 13



**TÍMAMÓT** Séra Pétur Þorsteinsson fagnar í dag sextugsafmæli. 14



**LÍFIÐ** Kanadíski leikstjórinn David Cronenberg verður heiðursgestur á RIFF í ár. 26



**SPORT** Lokaúrslitin í kvennahandboltanum hefjast á Nesinu í kvöld. 22


Til hvers að flækja hlutina?
LIFÐU Í NÚLLINU!
365
365.is
Sími 1817



# FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur
5. maí 2015
104. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014


FRÉTTIR



**Segist bjóða 20 prósent** Björgólfur Jóhannsson, formaður Samtaka atvinnulífsins, segir samtökin hafa boðið jafnvirði tuttugu prósenta launahækkunar á þremur árum. 4

**Ekki fleiri hamborgarar** Frosinn kjúklingur klárast líklega um næstu helgi og útlit er fyrir að hamborgarar og nautahakk verði bráðlega búið. 2

**Óeining um makríl** Óvíst er um stuðning við makrílfrumvarpið á þingi. Um 30 þúsund manns hafa skrifað undir kröfu um þjóðaratkvæðagreiðslu. 6



**Skutu á allt kvikt** „Við tökum enga áhættu, við spörum ekki skotfærin," voru fyrirmælin sem ísraelskir hermenn segjast hafa fengið þegar þeir héldu inn á Gasasvæðið. 6

**Vísar á undirmennina** Hreiðar Már Sigurðsson, fyrrverandi forstjóri Kaupþings, segist aldrei hafa veitt lán úr Kaupþingi og ekki geta borið ábyrgð á misferli starfsmanna. 8



12

## 2 SÉRBLÖÐ

Bílar | Fólk





# Tuttugu milljarðar í arð á ári

Arðgreiðslur Landsvirkjunar munu stóraukast og gætu orðið allt að 20 milljarðar árlega eftir tvö til þrjú ár. Á fimm árum hafa 82 milljarðar farið í niðurgreiðslu skulda. Eigið fé hefur ekki verið meira frá upphafsárunum.

**VIÐSKIPTI** Landsvirkjun hefur síðustu fimm ár greitt niður skuldir sem nema 82 milljörðum króna og á sama tíma fjárfest fyrir 68 milljarða króna. Fjármunamyndun fyrirtækisins hefur því verið 150 milljarðar á þessum tíma.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins telja stjórnendur Landsvirkjunar nú horfur á því að eftir tvö til þrjú ár ætti árleg arðgreiðsla að geta numið 10-20 milljörðum króna, en síðustu ár hefur hún verið um 1,5 milljarðar á ári.

Þessi sviðsmynd miðast við óbreyttar rekstraráætlanir. Ekki er horft til neinna fjárfestinga varðandi mögulegar virkjanir eða sæstreng til Evrópu. Ríkið er eini eigandi Landsvirkjunar.

Gangi þessar áætlanir eftir munu, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, myndast skilyrði til þess að draga úr niðurgreiðslu skulda og auka í staðinn arðgreiðslurnar.

Rekstur Landsvirkjunar hefur farið stórbatnandi síðustu ár, en í nýútgefinni ársskýrslu fyrirtækisins kemur fram að hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði nam rúmum 19 milljörðum króna á síðasta ári. Eiginfjárhlutfall félagsins er komið í 40 prósent og hefur ekki verið hærra frá upphafsárum þess.

Ársfundur Landsvirkjunar verður haldinn í Hörpu í dag og þar mun Hörður Arnarson forstjóri kynna fjárhagsstöðu fyrirtækisins. - kóp

**150** milljarða fjármunamyndun hefur átt sér stað hjá Landsvirkjun á síðustu fimm árum.



**KLÆR RÉTTVÍSINNAR** Fimmtíu eftirlíkingum af Le Corbusier-stólum var fargað í gær. Stólarnir voru keyptir í Ráðhús Reykjavíkur árið 1992 fyrir 7,2 milljónir en núvirði þeirra er um 18,7 milljónir. Seint á síðasta ári kom í ljós að stólarnir voru falsaðir eftir að rétthafi Le Corbusier-vörumerkisins á Íslandi gerði athugasemd við húsgögnin. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Lögmaður segir augljóst að sniðganga ríkisins hafi valdið tjóni:

# WOW air íhugar skaðabótamál

**DÓMSMÁL** Kærunefnd útboðsmála hefur í framhaldi af kæru Wow air, sem kom til vegna kaupa ríkisins á farmiðum af Icelandair án útboða, lagt fyrir fjármálaráðuneytið að bjóða út innkaup á flugfarmiðum til og frá Íslandi.

Páll Rúnar M. Kristjánsson, lögmaður á Málflutningsstofu Reykjavíkur sem fór með málið fyrir hönd WOW air, segir að úrskurðurinn staðfesti að útboðsskylda hafi verið til staðar og að hún hafi verið sniðgengin.

„Hér hefur hundruðum milljóna verið ráðstafað árlega af ríkinu án útboðs," segir Páll Rúnar og bætir við að flugfélagið íhugi nú skaðabótamál.

„Það eru að meginstefnu tveir aðilar á þessum markaði. Annar þeirra, sem er almennt ódýrari og stundvísari, fékk því sem næst ekkert af þessari veltu á meðan allt þetta fé rann til samkeppnisaðilans," segir Páll Rúnar.



PÁLL RÚNAR M. KRISTJÁNSSON

Lögmaðurinn segir ekkert réttlæta fyrrnefnt fyrirkomulag.

„Það gefur augaleið að þessi sniðganga ríkisins hefur valdið tjóni og næsta skref í málinu er að meta það tjón," segir Páll Rúnar. - ebg



**EIGANDINN** Skúli Mogensen og lögmaður hans meta nú tjónið sem þeir telja WOW air hafa orðið fyrir.








## VEÐUR




**Það lægir** heldur við suðausturströndina í dag annars er útlit fyrir mjög svipað veður og verið hefur. Bjartviðri víða, en áframhaldandi éljaloft norðaustan til. Hiti breytist lítið.

SJÁ SÍÐU 16

Sérfræðingar Náttúrufræðistofnunar sýna fyrstir fram á landnám suðrænna plantna á norðurhjara:

# Suðrænar vatnaplöntur nema land á Íslandi

**NÁTTÚRA** Tvær suðrænar vatnaplöntur hafa numið land á Íslandi. Tegundirnar tvær, skrúfugras og kransarfi, hafa því komið sér fyrir um þúsund kílómetrum norðar en áður var þekkt.

Sérfræðingar Náttúrufræðistofnunar Íslands birtu á árinu grein sem sýnir fram á að aðfluttar vatnaplöntur geta numið land á norðurhjara og í kaldtempraða beltinu og er það í fyrsta sinn sem landnám slíkra plantna er svo norðarlega. Umræddar plöntur fundust í tjörnum með jarðhitavatni á tveimur stöðum á landinu, í manngerði tjörn við Húsavík og í Opnum við Hveragerði. Hér á landi er talsvert um tjarnir með jarðhitavatni sem skapa kjöraðstæður fyrir framandi vatnaplöntur.

Þetta kemur fram í ársskýrslu NÍ en jafnframt að vinsælt er að nota vatnaplöntur í fiskabúr og hefur það stuðlað að dreifingu þeirra víðsvegar um heiminn. Talið er nær öruggt að skrúfugras og kransarfi hafi einmitt borist í íslensku tjarnirnar með þeim hætti en tegundirnar hafa báðar verið flokkaðar sem ágengar tegundir enda ljóst að þær geta fjölgað sér í jarðhitavatninu.

Upprunaleg heimkynni skrúfugrass eru í Asíu, Suður-Evrópu og Norður-Afríku en kransarfi er upprunninn í Brasilíu, Úrúgvæ og Argentínu. *- shá*



**KRANSARFI** Uppruninn er í Brasilíu, Úrúgvæ og Argentínu. MYND/LÁRAGUÐMUNDSDÓTTIR



**FRAMKVÆMDIR** Ný vatnslögn við Kringlumýrarbraut olli umferðartöfum um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ný vatnslögn lögð meðfram Kringlumýrarbraut:

## Átti að opna Laugaveg í morgun

**REYKJAVÍKURBORG Opna átti inn á Laugaveg við Kringlumýrarbraut í morgun. Frá föstudegi hafa gatnamótin verið lokuð sökum nýrrar vatnslagnar meðfram Kringlumýrarbraut. Þar stendur til að leggja nýjan hjólastíg við hlið gönguleiðar meðfram götunni.**

**Upphaflega stóð til að opna gatnamótin í gærmorgun en lokunin var framlengd um sólarhring vegna tafa sem orsökuðust af mikilli mold og stórgrýti sem lágu í undirfyllingu götunnar.**

**„Beðist er velvirðingar á mögulegum töfum í umferðinni,“ segir í tilkynningu á vefsíðu Reykjavíkurborgar.** *- þea*

Stærsta stjórnmálaaflið:

## Píratar með mesta fylgið

**STJÓRNMÁL** Samkvæmt nýrri könnun MMR mælast Píratar stærsta stjórnmálaaflið á Íslandi en þeir mælast með 32 prósenta fylgi.

Fylgi Sjálfstæðisflokksins mældist 21,9 prósent, Framsóknarflokkurinn var með 10,8 prósenta fylgi, Vinstri grænir með 10,8 prósent, Samfylking með 10,7 prósent og Björt framtíð með 8,9 prósent. Fylgi annarra flokka mældist undir tveimur prósentum. Stuðningur við ríkisstjórnina mældist nú 30,7 prósent en mældist 35,3 í síðustu könnun MMR. *- vh*

Brugðist við verðlækkun:

## Minni olíuleit í landgrunninu

**NOREGUR** Leita á að olíu á 40 stöðum í norska landgrunninu í ár miðað við 56 í fyrra. Á viðskiptavefnum E24 er greint frá því að draga eigi úr olíuleitinni vegna verðfallsins sem orðið hefur á olíu.

Olíufyrirtæki hafa gefið til kynna að þau dragi úr leitinni til að minnka kostnað. Fyrirtækin gera ráð fyrir að verja 189 milljörðum norskra króna til olíuleitar á landgrunninu í ár en það er 34,7 milljörðum minna en gert var ráð fyrir í fyrra og 25,2 milljörðum minna en raunin varð. *- ibs*

# Frosni kjúklingurinn að klárast hjá Bónus

Verkfall dýralækna skapar vandræði í sölu á kjöti. Slátrun liggur niðri og ekki er hægt að tollafgreiða innflutt kjöt. Frosinn kjúklingur í Bónus klárast líklega um næstu helgi og útlit er fyrir að hamborgarar og nautahakk verði bráðlega búið.

**VERSLUN** Hundruð tonna af kjöti liggja á hafnarbakkanum í Sundahöfn eða í skipum á leið til landsins og fást ekki afgreidd til kjötafurðastöðva til vinnslu.

Í næstu viku verður nautahakk og frosinn kjúklingur til þurrðar genginn náist ekki samningar milli dýralækna og ríkisins. Þungt hljóð er í svínabændum sem telja stöðuna ólíðandi fyrir bú sín.

Guðmundur Gíslason, framkvæmdastjóri Kjötmarkaðarins, segir að í næstu viku verði ekki hægt að fá nautahamborgara á landinu. Slátrun stórgripa liggur að mestu niðri og ekki sé hægt að tollafgreiða nautahakkefni sem liggur á hafnarsvæði í Reykjavík.

„Það er alveg ljóst að við munum eiga nóg af nautahakki í þessari viku. Hins vegar er mjög líklegt að nautahakk verði búið í landinu þegar næsta vika rennur sitt skeið. Ástandið er alvarlegt og ég veit til þess að sumar kjötvinnslur eru farnar af stað með prófanir á að búa til hamborgara úr lambakjöti,“ segir Guðmundur.

Að sögn Guðmundar á hann um 40 tonn af kjötafurðum í tveimur gámum sem ekki sé hægt að tollafgreiða. Dýralæknar hjá Matvælastofnun þurfa að votta innflutning og því hefur ekkert kjöt verið flutt inn frá því verkfall hófst.

Gunnlaugur Eiðsson, framkvæmdastjóri Kjarnafæðis á Svalbarðseyri, tekur í sama streng og segir um 60 tonn af kjöti bíða á hafnarbakka eftir því að verða afgreidd til þeirra.

Guðmundur Marteinsson, framkvæmdastjóri Bónuss, segir sumar tegundir búnar og í næstu viku muni fleiri vörutegundir klárast á markaðnum.



**UPPSELT** Kjúklingabirgðir landsins verða búnar innan skamms. Ferskur kjúklingur er ófáanlegur og frosinn kjúklingur verður brátt einnig uppseldur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Ferskur kjúklingur er auðvitað ekki til og um næstu helgi verður einnig frosinn kjúklingur búinn. Nautakjöt verður einnig búið á þeim tíma og því munum við bara verða með fisk og lamb og svínakjöt á grillið í okkar verslunum. Þetta er staðan sem við búum við ef ekki semst fyrir þann tíma,“ segir Guðmundur.

Svínabændur eru einnig uggandi yfir stöðu sinni og segja dýravelferð vera afgangsstærð í verkfalli dýralækna. Ferskt svínakjöt er ekki til í landinu í dag og eru svínabú þeirra að fyllast af grísum sem komnir eru í sláturstærð.

Andrés Kristinsson, svínabóndi í Eyjafirði, segir stöðuna ólíðandi.



**Ferskur kjúklingur er auðvitað ekki til og um næstu helgi verður einnig frosinn kjúklingur búinn.**

*Guðmundur Marteinsson, framkvæmdastjóri Bónuss.*

„Við svínabændur erum aðeins þriðji aðili í þessari kjaradeilu og erum ekki viðsemjendur við dýralækna. Hins vegar bitnar verkfallið aðeins á okkur fjárhagslega,“ segir Andrés Kristinsson.

sveinn@frettabladid.is




Áhöfn varðskipsins Týs kom flóttamönnum í Miðjarðarhafinu til bjargar:

# Meira en 300 bjargað um borð

**FLÓTTAFÓLK** Áhöfn varðskipsins Týs bjargaði í gær 326 flóttamönnum af tveimur litlum bátum norður af Líbíu. Skipið er nú á leið til Sikileyjar þar sem fólkið verður sett í land í dag.

Að sögn Auðuns F. Kristinssonar, verkefnastjóra aðgerðarsviðs Landhelgisgæslunnar, var Týr staddur skammt suður af Sikiley þegar beiðni barst stuttu fyrir hádegi í gær um að bjarga fólki af trébát, sem þá var talinn staddur 30 til 40 sjómílur norður af Líbíu. Um borð í þeim bát voru 236 manns.

Nokkru síðar barst svo önnur beiðni um að bjarga fólki á litlum gúmmíbát á svipuðum slóðum. Um borð í gúmmíbátnum voru 90 manns.

„Þetta gekk allt saman bara mjög vel. Fólkið er vel á sig komið,“ segir Auðunn. Hann sagðist telja að alls hafi verið um það bil 45 konur og 25 börn í þessum tveimur bátum samtals.

Týr verður áfram við eftirlits- og björgunarstörf á Miðjarðarhafinu til 20. maí, en heldur af stað heim á leið 21. maí. Alls hefur áhöfn skipsins bjargað rúmlega þrjú þúsund manns í vetur. *- gb*



**STÆRRI BÁTURINN** Skipverjar á Tý koma að bátnum, sem 236 manns var bjargað úr. MYND/LANDHELGISGÆSLAN

SIMPLY CLEVER

ŠKODA




## Þú kemst lengra en borgar minna

Ef skynsemin réði værum við öll á **ŠKODA Octavia G-TEC**. Í honum samtvinnast fegurð, kraftur og virðing fyrir umhverfinu. **G-TEC** sameinar kosti metans og bensíns; þú nýtir íslenska orku og lækkar eldsneytiskostnað um allt að 35%. Með tvo metantanka og einn 50 lítra bensíntank kemstu 1.330 km án þess að fylla á og svo færðu líka frítt í stæði. Komdu og reynsluaktu **ŠKODA Octavia G-TEC**.



Lykill fjármögnun

HEKLA og Lykill gera þér kleift að eignast nýjan ŠKODA á þægilegan máta. Útborgun er að lágmarki 10% af verði bílsins og Lykill lánar þér afganginn til allt að sjö ára. Lánshlutfall ræðst af lánshæfis- og/eða greiðslumati hvers umsækjanda og getur hæst orðið 90%. Skylt er að kaskótryggja bifreiðina á lánstímanum.

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

**www.skoda.is**

VERKALÝÐSBARÁTTAN




**BIÐSTOFAN** Verkfall félaga BHM hefur veruleg áhrif á starfsemi Landspítalans þar sem undanþágur þarf til að sinna neyðartilvikum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Verkfallsaðgerðir sem eru í gangi

Enn stendur yfir ótímabundið verkfall hjá hluta aðildarfélaga Bandalags háskólamanna (BHM).

Í dag er **29. dagur** í verkfalli fimm þeirra, sem hófu aðgerðir 7. apríl.

**Um er að ræða:**

- Félag geislafræðinga
- Félag lífeindafræðinga
- Félag íslenskra náttúrufræðinga á Landspítala
- Ljósmæðrafélag Íslands á Landspítala (þri., mið. og fim.)
- Stéttarfélag lögfræðinga hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu

Þá hófst á 9. apríl ótímabundið verkfall félaga í Ljósmæðrafélagi Íslands á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Þar er verkfall á mánudögum og fimmtudögum. Og eru þær aðgerðir því á **27. degi**.

Þá hefur verkfall í dag staðið í **16. daga** hjá eftirtöldum félögum, en það hófst 20. síðasta mánaðar:

- Félag íslenskra náttúrufræðinga á Matvælastofnun
- Stéttarfélag háskólamanna á matvæla- og næringarsviði á Matvælastofnun
- Dýralæknafélag Íslands

Að auki stendur svo yfir verkfall Félag háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins hjá Fjársýslu ríkisins. Þær aðgerðir hófust 20. apríl og standa til 8. þessa mánaðar.

Síðasta fimmtudag voru fyrstu verkfallsaðgerðir félaga Starfsgreinasambandsins, en næstu aðgerðir þar eru allsherjarvinnustöðvun á morgun og hinn.



**ÁHYGGJUR AF VERKFALLI** Svínabændur geta ekki slátrað vegna verkfalls dýralækna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Svínabændur hafa áhyggjur af verkfalli BHM:

# Þrengir að grísum

**KJARAMÁL** Íslenskir svínabændur greindu frá áhyggjum sínum af stöðu mála í kjaradeilu ríkisins og BHM í fréttatilkynninu í gær. Vegna verkfalla dýralækna hjá Matvælastofnun hefur ekki verið hægt að slátra grísum síðan verkfall hófst 20. apríl síðastliðinn. „Afleiðing þess er sú að nú er orðið mjög þröngt um grísina á búunum og hefur það neikvæð áhrif á velferð þeirra,“ segir í fréttatilkynningu frá Svínaræktarfélagi Íslands í gær.

Til þessa hafa svínabændur ekki viljað blanda sér í deiluna en félagið segist nú hafa dregist inn í hana óumbeðið. Í tilkynningu félagsins segir að bændur hafi miklar áhyggjur af fjárhagstjóni sem þeir gætu orðið fyrir ef þeir fá ekki að slátra í bráð. - þea






Reynslusögur almennings af áhrifum verkfallanna hér á landi:

# Beið eftir strætó sem var stopp



„Ég tók bara Strætó upp í Mjódd og beið svo þar eftir vagninum á Selfoss í dágóða stund áður en ég tékkaði á síðunni hjá Strætó. Þá sá ég að þeir sem keyra á Selfoss voru í verkfalli en hinir sem keyra í bænum voru í lagi,“ segir Gunnar Már Hauksson um hrakfarir þær sem hann lenti í síðasta dag aprílmánaðar þegar félög Starfsgreinasambandsins (SGS) hófu sínar fyrstu verkfallsaðgerðir víða um land.

Gunnar Már sat við lokaritgerðarsmíði í fjölmiðlafræði í Þjóðarbókhlöðunni yfir daginn, en fékk svo að reyna verkfallið á eigin skinni þegar hann ætlaði heim til sín austur fyrir fjall. Efni ritgerðarinnar segir hann að sé uppbyggileg fréttamennska. Hann notaði sér hins vegar samfélagsmiðla til að greina frá raunum sínum og skrifaði á Twitter: „Tók strætó upp í Mjódd til að taka strætó á Selfoss. Strætóbílstjórar sem keyra á Selfoss eru í verkfalli. #fml #verkfall“

Verkfallsaðgerðir félaga SGA á landsbyggðinni halda áfram á morgun og hinn takist ekki samningar, en núna segist Gunnar betur undir þær búinn og býst ekki við að grípa aftur í tómt á biðstöðinni, hvort heldur sem það verður fyrir austan eða í Mjódd. Það hafi hins vegar orðið honum til bjargar fyrir helgi að systir hans var á leið á Selfoss síðar um kvöldið. „Pannig að þetta bjargaðist allt saman. En auðvitað frekar pirrandi að lenda í þessu.“ - óká

Fréttablaðið leitar að sögum sem tengjast verkfallsaðgerðum. Láttu okkur endilega vita af skemmtilegum, eða miður skemmtilegum, sögum með því að senda okkur póst á **ritstjorn@frettabladid.is**.

# SA segjast vilja rétta hlut tekjulægstu hópa

Í bréfi formanns Samtaka atvinnulífsins (SA) til félagsmanna eru atvinnurekendur hvattir til að ræða stöðu samninga við starfsfólk sitt. SA hafi boðið fimmtungshækkun launa á þremur árum. Þá standi yfir viðræður um skattkerfisbreytingar.

„Samtök atvinnulífsins hafa lagt mikið af mörkum til að leysa deilurnar þótt viðsemjendur okkar haldi öðru fram,“ segir Björgólfur Jóhannsson, formaður SA, í bréfi sem hann sendi félagsmönnum í gær. Þar segir hann jafnframt að lítið hafi þokast í kjaraviðræðunum undanfarið.

Í bréfinu fer Björgólfur hins vegar yfir þá þætti sem SA hafi rætt við samningaborðið. Þannig hafi verið viðraður hugmyndir um þriggja ára kjarasamning með „verulegri hækkun lágmarkstekjutryggingar“ svo lægstu laun dugi betur til lágmarksframfærslu.

„Samtök atvinnulífsins hafa einnig boðið verulega hlutfallshækkun launa ásamt sérstakri hækkun dagvinnulauna gegn því að samið yrði um aukinn sveigjanleika dagvinnutímabils og lækkun yfirvinnuálaga.“ Með því móti segir Björgólfur að hægt væri að auka hér framleiðni og minnka yfirvinnu sem sé mun meiri hér á landi en í nágrannalöndunum.

„Til samans hefðu þessar leiðir leitt til rúmlega 20 prósenta hækkunar dagvinnulauna á samningstímanum,“ segir í bréfi Björgólfs.

Á sama tíma segir hann að átt hafi sér stað viðræður um aðkomu ríkisstjórnarinnar að gerð nýrra samninga þar sem framlag stjórnvalda yrði meðal annars að ráðast í skattkerfisbreytingar sem myndu tryggja aukinn kaupmátt ráðstöfunartekna launafólks. „Að því gefnu að launabreytingar yrðu innan skynsamlegra marka.“

Þá standi til að gera jákvæðar breytingar á húsnæðiskerfinu til að auðvelda fólki með lágar tekjur að eignast eigið húsnæði eða leigja.

„Verkalýðshreyfingin hefur til þessa hafnað því að semja á þessum nótum og heldur fast í kröfur um tugprósenta hækkanir á skömmum tíma sem munu hafa slæmar afleiðingar í formi aukinnar verðbólgu, hærri vaxta, fækkunar starfa og stöðnunar í efnahagslífinu,“ segir Björgólfur í bréfinu og kveðst vonast til að snúa megi við þróun mála. „Því það stefnir í óefni ef ekki verður almenn viðhorfsbreyting.“ Hann hvetur atvinnurekendur til að „ræða stöðu mála“ við starfsfólk sitt og hvaða áhrif leið verkalýðshreyfingarinnar hafi. olikr@frettabladid.is



**Í HÖRPU** Ársfundur SA var haldinn um miðjan apríl. Hér má sjá Björgólf Jóhannsson formann, en með honum við borðið má sjá (f.h.) Sigmund Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra og Göran Persson, fyrrverandi forsætisráðherra Svía. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Til samans hefðu þessar leiðir leitt til rúmlega 20 prósenta hækkunar dagvinnulauna á samningstímanum.**
>
> *Björgólfur Jóhannsson formaður Samtaka atvinnulífsins (SA).*

Níundi áratugurinn genginn aftur með köldu vori og átökum á vinnumarkaði:

# Nota hærri skatta til kælingar

Langt í frá er að ráðamenn ríkisstjórnarinnar sitji hjá og bíði og voni í yfirstandandi kjaraviðræðum, sagði Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra í óundirbúnum fyrirspurnatíma á Alþingi í gær. Hann hefði síðast í gær átt í viðræðum um mögulega aðkomu ríkisins að lausn kjaradeilna og ríkisstjórnin hefði verið tilbúin að ræða ýmsar hliðar slíkra lausna.

Bjarni brást þarna við fyrirspurn Katrínar Júlíusdóttur, þingmanns Samfylkingarinnar, sem benti á að ljósmæður og fleiri hópar væru í fimmtu viku verkfalls og að ekki væri að sjá nokkra viðleitni af hálfu ríkisins til að laga þá stöðu sem upp væri komin.

Staðan á vinnumarkaði var rædd í tvígang því undir lok dags fór líka fram umræða um hana sérstök að beiðni Katrínar Júlíusdóttur, formanns Vinstri grænna, en þá varð Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra til svara.

Katrín vísaði til stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um að vinna ætti að víðtækri sátt við aðila vinnumarkaðarins um þróun vinnumarkaðar og uppbyggingu til framtíðar. „En staðan nú er sú að menn ræða hér um að níundi áratugurinn sé kominn aftur með tilheyrandi köldu vori og átökum á vinnumarkaði,“ sagði hún.



**KATRÍN JAKOBSDÓTTIR**

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra benti á að hér væri hagvöxtur mikill og verðmætasköpun aukin. Óróleiki á vinnumarkaði ætti uppruna sinn annars staðar.

„Það má ekki gleyma því að það er hlutverk vinnuveitenda og launþega að semja,“ sagði Sigmundur, en yrðu samningar hóflegir, þá gæti ríkisstjórnin lagt eitthvað það til mála sem yrði til að auka enn á ráðstöfunartekjur fólks. „En ríkisstjórnin mun ekki kasta spreki á verðbólgubál.“ Ríkisstjórnin myndi fremur kæla verðbólgusamninga með skattahækkunum og vitað væri að í slíkri stöðu myndi Seðlabankinn líka grípa inn í með hækkun vaxta. - óká



**BJARNI BENEDIKTSSON** **SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON**



# VOLVO XC60 EXECUTIVE
# NÝ GLÆSILEG ÚTFÆRSLA

Upplifðu skandinavískan lúxus

AFLMIKILL OG SPARNEYTINN
FRAMÚRSKARANDI AKSTURSEIGINLEIKAR
FÁGAÐ ÚTLIT

VOLVO **XC60 EXECUTIVE AWD**
FRÁ 8.938.000 KR.

KOMDU OG SKOÐAÐU NÝJAN
VOLVO XC60 EXECUTIVE

Volvo XC60 Executive kemur á 18“ Zephyrus álfelgum og er búinn leðurklæddum sportsætum. Ökumannssætið er rafdrifið með minni. Í innra rýminu er jafnframt TFT digital mælaborð. Framrúðan er upphitanleg og aðgengið er lyklalaust. Volvo XC60 AWD er búinn sparneytinni og aflmikilli D4 dísilvél með sjálfskiptingu sem skilar 181 hestafli og 420 Nm togi. Veghæð Volvo XC60 er 23,5 cm undir lægsta punkt. Hann er ríkulega búinn staðalbúnaði eins og vélarhitara, Xenon gasljósum með beygjustýringu, tölvustýrðri loftkælingu með hitastýringu (ECC), lofthreinsikerfi og Volvo High Performance hljómtækjum. Bíllinn er búinn fyrsta flokks öryggisbúnaði en þar má nefna margverðlaunaða öryggiskerfið Borgaröryggi. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri er 6,4 l/100 km og $CO_2$ losun er 169 g/km. Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

www.volvo.is
Opið virka daga kl. 9-17
Laugardaga kl. 12-16

## SPURNING DAGSINS



Dóra Guðrún, eru allar rásir uppteknar hjá foreldrum?

**„Það skiptir allavega máli að vera innan þjónustusvæðis.“**

Dóra Guðrún Guðmundsdóttir vinnur að doktorsverkefni um samskipti foreldra og barna. Mikilvægt er að leggja frá sér síma eða tölvu og vera heils hugar til staðar fyrir börnin. Gæði tíma með börnum skipta meira máli en fjöldi tíma.

Tugir ísraelskra hermanna skýra frá raunveruleika árásanna á Gasasvæðið síðastliðið sumar:

# Var sagt að skjóta hiklaust á allt kvikt

**ÍSRAEL** „Við tökum enga áhættu, við spörum ekki skotfærin,“ voru fyrirmælin sem ísraelskir hermenn fengu frá yfirmanni sínum þegar þeir héldu inn á Gasasvæðið.

Þeir segja að þeim hafi verið innprentað að allt fólk inni á Gasasvæðinu sé ógn við ísraelska hermenn: „Það þarf að hreinsa svæðið, tæma það af fólki, og ef við sjáum engan veifa hvítum fána, hrópa: „Ég gefst upp“ eða eitthvað, þá er hann ógn og heimilt að hefja skothríð.“

Til útskýringar var þeim sagt: „Þarna er ekki til fólk sem ekki er viðriðið neitt.“

Þetta kemur fram í nýrri skýrslu, þar sem meira en 60 ísraelskir hermenn tjá sig opinskátt um atburðina á Gasa síðastliðið sumar þegar ísraelski herinn réðst þar inn með loftárásum og landhernaði.

Skýrsluna birta samtök fyrrverandi ísraelskra hermanna, sem nefnast Þögnin rofin, eða Shovrim Shtika, og hafa í meira en áratug unnið að því að upplýsa heiminn um raunveruleikann á bak við hernaðaraðgerðir Ísraela á herteknu svæðunum.

Allt þetta stangast mjög á við yfirlýsingar ísraelskra stjórnvalda, sem jafnan segja her sinn fylgja í hernaði siðareglum sem séu strangari en alþjóðlegir mannúðarsamningar kveða á um. - gb



**ÍBÚAR Á GASA** Flýja undan árásum Ísraela síðastliðið sumar. NORDICPHOTOS/AFP




**RÁÐHERRA KOM Í HEIMSÓKN** „Við þurfum heimili“ stendur á spjaldinu, sem haldið var á lofti við Calais til þess að innanríkisráðherra Frakka sæi. NORDICPHOTOS/AFP

Ráðherra heimsótti flóttafólk við Calais í Frakklandi:

## Hvatti fólk til að sækja um hæli

**FRAKKLAND Bernard Cazeneuve, innanríkisráðherra Frakklands, hélt í gær í heimsókn til Calais þar sem hann skoðaði búðir flóttamanna. Flóttafólkið hefur komið sér þarna fyrir í von um að komast í gegnum göngin til Bretlands, þar sem það telur meiri líkur á að fá hæli.**

**Í síðustu viku girtu frönsk stjórnvöld flóttamannabúðirnar af til þess að torvelda fólkinu að komast að göngunum undir Ermarsund. Mannréttindasamtök hafa harðlega gagnrýnt þá framkvæmd, og segja frönsk stjórnvöld viljandi vera að búa til fátækrahverfi þarna.**

**Hann hvatti fólkið til þess að sækja um hæli í Frakklandi, frekar en að reyna að komast ólöglega yfir til Bretlands.** - gb

Vilja minnka þvinganir:

## Geðsjúkdómar skoðaðir betur

**DANMÖRK** Dönsk stjórnvöld veita 75 milljónir danskra króna til rannsókna á geðsjúkdómum. Vonast er til að með því verði meðal annars hægt að ná markmiðinu um að hafa árið 2020 fækkað um helming þeim tilfellum þegar sjúklingar eru spenntir fastir gegn vilja sínum.

Danska ríkisstjórnin segir að rannsóknir á geðsjúkdómum hafi ekki verið jafn miklar og rannsóknir á líkamlegum sjúkdómum. Því eigi að breyta. - ibs

OECD um sænska skóla:

## Svíar þurfa betri kennara

**SVÍÞJÓÐ** Sænskir skólar þurfa betri kennara og störf þeirra þurfa að vera betur metin. Miðstýra þarf kennaranáminu og gera þarf meiri kröfur til kennaranema. Gjáin milli skóla og sveitarfélaga þarf að minnka.

Þetta eru nokkrar af ályktunum sem Efnahags- og framfarastofnunin, OECD, dró eftir að hafa gert úttekt á sænska skólakerfinu. Beðið var um úttektina vegna lélegrar útkomu sænskra skóla í síðustu PISA-könnun. - ibs


AUSTURHÖFN

REITIR 1 og 2

Opinn kynningarfundur fyrir hagsmunaaðila vegna fyrirhugaðra framkvæmda við reiti 1 og 2 við Austurbakka verður haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur miðvikudaginn 6. maí, kl. 12.00–13.00.

**Landstólpar þróunarfélag**


# Reynt að gleðja alla en enginn ánægður

Frumvarp um makríl hefur vakið deilur innan þings sem utan. Reynt að fara bil beggja en enginn virðist vera ánægður. Óvíst um stuðning við frumvarpið á þingi. Um 30 þúsund manns hafa skrifað undir kröfu um þjóðaratkvæðagreiðslu.



Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is

**STJÓRNMÁL** Svo virðist sem Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, hafi reynt að sætta öll sjónarmið þegar kemur að ákvörðun um kvótasetningu á makríl. Og eins og oft vill verða þegar það er reynt er enginn ánægður, en margir fúlir.

Frumvarp ráðherra til laga um stjórn veiða á Norðaustur-Atlantshafsmakríl hefur vakið hörð viðbrögð.

Samkvæmt frumvarpinu fá útgerðir úthlutað kvóta til makrílveiða til sex ára og framlengist gildistími aflaheimildanna sjálfkrafa um eitt ár um hver áramót hafi lögunum ekki verið breytt.

Þetta er með öðrum orðum tímabundinn nýtingarréttur, en þó til sex ára. Auk almenns veiðigjalds verður sett viðbótarveiðigjald á makríl sem verður tíu krónur á hvert veitt kíló. Það gæti skilað ríkissjóði 1,5 milljörðum króna á hverju ári, en reiknað er með að veiðigjald í heild sinni skili ríkissjóði 10,9 milljörðum króna á næsta ári.

Umræða um fiskveiðistjórnun snýst um tvennt; annars vegar hvernig á að tryggja sjálfbæra nýtingu stofnanna og hins vegar það sem lýtur að eignarhaldi á auðlindinni og tekjum af nýtingu hennar.

Það sama er uppi á teningnum hvað varðar makrílinn. Það deilir enginn um að það þarf að stýra veiðunum. Menn geta haft þá skoðun að einhver leið sé réttari til þess en önnur, en lög um fiskveiðistjórnun gera ráð fyrir kvótakerfi.

Deilurnar nú snúast hins vegar um það hvernig úthluta skuli veiðiheimildunum og til hve langs tíma, þó vissulega sé sú skoðun einnig uppi að falla eigi frá kvótakerfinu.

Til að skýra deiluna má setja upp tvo andstæða póla innan kvótakerfisins. Annars vegar að aflaheimildir séu boðnar upp til eins árs í senn og það muni skila ríkinu umtalsverðum tekjum. Hins vegar að um makrílinn gildi sömu reglur og þegar kvótakerfinu var komið á, að aflaheimildum verði útdeilt til fyrirtækja eftir veiðireynslu.

Sigurður Ingi hefur með frumvarpi sínu reynt að fara bil beggja. Makríllinn fer ekki inn í stóra kvótakerfið, en er þó úthlutað til sex ára í senn. Með þessu hyggst hann koma til móts við þau sjónarmið að lengri nýtingartíma þurfi en eitt ár, sérstaklega þegar horft er til fjárfestinga og nýliðunar, og hins vegar að ekki verði úthlutað ótímabundið.

Raunin er sú að allir eru óánægðir og óvíst er hvort tekst að koma frumvarpinu í gegnum þingið. Náist það þó bíður sú ákvörðun Ólafs Ragnars Grímssonar forseta hvort staðfesta eigi lögin, eða vísa í þjóðaratkvæðagreiðslu eins og um 30 þúsund manns hafa nú þegar krafist með undirskrift sinni.



**MAKRÍLVINNSLA** Frumvarp sjávarútvegsráðherra um kvóta á makríl er nú til meðferðar hjá atvinnuveganefnd Alþingis.

### Álit umboðsmanns býsna skýrt



Sigurður Ingi Jóhannsson sjávarútvegsráðherra hefur vísað til álits umboðsmanns Alþingis í rökstuðningi fyrir frumvarpi sínu. Einhverjir hafa kallað eftir því að makrílkvótinn verði ekki kvótasettur. Árið 2014 gaf umboðsmaður út álit um þá tilhögun síðustu ríkisstjórnar að setja ekki kvóta á makrílinn, heldur veita aflahlutdeildirnar í raun utan kvótakerfisins. Álit umboðsmanns er býsna skýrt:

„Af framangreindu leiddi að sú ákvörðun stjórnvalda að hlutdeildarsetja ekki makrílstofninn frá þeim tíma hefði ekki verið í samræmi við lög.“

Nýskráning fólksbíla jókst til muna í síðasta mánuði miðað við apríl í fyrra:

# Nærri tvöfalt meiri sala á bílum

**BÍLAR** Nýskráningum fólksbíla í apríl fjölgaði um 90,8 prósent miðað við sama mánuð í fyrra.

Þetta árið voru 1.305 fólksbílar nýskráðir í apríl en fyrir ári voru þeir 684.

Þannig nemur fjölgunin 621 bíl. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu sem Bílgreinasambandið sendi frá sér í gær.

Rúmlega helmingur allra nýskráninga fólksbíla í apríl síðastliðnum voru bílaleigubílar. Þeir voru 59 prósent nýskráninga í mánuðinum eða 777 stykki.

„Bílaleigubílar eru stór hluti af heildarnýskráningum fólksbíla á vormánuðum og vega þeir hátt í heildinni. Hins vegar hefur bílasala tekið vel við sér það sem af er árinu og er það von okkar að sú þróun haldi áfram,“ er haft eftir Özuri Lárussyni, framkvæmdastjóra Bílgreinasambandsins, í fréttatilkynningunni.

„Meðalaldur fólksbíla hér á landi er með því hæsta sem þekkist, eða 12,7 ár, og því nauðsynlegt að endurnýja flotann svo við fáum notið þess besta í bílum er snýr að umferðaröryggi og eyðslu,“ er enn fremur haft eftir Özuri. - þea




**NÝSKRÁNINGUM FJÖLGAR** Bílgreinasambandið vonast eftir áframhaldandi aukningu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


#minnbátur
#mittlíf
Hver er
þinn
bátur?
VIÐ DRÖGUM ÚR LEIKNUM Á MORGUN.
ERTU EKKI ÖRUGGLEGA BÚIN/N AÐ TAKA ÞÁTT?
Eina sem þú þarft að gera er að fara inn á www.subway.is/fimleikasamband
segja okkur hver sé þinn uppáhalds bátur
og skrá þig til leiks.
Þú gætir unnið iPhone 6
eða Samsung Galaxy S6
SUBWAY
STOLTUR STYRKTARAÐILI FIMLEIKASAMBANDS ÍSLANDS

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvað er Hjálpræðisherinn á Íslandi gamall?
**2.** Hver kennir norræn fræði kauplaust í Búlgaríu?
**3.** Hvað reykti stórt hlutfall 20-29 ára kvenna á Íslandi 2013?

**SVÖR:**
**1.** 120 ára. **2.** Ægir Sverrisson. **3.** 10,2 prósent.



**Á LYGNUM SJÓ** Fyrirtækið Sæferðir rekur Baldur og Særúnu.

Eimskip siglir á Breiðafjörð:

## Eimskip kaupir ferjuna Baldur

**VIÐSKIPTI** Eimskip hefur gengið frá kaupum á öllu hlutafé fyrirtækisins Sæferða, sem rekur skipin Baldur og Særúnu á Breiðafirði.

Eimskip hefur á undanförnum árum rekið ferjuna Herjólf á tímabundnum samningi fyrir Vegagerðina sem þjónar samgöngum og ferðaþjónustu milli lands og Vestmannaeyja.

Kaupin á Sæferðum eru háð samþykki Samkeppniseftirlitsins og eru gerð með þeim fyrirvara að þau verði samþykkt. **- jhh**

# Hreiðar Már segir allt rangt í ákærunni á hendur honum

Hreiðar Már Sigurðsson, fyrrverandi forstjóri Kaupþings, hélt innblásna ræðu við upphaf skýrslugjafar í héraðsdómi í gær. Sagðist aldrei hafa veitt lán úr Kaupþingi og ekki geta borið ábyrgð á misferli starfsmanna.

**DÓMSMÁL** Hreiðar Már Sigurðsson, fyrrverandi bankastjóri Kaupþings, gaf skýrslu í gær fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur í umfangsmiklu markaðsmisnotkunarmáli sem sérstakur saksóknari höfðaði á hendur honum og átta öðrum.

Hreiðar Már, sem situr í fangelsi fyrir aðild sína að Al-Thani-málinu svokallaða, mætti í dóminn í fylgd fangavarða en hann afplánar nú fimm og hálfs árs langan dóm á Kvíabryggju vegna málsins.

Við upphaf skýrslugjafar sinnar flutti Hreiðar langa ræðu þar sem honum gafst kostur á að lýsa afstöðu sinni til sakarefnisins. Meðal annars gerði hann athugasemdir við að hafa ekki fengið að ferðast daglega frá Kvíabryggju í réttarhöldin, en honum var gert að dveljast í fangelsinu við Skólavörðustíg í þær fimm vikur sem réttarhöldin standa vilji hann vera viðstaddur.

Sagði Hreiðar skorti á fjármunum og tækjum hafa verið borið við. „Raunar höfum við boðið ríkinu að standa straum af aksturskostnaðinum með því að leggja fram bíl og bílstjóra ef það gæti orðið til að koma þessu til leiðar.“

Hreiðar gerði athugasemdir við það sem hann kallaði tvískinnung við uppgjörið á efnahagshruninu þar sem allt kapp væri lagt á að koma sökinni yfir á stjórnendur og starfsmenn viðskiptabankanna, á sama tíma og engum af stjórnendum Seðlabanka Íslands, Íbúðalánasjóðs eða Fjármálaeftirlitsins hefði verið gefin staða sakbornings við rannsókn mála. „Sem sagt við eigum að trúa því að allt óheiðarlega fólkið hafi unnið hjá einkabönkum en allt heiðarlega fólkið hjá ríkinu. Þvílík hræsni.“

> **Ég treysti mér því miður ekki til að vera læstur í gæsluvarðhaldsklefa á Skólavörðustíg í fimm vikur […] Raunar tel ég þá málsmeðferð ekki í samræmi við ákvæði mannréttindasáttmála Evrópu.**
>
> *Hreiðar Már Sigurðsson, fyrrverandi forstjóri Kaupþings.*

Hreiðar fór yfir störf sín og skyldur hjá bankanum, sem eðli málsins samkvæmt voru víðfeðm. Hann sagðist ekki hafa getað vitað hvort starfsmenn hans hefðu farið út fyrir samþykkta vinnuferla sem þeir áttu að vinna eftir.

Ennfremur fór hann yfir rannsóknir sérstaks saksóknara og meðferð mála hans hjá héraðsdómi og Hæstarétti sem hann sagði hafa valdið sér vonbrigðum.

Um ákæru á hendur sér í þessu máli sagði Hreiðar hana vera ranga. Hann hefði aldrei í störfum sínum veitt lán sem forstjóri Kaupþings. Hann hefði ekki gefið fyrirmæli um lánveitingar utan lánanefnda eða að ferla um lánveitingar skyldi ekki gætt.



**MEINT MARKAÐSMISNOTKUN** Hreiðari Má Sigurðssyni, fyrrverandi forstjóra Kaupþings, var heitt í hamsi þegar hann svaraði spurningum ákæruvaldsins í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Eftir ræðu Hreiðars hófst skýrslutaka yfir honum. Björn Þorvaldsson saksóknari spurði hann út í ákæruatriðin, en honum er gefið að sök að hafa haldið uppi markaðsvirði bankans með því að kaupa mikið magn af hlutabréfum í bankanum. Hreiðar ítrekaði að hann hefði ekki kynnt sér þær tölur sem undir hann voru bornar en það voru tölvupóstar frá eigin viðskiptadeild bankans sem voru sendir nánast upp á dag frá febrúar 2008 þar til bankinn féll í október sama ár, þar sem yfirlit yfir viðskipti hvers dags, hlutfall viðskipta með eigin bréf í heildarviðskiptum og markaðsvirði þeirra kom fram.

Skýrslutökunni af Hreiðari lauk klukkan 16.40 í gær, í dag munu Sigurður Einarsson, einnig fyrrverandi forstjóri bankans, og Magnús Guðmundsson, forstjóri Kaupþings í Lúxemborg, gefa sínar skýrslur. **fanney@frettabladid.is**


GERÐU VINNUNA
AUÐVELDARI



Citroën Nemo
2.550.000 kr. m. VSK
2.056.452 kr. án VSK

Citroën Berlingo
2.950.000 kr. m. VSK
2.379.032 kr. án VSK

Citroën Jumpy
3.890.000 kr. m. VSK
3.137.097 kr. án VSK
NÝR Á ÍSLANDI
KYNNTU ÞÉR FRÁBÆRA VIÐBÓT VIÐ STERKA SENDIBÍLALÍNU CITROËN.

CITROËN SENDIBÍLAR.
HAGKVÆMIR, ÁREIÐANLEGIR OG Á GÓÐU VERÐI.

CRÉATIVE TECHNOLOGIE

15 ára afmæli Citroën hjá Brimborg

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg er stærst í sölu atvinnubíla á Íslandi.
Veldu traust umboð með einstöku þjónustuframboði fyrir bíla- og tækjaflota.

Skoðaðu citroen.is

Nýir og notaðir bílar: Söludeild er opin alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

CITROËN

Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

EIN STÆRSTA LAGERSALA FYRR OG SÍÐAR Á ÍSLANDI

# RISA LAGERSALA

BÍLDSHÖFÐA 9

OPNUNARTÍMI: LAU. 11⁰⁰–17⁰⁰

SUN. 13⁰⁰–17⁰⁰ & MÁN.–FÖS. 12⁰⁰–18⁰⁰

# 25-70% AFSLÁTTUR

VERÐDÆMI | VERÐDÆMI | VERÐDÆMI | VERÐDÆMI | VERÐDÆMI

**STANFORD**
svefnsófi með tungu



AFSLÁTTUR **80.000** KRÓNUR!

Slitsterkt dökkgrátt áklæði.
Stærð: 244,0 x 165,0 x H: 86,0 cm.
Fullt verð: 179.990. LAGERSÖLUVERÐ: 99.990

**C&J PLATINIUM**
heilsurúm



AFSLÁTTUR **46.000** KRÓNUR!

Fullt verð 114.900
LAGERSÖLUVERÐ: 68.900

140 x 200 cm
með Classic
botni og löppum



L A Z B O Y®

STANLEY La-z-boy stóll.
Brúnt leður. Stærð: B:80
D:85 H:105 cm.

AFSLÁTTUR **53.997** KRÓNUR!

AFSLÁTTUR **30%**

Fullt verð: 179.990
LAGERSÖLUVERÐ: 125.993

**SERTA REYNIR**
heilsurúm



AFSLÁTTUR **53.000** KRÓNUR!

Fullt verð 152.900
LAGERSÖLUVERÐ: 99.900

160 x 200 cm
með Classic
botni og löppum

AÐEINS Í NOKKRA DAGA!

Betra BAK
Leggur grunn að góðum degi

DORMA
Láttu drauminn rætast

HÚSGAGNAHÖLLIN
– fyrir lifandi heimili –

FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR

# Allsherjar-atkvæðagreiðsla um verkfallsboðun VR

Ákveðið hefur verið að viðhafa rafræna allsherjar-atkvæðagreiðslu um verkfallsboðun félagsmanna VR.

**Atkvæðagreiðslan fer fram dagana 12. til 19. maí.**

Allir kosningabærir félagsmenn fá send kjörgögn í pósti á næstu dögum. Nánari upplýsingar verða birtar á www.vr.is.

5. maí 2015.

**Kjörstjórn VR.**

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | SÍMI 510 1700 | WWW.VR.IS

Virðing Réttlæti

VR



SAFT

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**




**BANDARÍKJAHER** Bæði makar hermanna og íbúar í grennd við herstöðvar eru í verulegri hættu á að verða fyrir kynferðisofbeldi af hálfu hermanna. NORDICPHOTOS/AFP

Yfirstjórn Bandaríkjahers sökuð um vanmat:

# Tregða til að upplýsa um kynferðisbrot

**BANDARÍKIN** Yfirstjórn Bandaríkjahers er sökuð um að reyna að gera sem minnst úr kynferðisbrotum, sem framin eru innan hersins. Fórnarlömb eigi erfitt með að ná fram rétti sínum.

Þetta segir öldungadeildarþingkonan Kirsten Gillibrand í nýrri skýrslu. Hún segir að yfirstjórn hersins hafi neitað henni um upplýsingar við vinnslu skýrslunnar. Bandaríska fréttastofan AP skýrði frá þessu.

Gillibrand segist þó hafa fengið upplýsingar, sem sýni að konur almennt, bæði makar hermanna og óbreyttir borgarar sem búa eða starfa í grennd við bandarískar herstöðvar víða um heim, séu í verulegri hættu á að verða fyrir kynferðisofbeldi. Um það komi samt ekkert fram í opinberum skýrslum varnarmálaráðuneytisins.

Gillibrand fékk ýtarlegar upplýsingar um 107 dæmi um kynferðisbrot. Hún segir að einungis innan við fjórðungur þeirra hafi komið til kasta dómstóla og aðeins ellefu hafi leitt til sakfellingar.

- gb





siminn.is

Þú greiðir sama gjald í Bandaríkjunum og Evrópu

Með Ferðapakka Símans er miklu ódýrara að nota símann þegar þú ert í útlöndum. Farðu til Bandaríkjanna eða Evrópu* og þú borgar alls staðar sama gjaldið. Þú getur nýtt þér Ferðapakkann hvort sem þú ert í áskrift eða Frelsi.

**Sendu SMS-ið „ferdapakki“ í 1900 og stökktu af stað**

Ferðapakki

| | |
|---|---|
| 490 kr. | Daggjald í Evrópu |
| 490 kr. | Daggjald í Bandaríkjunum |
| 5 kr. mín. | Hringd símtöl |
| 0 kr. | Móttekin símtöl |
| 0 kr. | SMS |
| 25 kr. MB | Gagnamagn |

*Ferðapakkinn gildir innan EES

# VORVERKIN KALLA
## – vertu klár

**MÚRBÚÐARVERÐ**



**Furukrossviður**
9-12-15-18 mm þykkur
Gæðavara. Gott verð



Drive léttivagn
150 kg
**5.790**



Protool veltisög
250mm, 1800W,
borð 47x51 cm
**48.990**



**Frábært verð á stál- og plastþakrennum.**
Sjá verðlista á
www.murbudin.is



Öflugar hjólbörur
90 lítra
**8.590**

MARGAR GERÐIR AF HJÓLBÖRUM



Járnbúkkar sett = 2 stykki
**4.690**



**Lavor háþrýstidæla STM 160**

Made by Lavor

- 160 bar Max
- 8,5 lítrar/mín.
- 2500W
- Pallabursti
- 8 metra slanga
- Turbo stútur
- Slanga fyrir stíflulosun
- Þvottabursti

**27.990**



Rakaþolplast 0,2x4x25m
**11.990**



Protool fjölnota verkfæri 220W með 37 fylgihluti í tösku
**11.990**



Drive160 L steypurhrærivél
**39.510**





Protool kúttari
GW8012, 1900W
254mm blað
**28.990**



Flúðamold 20 l
**590**



Bíla & gluggaþvottakústur, gegn um rennandi 116>180cm, hraðtengi með lokun
**2.660**



WZ-9006
Greinaklippur
**895**



Mako sterkir ruslapokar
120 lítrar 10stk
**390**



RLA-05
Áltrappa 5 þrep, tvöföld
**6.610**
6 þrepa **7.800**
7 þrepa **9.580**



TIALS012A
Greinaklippur
**1.795**



Strákústur
30cm breiður
**795**

LLA-112
Álstigi 12 þrep 3,38 m
**7.900**

MARGAR STÆRÐIR OG MIKIÐ ÚRVAL AF STIGUM

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGAVÖRUM

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18 |

**MÚRBÚÐIN**
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

**Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!**

Deilt um 300 þúsund króna lágmarkslaun:

# Vinnusemi og verkfallsréttur

Eitt helsta stolt Íslendinga hefur löngum verið vinnusemi. Öll þekkjum við sögur af löndum okkar sem hafa lagt land undir fót til frænda okkar á Norðurlöndum þar sem viðkomandi hafa þótt með eindæmum duglegt og vinnusamt fólk. Eftirsóknarvert fólk fyrir vinnuveitendur sem sjá hag sínum vel borgið með því að hafa Íslendinga í vinnu.

Ástæðan fyrir þessari vinnusemi Íslendinga hefur oft verið rakin til þess að við ölumst upp við það að vinna meira en til að mynda okkar ágætu grannþjóðir. Þannig er okkur innrætt vinnusemi frá unga aldri og svo vinnum við eins og óðar skepnur alla daga eins og okkur var kennt.



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

En þannig á þetta ekki að vera og þannig þarf þetta ekki að vera. Við eigum nefnilega að öll að geta átt okkur mannsæmandi líf utan vinnunnar. Vinnusemin er góð en hún á helst bara að ná yfir átta stunda vinnudag og fyrir það eigum við að uppskera viðunandi laun til þess að geta dregið fram lífið sómasamlega. Þannig er það því miður ekki í dag. Langt frá því og þess vegna er nú svo komið að gripið hefur verið til verkfalla. Verkföll eru nefnilega neyðarúrræði þeirra sem hafa ekkert að selja annað en vinnu sína, þekkingu og færni. Og verkföll eru líka sjálfsagður réttur þeirra sem vilja ekki selja langt undir eðlilegu söluandvirði.

Fjöldi Íslendinga býr við þau afarkjör að vera með lágmarkslaun langt undir þeirri sjálfsögðu 300.000 króna kröfu sem nú er barist fyrir á vinnumarkaði. Níu af hverjum tíu Íslendingum taka undir þessa sjálfsögðu kröfu samkvæmt könnun á vegum Gallup í liðinni viku. Einfaldlega vegna þess að þetta sama fólk gerir sér grein fyrir því að það er ekki hægt að lifa mannsæmandi lífi fyrir minna. Í sömu könnun var reyndar einnig spurt að því hver lágmarkslaun ættu að vera og var niðurstaðan 329 þúsund krónur.

Það er hætt við því að forsvarsmenn atvinnulífsins hafi þurft að anda í bréfpoka í dágóða stund við að heyra af svo svimandi upphæð. Ekki síst í ljósi þess að þar með væri efalítið margumtalaður stöðugleiki fokinn út í veður og vind. Stöðugleikanum er nefnilega viðhaldið með afarkjörum þeirra sem minnst bera úr býtum í samfélaginu. Þeirra sem þurfa annaðhvort að vinna eins og enginn sé morgundagurinn ef þeir ætla að komast af í íslensku samfélagi eða fara og fá sér vinnu annars staðar. Eins og til að mynda á Norðurlöndunum þar sem vinnusemi þeirra og dugnaður er metinn að verðleikum.

En við skulum vona að það komi ekki til þess. Við skulum frekar vona að þeir sem valdið hafa sjái að það er ekkert líf að vinna fyrir minna en 300 þúsund á mánuði. Þá getur hin vinnusama láglaunastétt Íslands hætt við að fara í verkfall og haldið áfram að viðhalda stöðugleikanum. Og þá geta íslenskir atvinnurekendur glaðst yfir því að hafa allt þetta duglega verkafólk í vinnu. Verkafólk sem kollegar þeirra á Norðurlöndunum horfa til með öfundaraugum.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@365.is,* Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is,* Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Bandbrjáluð**

Það var nokkuð spennuþrungið andrúmsloft á Alþingi í gær. Ekki bara í einum umræðum heldur fleiri. Katrín Júlíusdóttir, varaformaður Samfylkingarinnar, sagðist í umræðum um stöðu kjaradeilna hafa áhyggjur af þeim málflutningi sem „sýknt og heilagt“ komi upp hjá ríkisstjórninni og forystumönnum hennar um að það séu alltaf þeir sem lægstu tekjurnar hafa og lægri millitekjurnar sem þurfi að axla ábyrgð á því að halda verðbólgu í skefjum, þegar menn geri alls ekki slíkar kröfur til þeirra sem hæstar hafi tekjurnar. „Þessir tónar heyrast ekki þegar laun þeirra eru hækkuð,“ sagði Katrín.



**Bandbrjálaðri**

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra var til andsvara og var hreinlega bandbrjálaður. Hann gagnrýndi Katrínu fyrir að hafa í læknadeilunni krafist þess að samið yrði við lækna um tugi prósenta í launahækkanir, þar á meðal sérfræðilækna sem hafi meðaltekjur upp á 1.350 þúsund krónur á mánuði. „Ég vísa því algjörlega til föðurhúsanna að ríkisstjórnin leggist gegn því að lægstu laun hækki. Við ætlum að halda áfram á þeirri braut sem var mörkuð í fyrra, þannig að kaupmáttur lægst launaða fólksins vaxi hraðast. Það var það sem gerðist í fyrra og við eigum að halda áfram á þeirri braut.“



**Bandbrjálaðastur**

Guðlaugur Þór Þórðarson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og flokksbróðir Bjarna, var jafn brjálaður síðar í sérstakri umræðu um stöðuna á vinnumarkaði. Guðlaugur Þór gagnrýndi stjórnarandstöðuna fyrir að vera popúlistar, „þeir klikka aldrei“ á því sagði Guðlaugur. „Þeir komu hér, virðulegi forseti, og heimtuðu launahækkanir fyrir lækna – þeir heimtuðu það,“ bætti hann við, meira öskrandi en talandi og barði ítrekað í borðið. Hann sagði orðum fylgja ábyrgð og það einnig hjá stjórnarandstöðunni.

Það er ljóst að kjaradeilan er farin að koma illa við þingið – bæði minni- og meirihlutann.

fanney@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Útlitið skiptir miklu máli

SKIPULAG



Björn B. Björnsson
áhugamaður um skipulagsmál

Nýlega undirritaði borgarstjórinn í Reykjavík samninga við bandarískt fasteignafélag um byggingu hótels við Hörpu.

Athygli vekur að samningar eru undirritaðir án þess að fyrir liggi hvernig hótelið muni líta út. Samkvæmt fréttum er hönnun bygginganna í höndum arkitektastofu í Ameríku, sem er að flýta sér að teikna svo hægt verði að hefja framkvæmdir sem fyrst.

Hér þarf að staldra við. Augljóst er að útlit þessara bygginga verður einkennandi fyrir miðborg Reykjavíkur og því skiptir það okkur öll miklu máli. Ekki síður samspil húsanna við umhverfi sitt, Hörpu, höfnina, Arnarhól og önnur hús sem rísa í nágrenninu á næstu árum.

Fáum dögum eftir að greint var frá hótelbyggingunni, tilkynnti borgin um nýbyggingar á Austurhafnarsvæðinu svonefnda, á bílastæðunum austan Tollhússins, á móti Bæjarins bestu. Þar á að reisa 21.400 fermetra verslunar-, þjónustu- og íbúðarhúsnæði.

Hér gefur borgin enn leyfi fyrir stórbyggingum í miðborginni án þess að hafa hugmynd um útlit húsanna sem þar munu rísa. Aðeins byggingarmagn og hæð húsa eru tiltekin í skilmálum.

Allar þessar byggingar munu ráða miklu um útlit miðborgar Reykjavíkur um

**➜ Það eru hins vegar beinir og brýnir hagsmunir Reykvíkinga að byggingar sem munu móta svo mjög umhverfi þeirra og ímynd séu í fremstu röð.**

hundruð ára og því er illt að útlit þeirra sé alfarið í höndum aðila sem ekki hafa fyrst og fremst hagsmuni af því að útlit þeirra sé framúrskarandi.

Þetta eru dýrar lóðir og skiljanlegt að framkvæmdaaðilar vilji halda hönnunarkostnaði í lágmarki. Það eru hins vegar beinir og brýnir hagsmunir Reykvíkinga að byggingar sem munu móta svo mjög umhverfi þeirra og ímynd séu í fremstu röð.

Alþjóðleg samkeppni arkitekta er ein leið til að ná þessu markmiði. Þó kostnaður af slíku sé nokkur, er hann lítill þegar horft er á byggingarkostnað þessara mannvirkja - og hverfandi ef horft er til lengri tíma.

Við eigum að hafa metnað til að gera Reykjavík að borg þar sem vönduð og spennandi hönnun er í fyrirrúmi. Fulltrúar okkar í borgarstjórn eru meðal annars kjörnir til að standa vörð um þann metnað.

Hvort þau valda því hlutverki verður auðséð næstu aldirnar.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **PRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Að leita sannleikans

DÓMSMÁL



**Arndís Björnsdóttir**
hönnuður sem starfar og býr í Englandi

„Sannleikurinn er einn en lygin hefur mörg höfuð.“ Þessi tilvitnun í orð Basileios koma upp í hugann þegar ég hugsa um dóm Hæstaréttar í svokölluðu Al Thani-máli.

Í réttarríki gerum við þá kröfu til allra að þeir virði sannleikann. Helgasta skylda rannsakanda í sakamáli er að leita sannleikans. Honum ber að skoða öll gögn málsins, bæði þau sem benda til sýknu og sektar.

Hlutverk héraðsdóms er að kynna sér framlögð gögn sækjanda og verjanda og meta framburð vitna. Sakfella einungis þegar sönnun liggur fyrir um ætluð brot.

Ef ákærandi eða ákærði eru ósáttir við héraðsdóminn getur hvor sem er áfrýjað málinu til Hæstaréttar. Skylda Hæstaréttar er að endurskoða héraðsdóminn. Staðfesta hann eða fella úr gildi eftir því sem við á.

### Sannleikurinn og Embætti sérstaks saksóknara

Embætti sérstaks saksóknara hefur síðan 2009 rannsakað hið svokallaða Al Thani-mál.

Eftir að hafa fylgst með framgöngu Embættis sérstaks saksóknara í rannsókn Al Thani-málsins og ákærunni á hendur eiginmanni mínum, Sigurði Einarssyni, þá leyfi ég mér að efast um að embættið hafi haft nokkurn áhuga á því að sinna skyldum sínum og leita sannleikans í málinu.

Við rannsóknina var notast við aðferðir sem ekki eru sæmandi Íslandi sem réttarríki. Logið var blákalt að alþjóðalögreglunni Interpol til þess að koma Sigurði á lista yfir eftirlýsta glæpamenn. Sagt var að Sigurður væri á flótta undan ákæru þegar sannleikurinn var sá að hann var heima hjá okkur í London og lýsti sig fúsan til þess að gefa skýrslu þar eins og um var beðið. Þá hefur embættið hlerað samtöl Sigurðar við verjanda sinn þótt slíkt sé fordæmt í öllum löndum sem vilja láta taka sig alvarlega.

Embættið hefur valið að leggja fram gögn sem hægt er að túlka ákæruvaldinu í hag en hefur hundsað þau gögn sem myndu leiða til sýknu. Auk þess hefur embættið lagt stein í götu verjenda og gert þeim erfitt fyrir að nálgast rannsóknargögn málsins. Ríkissaksóknari hefur ekki brugðist við kæru vegna þessara brota og hvorki Héraðsdómur Reykjavíkur né Hæstiréttur Íslands sáu ástæðu til að finna að þessum vinnubrögðum. Ég trúi því ekki að Íslendingar vilji að svona fordæmi séu til staðar.

**➜ Fyrir mér er langt því frá að Ísland sé réttarríki. Fyrir vikið situr Sigurður að ósekju af sér fjögurra ára dóm.**

Alvarlegast af öllu er þó að Hæstiréttur dæmdi Sigurð í margra ára fangelsi í Al Thani-málinu þótt sakargiftirnar á hendur honum væru rangar.

### Sannleikurinn og dómstólar

Mér finnst héraðsdómur hafa brugðist starfsskyldum sínum þegar sagt er að „það sé hafið yfir allan skynsamlegan vafa“ að Sigurður hafi haft aðkomu að málinu. Ekkert þeirra 50 vitna sem komu fyrir héraðsdóm gat vitnað um neitt refsivert sem Sigurður hefði aðhafst. Ekkert vitnanna hafði verið í samskiptum við Sigurð um neitt ólöglegt.

Í Hæstarétti brást kerfið aftur. Hæstarétti ber að endurskoða dóm héraðsdóms. Það var ekki gert. Í stað þess að endurskoða héraðsdóminn kvað Hæstiréttur upp nýjan dóm út frá allt öðrum forsendum en gert var í héraði. Við sem hlustuðum á málflutninginn fyrir Hæstarétti vitum að þessar forsendur voru aldrei til umfjöllunar við málflutninginn. Mér er óskiljanlegt af hverju Hæstiréttur fór þessa leið. Við málflutninginn varð augljóst að héraðsdómurinn stóðst ekki. Getur verið að Hæstiréttur hafi ekki þorað að sýkna hina ákærðu vegna þess að enn hafi ekki tekist að sefa reiði samborgaranna vegna hrunsins?

Í Hæstarétti var Sigurður dæmdur á öðrum grundvelli en gert var í héraðsdómi. Dómur Hæstaréttar er endanlegur og því fær Sigurður aldrei tækifæri til þess að njóta tveggja dómstiga eins og lög kveða á um.

Fyrir mér er langt því frá að Ísland sé réttarríki. Fyrir vikið situr Sigurður að ósekju af sér fjögurra ára dóm.

# Auðlindir í þjóðareign

AUÐLINDIR



**Stefán Jón Hafstein**
í hópi áhugafólks um sjálfbæra þróun og auðlindir í þjóðareign

Ef stjórnmálamönnum er ekki treystandi fyrir auðlindum þjóðarinnar er þeim ekki treystandi fyrir neinu. Ísland er eitt auðlindaríkasta land í heimi. Mjög varlega áætlað á hver Íslendingur 4-6 milljónir króna í náttúruauðlindum og trúlegt er að þessi upphæð sé mun hærri.

Það er gagnlegt að velta fyrir sér hve vellauðug þjóðin er. Það var einmitt gert á málþingi um auðlindir í þjóðareign á dögunum.

Dr. Sigurður Jóhannesson hagfræðingur fræddi fullt hús gesta um það að líklega sé heildarverðmæti fiskistofnanna við Ísland 1.100-1.200 milljarðar króna.

Fáir gera sér líklega ljóst hve jarðvarmi til húshitunar er okkur dýrmætur. Sparnaður okkar af jarðhitaveitum er afar mikill og heildarverðmæti á bilinu 235-460 milljarðar króna.

Er þá ótalin þriðja stóra auðlindin sem er fallorka og jarðhiti til rafmangsframleiðslu. Því miður er það nú almennt viðurkennd staðreynd að arðsemi orkufyrirtækja er lítil. Gagnvart almennum neytendum birtist lág arðsemi í mun lægri rafmagnsreikningum en gerist í grannríkjum svo ekki er hægt að kvarta, en því miður fá erlend stóriðjuver að njóta kostakjara af þessari mikilvægu auðlind líka. Verðmæti þeirrar orku sem nú er virkjuð með fallorku og jarðhita til rafmagnsframleiðslu er á bilinu 20-100 milljarðar króna og tekur stóriðja mest af arðinum. Samtals erum við því með 1.300-1.800 milljarða virði í gjöfum guðs og enn er eftir að virkja upp í helming af möguleikum landsins í fallorku og jarðhita. Er þá engu spáð um hugsanlegan olíufund.

### Ómetanlegar auðlindir

En hvað með náttúru landsins sem lokkar að ferðamenn? Hér ræðum við stundum um ómetanleg gæði. Hagfræðingar viðurkenna að aðferðir þeirra til að meta slík verðmæti eru ekki háþróaðar. En það má leita leiða. Ferðaþjónusta skapar 300 milljarða í gjaldeyristekjur á ári, 80% ferðamanna segjast koma vegna náttúru landsins. Ef hér væri engin áhugaverð náttúra myndu árlegar gjaldeyristekjur hugsanlega skerðast um 240 milljarða. Og eru þá ótalin sóknarfærin í framtíðinni. Það er ákaflega mikilvægt að gera sér grein fyrir því að „ómetanlegar“ auðlindir eru að öllum líkindum mun meira virði en við höfum ennþá ímyndað okkur eins og þróun síðustu ára sýnir. Afleiðingarnar geta verið miklar ef við gætum ekki að. Þannig verður „ódýrara“ að leggja háspennulínur yfir hálendið en fara lengri leið, en þá og því aðeins að ósnortið hálendið sé metið lítils virði. Allt eins mætti reikna út að dýrasta leiðin sé sú sem eyðileggur mest af „ómetanlegum“ auðlindum.

### Hvað með arðinn af þessu öllu?

Á málþinginu fór Indriði H. Þorláksson hagfræðingur yfir rentuna, eða arðinn, sem skapast af nýtingu þessara auðæfa. Hér kemur í ljós hve hagstæðar hitaveitur okkar eru: Auðlindarentan sem rennur beint til okkar í formi lægri hitunarkostnaðar við húsin, sundlaugarnar og allt það er næstum 70 milljarðar króna á ári. Sambærileg tala fyrir raforku til almennra notenda er 3-5 milljarðar króna. En svo versnar í því þegar kemur að sölu til stóriðjuvera. Áætluð auðlindarenta af þeirri orku er 20-28 milljarðar á ári en hún rennur til eigenda verksmiðjanna en ekki eigenda auðlindarinnar vegna þess hve illa hefur verið samið. Indriði H. Þorláksson metur síðan auðlindarentuna í sjávarútvegi á meira en 50 milljarða og Jón Steinsson hagfræðingur er á svipuðu róli í nýlegri grein. Veiðigjöldin til þjóðarinnar eru lágt hlutfall af þessari rentu, um níu milljarðar, og renna því meira en 40 milljarðar af auðlindarentunni til útgerðarfyrirtækja sem eru í eigu nokkurra hundraða Íslendinga.

### Hinar pólitísku ályktanir

Það eru ekki margir málsmetandi menn sem hafna því nú að orkuverð til stóriðju sé alltof lágt. Arðsemi orkufyrirtækjanna er óviðunandi sem væri verjandi ef almenningur nyti, en fráleitt þegar um er að ræða erlenda auðhringi. Í sjávarútvegi fá innlend fyrirtæki rentuna, en skiptingin milli þeirra og eiganda auðlindarinnar er út í hött. Þetta má sjá skýrt af dæminu með makrílinn. Þessi nýja auðlind synti inn í landhelgina stuttu eftir Hrun, búhnykkurinn mikli kom og það var landhelgi þjóðarinnar og lýðveldi sem tóku við. Nú er verðmæti aflaheimilda í makríl metið á 150-200 milljarða og á að afhenda útvöldum fyrirtækjum til frjálsrar notkunar og framsals næstu sex ár – og tæknilega séð um alla framtíð. Auðvelt hefði verið að selja þeim tímabundnar veiðiheimildir á sambærilegu verði og sömu fyrirtæki kaupa makrílveiðar af Færeyingum og Grænlendingum. En svo er alls ekki heldur reynt að búa svo um hnúta, án ákvæðis um þjóðareign í nýjum lögum, að útgerðirnar hafi þennan fisk til nýtingar, framsals, veðsetningar og leigu til annarra eins og þeim sýnist. Eins og Jón Steinsson hagfræðingur segir, þetta er eins og að gefa burt gullið úr námunni með því skilyrði að maður fái að vinna við gröftinn sjálfur. Vill þjóðin ekki skipta öllu gullinu sínu með réttlátum hætti? Svarið birtist meðal annars þessa dagana í öflugri undirskriftasöfnun á vefsíðunni www.þjóðareign.is.

# Baðstofutímabilið er liðið á Íslandi

KJARAMÁL



**Helga Ingólfsdóttir**
stjórnarmaður í VR og bæjarfulltrúi í Hafnarfirði

Launþegar þessa lands bera ekki ábyrgð á því efnahagshruni sem varð fyrir sex árum en urðu verr úti en okkar nágrannaþjóðir vegna mikillar áhættusækni og skuldsetningar íslenskra banka og viðskiptajöfra.

Þegar Geir Haarde bað guð að blessa Ísland fór landinn út í búð og keypti sér lopa og sneri sér að ýmsum heimilisiðnaði til að jafna út kaupmáttarskerðinguna sem fólst í hruni krónunnar. Landinn sneri sér sem sagt að uppruna sínum og tók til við ýmiss konar handverk í anda baðstofunnar.

Bland.is blómstrar sem og alls konar síður sem selja notaðar vörur og það er auðvitað mjög gott að við sóum minna og endurnýtum alls konar hluti.

En núna, sex árum síðar, þegar sem betur fer ýmis ytri skilyrði hafa verið okkur hagstæð og fyrirtæki og þjónustugreinar eru að rétta vel úr kútnum, er kominn tími til að stíga föst og örugg skref í þá átt að launþegar fái til baka þá skerðingu sem þeir urðu fyrir við hrun og að laun þeirra batni í samræmi við bætta afkomu fyrirtækja og ríkissjóðs.

**➜ Krafa launþega er að þeir fái sanngjarnan hlut þeirrar arðsemi sem þeir eiga þátt í að skapa.**

Það svigrúm sem er til staðar til hækkunar launa án þess að verðbólga fari á flug á að nýta til þess að hækka neðri þrep launastigans til þess að bæta kjör þess hóps sem verst varð úti í hruninu. Þessu markmiði má auðveldlega ná með krónutöluhækkunum sem stiglækka upp launastigann og þannig ógna ekki verðbólgumarkmiðum og stöðugleika. Og þessu þarf síðan að fylgja eftir með bættri framleiðni og skipulagningu en þar er verk að vinna í okkar samfélagi.

Krafa launþega er að þeir fái sanngjarnan hlut þeirrar arðsemi sem þeir eiga þátt í að skapa og að samningsaðilar muni nú eftir þeim hópi sem einna helst tók á sig auknar byrðar í hruninu.




**50 ára afmæli**
**grundvallarhugsjóna Rauða krossins**

**Málþing**
Afmælismálþing verður haldið á alþjóðadegi Rauða krossins og Rauða hálfmánans þann 8. maí nk. í Norræna húsinu. Sjö frummælendur ræða grundvallarhugsjónir Rauða krossins út frá sínum sjónarhornum.

› Dagskráin:

| | |
|---|---|
| 13.00-13.10 | Setning málþings |
| 13.10-13.25 | **Mannúð** – Páll Stefánsson, ljósmyndari |
| 13.25-13.40 | **Óhlutdrægni** – Hildur Magnúsdóttir, sendifulltrúi Rauða krossins |
| 13.40-13.55 | **Hlutleysi** – Jón Ólafsson, heimspekingur |
| 13.55-14.10 | **Eining** – Sveinn Kristinsson, formaður Rauða krossins |
| 14.10-14.40 | Kaffi og spjall |
| 14.40-14.55 | **Sjálfstæði** – Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands |
| 14.55-15.10 | **Sjálfboðið starf** – Helga Gísladóttir, sjálfboðaliði Rauða krossins |
| 15.10-15.30 | **Alheimshreyfing** – Anna Stefánsdóttir, fv. formaður Rauða krossins |
| 15.30-15.40 | Málþingi slitið – Sveinn Kristinsson, formaður Rauða krossins |

Fundarstjóri: Dr. Vilhjálmur Árnason, heimspekingur.

Við vonumst til að sjá sem flesta á þessum merku tímamótum.
Allir velkomnir - ekki síst Mannvinir Rauða krossins, stuðningur ykkar er ómetanlegur.

RAUÐI KROSSINN ÍSLANDI

# TÍMAMÓT

# Það er ekki stærsta syndin að vera fyndinn

**Séra Pétur Þorsteinsson, prestur í Óháða söfnuðinum, stendur svo sannarlega á tímamótum. Hann fagnar í dag sextugsafmæli og 1. maí átti hann tuttugu ára vígsluafmæli.**

„Ég fór bara niður á Hagstofu og valdi mér þessa góðu kennitölu 05.05.55,“ segir Pétur Þorsteinsson, prestur hjá Óháða söfnuðinum. Í dag fagnar hann sextugsafmæli og þann 1. maí voru liðin tuttugu ár frá því að hann tók við sem prestur hjá söfnuðinum. „Ég tók við á verkalýðsdaginn árið 1995. Ætli ég verði ekki hér þangað til að ég fer á Grund. Maður er nú samt kominn með annan og stundum báða fæturna þangað,“ bætir hann við, en Pétur sinnir einnig starfi æskulýðsfulltrúa á Grund.

Pétur hefur gleði og húmor að leiðarljósi, bæði í lífi og starfi. Hann er þekktur fyrir Pétrísk-íslensku orðabækurnar sínar og nú er sú 34. á leiðinni. „Ég er stundum spurður að því hvenær ég ætli að verða fullorðinn og hætta þessum fíflagangi. Ég svara bara á móti að það er ekki stærsta syndin að vera fyndinn.“

Afmælisdeginum ætlar Pétur að eyða með fjölskyldu og vinum. „Ég fæ þessa nánustu í kaffi og kökur á prestssetrinu. Um helgina fóru systkini mín með mér í óvissuferð austur fyrir fjall, þar sem við ferðuðumst um á stubbastrætó og heimsóttum hina og þessa.“ Pétur segist ekki hræðast ellina, heldur lifi hann í núinu og njóti þess. „Ég ætla ekki að vera bogfrosið gamalmenni sem er fast í fortíðinni, heldur horfa á það sem er hér og nú. Til dæmis kynslóðin sem er að alast upp núna er mun hressari og opnari en áður var. Nú þegar fólk hittist þá faðmast menn, annað en hjá minni kynslóð. Það er dýrmætt að geta gert það.“

adda@frettabladid.is



**GLEÐIN Í FYRRÚMI** Pétur fagnar sextugsafmæli sínu í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

---

✝



Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**JÓRUNN SIGURÐARDÓTTIR**
**frá Frostastöðum,**

lést á Dvalarheimili aldraðra á Sauðárkróki þann 25. apríl. Útför hennar verður gerð frá Sauðárkrókskirkju fimmtudaginn 7. maí kl. 14.00. Þeir sem vilja minnast hinnar látnu láti Heilbrigðisstofnunina á Sauðárkróki njóta þess.

**Sigurður Frostason** — **Ragnheiður Guttormsdóttir**
**Gísli Frostason** — **Erna Geirsdóttir**
**Frosti Frostason** — **Sigríður Ragnarsdóttir**
**Magnús Halldór Frostason** — **Edda Þorsteinsdóttir**
**Hafdís Huld Þórólfsdóttir** — **Markús Sigurjónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir,
bróðir, mágur, ástvinur og afi,

**EINAR ÞORSTEINN ÁSGEIRSSON**
**hönnuður,**

yfirgaf þessa jarðartilvist þriðjudaginn 28. apríl 2015. Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju föstudaginn 8. maí kl. 15. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Rauða krossinn.

**Sif Einarsdóttir** — **Ragnar Sverrisson**
**Ríkharður Einarsson**
**Guðrún L. Ásgeirsdóttir**
**Sigrún V. Ásgeirsdóttir** — **Pétur Guðgeirsson**
**Þórdís Ásgeirsdóttir** — **Hjörtur Ingólfsson**
**Áslaug K. Ásgeirsdóttir**
**Manuela G. Loeschmann**
**og barnabörnin.**

---

✝



Elskulegur sambýlismaður minn, faðir,
tengdafaðir, afi og langafi,

**BÖÐVAR STEFÁNSSON**
**fv. skólastjóri á Ljósafossi,**

lést á heimili sínu, Grænumörk 2, Selfossi, mánudaginn 27. apríl. Jarðarförin fer fram frá Selfosskirkju miðvikudaginn 13. maí kl. 13.30.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Arnheiður Helgadóttir**
**Reynir Böðvarsson** — **Ann Olanders Böðvarsson**
**Anna Björg Þorláksdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Okkar ástkæri

**JÓN BERGSSON**
**verkfræðingur,**
**Sólvangsvegi 1,**
**áður Smárahvammi 4, Hafnarfirði,**

lést á heimili sínu laugardaginn 25. apríl. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 6. maí og hefst athöfnin kl. 13.00.

**Þórdís Steinunn Sveinsdóttir**
**Ingibjörg Jónsdóttir** — **Guðmundur Rúnar Árnason**
**Sigurður Jónsson** — **Helga Arna Guðjónsdóttir**
**Tryggvi Jónsson** — **Guðrún Elva Sverrisdóttir**
**Bryndís Magnúsdóttir** — **Úlfar Hinriksson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Ástkær eiginmaður minn, faðir,
sonur, bróðir og mágur,

**EGILL STEINGRÍMSSON**
**Þórunnarstræti 127,**
**Akureyri,**

lést á Landspítalanum sunnudaginn 26. apríl. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 8. maí kl. 13.30. Jarðsett verður í Skútustaðakirkjugarði síðar sama dag. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Fuglasafnið í Mývatnssveit.

**Unnur Hreiðarsdóttir**
**Hanna Sóley Egilsdóttir**
**Þóra Ásgeirsdóttir**
**Birgir Steingrímsson**
**Finnur Steingrímsson** — **Erla Sigurgeirsdóttir**
**Kristján Steingrímsson** — **Harpa Sigurðardóttir**

---

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**KRISTÍN SVEINSDÓTTIR**
**Grundargerði 12, Reykjavík,**

lést að morgni 28. apríl síðastliðinn.

**Gísli Pétur Gunnarsson** — **Anna Guðbjörg Guðjónsdóttir**
**Lára Lilja Gunnarsdóttir** — **Bjarni Axelsson**
**barnabörn og langömmubörn.**

---

✝



Hetjan okkar,

**BENJAMÍN NÖKKVI BJÖRNSSON**

lést þann 1. maí síðastliðinn. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Eygló Guðmundsdóttir** — **Anders Wollmén**
**Björn Harðarson** — **Þórey Heiðdal Vilhjálmsdóttir**
**Nikulás Ingi Björnsson**
**Hrafnhildur Tekla Björnsdóttir**

---

✝

Móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**MONIKA MAGNÚSDÓTTIR**
er látin.

**Ragnheiður María Adólfsdóttir** — **Brynjar Guðbjartsson**
**Magnús Már Adólfsson** — **Guðrún Jónsdóttir**
**Steinunn Adólfsdóttir** — **Valdemar S. Valdemarsson**
**Soffía Adólfsdóttir** — **Ólafur S. Kjartansson**
**og barnabörn.**

---

✝



Innilegt þakklæti til þeirra sem vottuðu
okkur samúð og vináttu við andlát og útför

**ÞÓRÓLFS V. ÓLAFSSONAR**
**Lindargötu 66,**
**Reykjavík.**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk lungnadeildar Fossvogi og hjartadeildar Hringbraut.
Guð blessi ykkur.

**Sigríður S. Egilsdóttir og fjölskyldur.**

---

✝



Ástarþakkir til allra þeirra sem sýndu samúð
og hlýhug við andlát og útför móður okkar,
tengdamóður, ömmu og langömmu,

**STEINGERÐAR BJARNEYJAR**
**INGÓLFSDÓTTUR**
**Árskógum 8, Reykjavík.**

**Ingólfur Þór Baldvinsson** — **Svanhvít Hreinsdóttir**
**Ásta Baldvinsdóttir** — **Lars Magne Kalvenes**
**Anna Bára Baldvinsdóttir** — **Hjörtur Hafliðason**
**barnabörn og langömmubörn.**

---

✝



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**JÓN BALDUR SIGURÐSSON**
**dýrafræðingur,**

er lést 28. apríl sl. verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 8. maí kl. 13.00.

**Páll Sigurður Jónsson** — **Maja Siska**
**Líney Emma Jónsdóttir** — **Jón Pétur Ólafsson**
**og barnabörn.**

---

✝



Elskulegur faðir minn,
bróðir, mágur og frændi,

**KRISTINN INGVAR EDVINSSON**
**Njarðarvöllum 6, Njarðvík,**

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, föstudaginn 24. apríl. Útförin fer fram frá Hvítasunnukirkjunni, Hafnargötu 84, Keflavík, föstudaginn 8. maí kl. 14.00.

**Edvin Kristinsson**
**Októvía Hrönn Edvinsdóttir** — **Jón Gunnar Torfason**
**og systkinabörn.**

---

✝



Maðurinn minn og föðurbróðir okkar,

**VATNAR VIÐARSSON**
**arkitekt, F.A.Í., M.A.A.**

er látinn. Útför hans verður gerð frá Fossvogskirkju mánudaginn 11. maí, kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á neyðarsöfnun Unicef á Íslandi til styrktar nauðstöddum á jarðskjálftasvæðunum í Nepal.

**Brynja D. Runólfsdóttir**
**Ulrik, Susanne, Emma og Frida**
**Kjartan, Cecilie, Felix, Karla og Nola**

---

✝



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu
samúð og hlýhug við andlát og útför
ástkærrar eiginkonu minnar, móður,
tengdamóður, ömmu og langömmu,

**FREYJU FANNDAL**
**SIGURÐARDÓTTUR**
**Hraunvangi, 1 Hafnarfirði.**

Sérstakar þakkir til hjúkrunarþjónustu Karitas og líknardeildar Landspítalans í Kópavogi fyrir einstaka alúð og umhyggju.

**Einar Sigurðsson**
**Jóhanna Lilja Einarsdóttir** — **Jakob Gunnarsson**
**Sigrún Einarsdóttir** — **Sigurjón Sigurðsson**
**Kristján Einarsson** — **Ólöf Birna Waltersdóttir**
**Guðný Einarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu
samúð og hlýhug við andlát og útför
ástkærrar móður minnar, tengdamóður,
ömmu og langömmu,

**SIGURBORGAR JAKOBSDÓTTUR**
**lengst af til heimilis**
**að Álftröð 7 í Kópavogi.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks Hrafnistu í Hafnarfirði fyrir góða umönnun.

**Arnar Halldórsson** — **Margrét Valtýsdóttir**
**Valdís Arnarsdóttir** — **Guðmundur Hrafnkelsson**
**Halldór Arnarsson** — **Borghildur Sigurðardóttir**
**Sigurborg Arnarsdóttir** — **Helgi Ólafsson**
**og langömmubörn.**







hjá Hrafnhildi
Engjateigi 5 | Sími 581 2141 | www.hjahrafnhildi.is





# BÓLURNAR BURT FYRIR SUMARIÐ!

**GENGUR VEL KYNNIR** ***Salcura Antiac-húðvörur*** *eru náttúrulegt meðferðar-úrræði sem getur veitt langvarandi bata við bólum, fílapenslum, stífluðum fitu-kirtlum og óhreinni húð. Frábær árangur, auðvelt í notkun og engar aukaverkanir.*

Það eru ekki einungis unglingar sem glíma við bólur heldur fólk á öllum aldri. Antiac-vörurnar frá Salcura eru kærkomin hjálp í baráttunni við óhreina húð," segir Elísabet Guðmundsdóttir, vörustjóri Salcura hjá Gengur vel ehf. Salcura-húðvörurnar gera húðina ekki viðkvæma fyrir sólarljósi.

***Salcura Antiac Activ Liquid Spray*** inniheldur einstaka náttúrulega formúlu sem hreinsar húðina innan frá og út. Spreyið fer djúpt inn í húðina, kemur jafnvægi á fituframleiðslu húðarinnar og stuðlar að hreinsun hennar.

Allar vörur í húðlínu Salcura Antiac innihalda náttúrulegar ilmkjarnaolíur, vítamín og steinefni til að hreinsa, róa og sótthreinsa húðina.

***Antiac Activ Gel Serum*** notast beint á bóluna. Öflug innihaldsefnin minnka bólgu og sýkingu. Sjáanlegur munur á bólunni á innan við 4 klst.



***Antiac-andlitshreinsir*** er ph-hlutlaus, djúphreinsandi andlitshreinsir sem hentar öllum húðgerðum.

***Antiac Daily Face Wipes*** eru mildir hreinsiklútar. Henta öllum húðgerðum. Tilvalið í íþróttatöskuna eða í ferðalagið.

***Virku innihaldsefnin eru:***
Tea Tree-olía sem er einstaklega bakteríudrepandi og eyðir sýkingum fljótt, Manuka-olía, einstaklega græðandi, Sea Buckthorn- og Eucalyptus-olía ásamt Aloe vera sem draga úr bólgu og róa húðina.

***Fyrir alla sem þjást af:***
**Bólum**
**Fílapenslum**
**Kýlum**
**Óhreinni húð**

***Allar vörurnar eru ÁN:***
- **Parabena**
- **Sýklalyfja**
- **Ætandi efna**
- **Benzoyl Peroxíðs**

## SÖLU-STAÐIR
**Apótek og heilsu-verslanir.**
**Nánari upplýsingar á: www.gengurvel.is**

**TILBOÐ**
**20%**
afsláttur í maí.






SKEMMTILEG KEPPNI Árleg Þríþraut Kópavogs fer fram næstu helgi. Þar keppa reynslumiklir íþróttamenn í bland við byrjendur á öllum aldri í nokkrum flokkum. MYNDIR/ÖRN SIGURÐSSON

# HEILSUEFLING FYRIR FJÖLSKYLDUNA

**GÓÐ HREYFING** *Þríþraut Kópavogs fer fram um næstu helgi. Þar er keppt í fjölskylduþraut þar sem ólíkar kynslóðir sameinast í skemmtilegri keppni.*

Þríþraut Kópavogs fer fram sunnudaginn 10. maí en keppnin fór fyrst fram árið 1996. Keppnin hefur verið haldin árlega síðan 2006 en Þríþrautarfélag Kópavogs (Þríkó) tók við umsjón og framkvæmd hennar árið 2011. Að sögn Viðars Braga Þorsteinssonar, þríþrautarmanns og eins af skipuleggjendum keppninnar, er keppnin tvískipt; annars vegar er hún fjölmennasta þríþraut landsins og sem slík hluti af stigakeppni þríþrautarnefndar ÍSÍ og um leið fyrsta þríþrautarkeppni ársins. „Hinn hlutinn er fjölskylduþrautin og sá hluti er í miklum vexti hjá okkur. Þar erum við að fá inn fólk á öllum aldri sem kemur saman og hefur gaman af. Við viljum fá ungmenni sem ýmist hafa ekki stundað íþróttir áður, eru í öðrum íþróttum eða eru hætt að æfa, til að prófa eitthvað nýtt og finna sig í fjölbreyttri íþrótt. Þá hefur liðakeppnin verið vinsæl og okkur finnst sérstaklega skemmtilegt þegar við sjáum þrjá ættliði saman í liði, til dæmis ömmuna, pabbann og barnið, þar sem hver tekur eina grein. Á síðasta ári voru sex þriggja ættliða lið með í keppninni.“

Fjölskylduþrautin fer þannig fram að hver fjölskylda velur meðlim í eina þraut. Þannig þarf einn að hlaupa 1,5 km, annar að synda 200 metra og sá þriðji að hjóla 5,4 km. Á síðasta ári tóku rúmlega 100 manns þátt eða 37 fjölskyldulið og í ár bætist við nýr hópur en þar keppa krakkar á aldrinum 6-11 ára í stuttri tvíþraut.

### KEPPENDUR ÚR ÖLLUM ÁTTUM

Lovísa Ólafsdóttir heilsuhagfræðingur kemur einnig að skipulagi keppninnar en hún hefur meðal annars tengt starfsemi íþróttafélags fatlaðra og íþróttafélags eldri borgara í Kópavogi við þríþrautina. „Ég horfi fyrst og fremst á þennan atburð sem almenna heilsueflingu fyrir fjölskylduna og út frá lýðheilsu. Félaginu hefur tekist með einstökum hætti að skapa ákveðið andrúmsloft sem einkennist af umhyggjusemi, gleði og félagastuðningi þar sem allir geta tekið þátt á sínum forsendum. Hvort sem þú ert byrjandi, aðeins lengra kominn eða hreinlega bara langar að vera þátttakandi í góðra vina félagsskap. Hreyfing þarf að vera skemmtileg og maður þarf að geta fundið eigin stað í henni til að vilja stunda hana. Að fá réttar leiðbeiningar um hvernig þú átt að hreyfa þig til að draga úr álaginu frekar en hitt skiptir líka miklu máli til að endast í henni.“

Alls konar fólk tekur þátt í keppninni að þeirra sögn, blanda þeirra bestu úr þríþrautinni, hjólreiðum, hlaupum og sundi ásamt fólki sem er að stíga sín fyrstu skref í hreyfingu. „Aldursbilið er mjög breitt eða frá sex ára og upp í 87 ára. Næstu helgi bætast líka við hópinn keppendur frá íþróttafélagi fatlaðra og Glóð, sem er íþróttafélag eldri borgara, svo óhætt er að keppnin sé svo sannarlega fyrir alla.“



**ALLIR TAKA ÞÁTT** Aldursbilið er breitt eða frá 6 ára upp í tæplega 90 ára. Nýr barnaflokkur bætist við í ár.



**TEKIÐ Á ÞVÍ** Fyrsta keppnin fór fram 1996. Skráningarfrestur rennur út á miðnætti næsta fimmtudag.

Auk meðlima Þríkó kom Markaðsstofa Kópavogs að kynningu keppninnar.

Skráningarfrestur rennur út á miðnætti fimmtudaginn 7. maí. Keppnin hefst kl. 8.30 og lýkur með verðlaunaafhendingu og grillveislu um kl. 12.15. Ekkert þátttökugjald er í barnatvíþrautina og fjölskylduþríþrautina.

Allar upplýsingar um keppnina og skráningu má finna á www.thriko.is.










**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**



**BETRI LÍÐAN** Edda Snorradóttir er ánægð með Bio-Kult Pro Cyan.

# LAGAÐIST AF BLÖÐRUBÓLGUNNI

**ICECARE KYNNIR** *Bio-Kult Pro-Cyan inniheldur þrívirka formúlu sem hefur verið vísindalega þróuð og staðfest. Edda Snorradóttir losnaði við sýklalyf.*

Edda Snorradóttir er 81 árs. Hún vill gjarnan deila reynslu sinni af Bio Kult Pro Cyan sem vinnur á þvagfærasýkingum. „Ég hef frá því að ég var rétt rúmlega 70 ára fengið þvagfærasýkingar og þurfti alltaf að vera á lyfjum vegna þess. Það er mjög hvimleitt að þurfa að kljást við blöðrubólgu og ég var orðin frekar þreytt á því. Ég kynntist Bio Kult Pro Cyan fljótlega eftir að það kom á markað eða fyrir um það bil tveimur árum. Ég hef notað það síðan. Ég tek tvö hylki á dag og sleppi aldrei úr degi því að mér líður svo vel að vera laus við blöðrubólguna. Ég er svo ánægð með að vera laus við þetta vandamál og mæli heilshugar með Bio Kult Pro Cyan," segir Edda.

Hlutverk gerlanna og A-vítamíns í Bio Kult Pro Cyan er að hjálpa líkamanum að viðhalda eðlilegu bakteríumagni í þörmum, einnig að viðhalda eðlilegri starfsemi í þvagrásarkerfinu. Háþróuð þrívirk formúla sem tryggir heilbrigða þvagrás.




**HYLKIN INNIHALDA**

- Trönuberjaþykkni (Cranberry extract 36 mg PACs)
- Mjólkursýrugerla (Lactobacillus acidophilus PXN 35 og Lactobacillus plantarum PXN 47, Styrkur: 1 milljarður)
- A-vítamín 320 µg (900 iu, 40% af RDS).

**SÖLUSTAÐIR OG UPPLÝSINGAR**

Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, **www.icecare.is**








Heilsuvísir
NÆRANDI ÞÆTTIR
Á NÝJU VEFSVÆÐI VÍSIS
Fylgstu með þessum fróðlegu örþáttum á **visir.is/heilsuvisir.**
Vísir.is er hluti af 365 vísir HIMNESKT gló FÁKAFENI




SJÓNVARP BYLGJAN.IS ÚTVAPPIÐ FM 98.9
HLUSTAÐU HVAR SEM ER, HVENÆR SEM ER
BYLGJAN 989




# ÁHRIF KYNFERÐIS-OFBELDIS Á FÆÐINGU

**DOKTORSNEMI** *Agnes Gísladóttir, doktorsnemi í lýðheilsuvísindum, vinnur að doktorsverkefni um fæðingarútkomur kvenna sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi. Hún greinir frá fyrstu niðurstöðum í fyrirlestri í Lögbergi.*

Það er alltaf að koma betur í ljós að streita getur haft neikvæð áhrif á heilsu og er kynferðisofbeldi eitt algengasta áfallið sem konur verða fyrir. Í ljósi þess langaði mig að athuga hvort konum sem urðu fyrir kynferðisofbeldi á unglings- eða fullorðinsaldri væri hættara við að vera með áhættuþætti á meðgöngu eða í fæðingu síðar á lífsleiðinni, samanborið við konur sem ekki urðu fyrir slíku ofbeldi," segir Agnes Gísladóttir doktorsnemi við Miðstöð í lýðheilsuvísindum.

Agnes vinnur nú að doktorsverkefni sínu um fæðingarútkomur kvenna sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi. „Verkefnið er í raun framhald af meistaraprófsverkefninu mínu sem fjallaði um komur á neyðarmóttöku fyrir þolendur kynferðisofbeldis. Þar skoðaði ég hvort komum hefði fjölgað á tíu ára tímabili og hvort einkenni ofbeldis hefðu breyst," útskýrir Agnes.

Rannsóknina vann Agnes með því að samkeyra gögn og skoða upplýsingar úr rafrænum fæðingarskrám. Niðurstöðurnar birtir hún í þremur greinum.

„Sú fyrsta, sem ég er þegar búin að birta, fjallaði um meðgönguna. Þar skoðaði ég 2.000 fæðingar en af þeim voru 586 fæðingar kvenna sem orðið höfðu fyrir kynferðisofbeldi. Ég skoðaði til dæmis tengsl við reykingar og komst að því að konur sem urðu fyrir kynferðisofbeldi gátu síður hætt að reykja á meðgöngu," lýsir Agnes og bætir við að þetta sé í samræmi við fyrri rannsóknir sem sýni að konur sem þjást af kvíða eða áfallaröskun eigi erfiðara með að hætta að reykja á meðgöngu.

Í annarri greininni sem Agnes vinnur nú að einbeitir hún sér að fæðingunni, inngripum og áhættuþáttum, og skoðar í því augnamiði 12 þúsund fæðingar. „Ég er enn að vinna úr niðurstöðunum en í erlendum rannsóknum má finna vísbendingar um að konur geti orðið fyrir endurupplifun á ofbeldinu í fæðingunni," segir Agnes. Hún bendir á að aðrar rannsóknir á þessu efni séu nokkuð misvísandi. Sumar sýni aukna áhættu á keisaraskurðum hjá konum sem orðið hafa fyrir kynferðisofbeldi en aðrar ekki. „Í rannsókn minni eru vísbendingar um örlitla áhættuhækkun á fæðingum með áhöldum og bráðakeisaraskurðum en alls ekki mikla. Hins vegar var aukin hætta á að fæðingin gengi hægar fyrir sig hjá konum sem orðið höfðu fyrir kynferðisofbeldi."

Í þriðju grein sinni mun Agnes beina athyglinni að barninu. „Það er þekkt að streita hefur áhrif á útkomu nýbura, sérstaklega fyrirbura- og léttburafæðingar," segir Agnes. Hún bendir á nýlega íslenska rannsókn á fæðingum í kjölfar hrunsins en þá kom í ljós nokkur aukning á léttburafæðingum.

*Fyrirlestur Agnesar fer fram í stofu 101 í Lögbergi í Háskóla Íslands, miðvikudaginn 6. maí frá klukkan 12 til 13.*



**STREITA HEFUR ÁHRIF** Streita getur haft neikvæð áhrif á heilsu. Kynferðisofbeldi er eitt algengasta áfallið sem konur verða fyrir. NORDICPHOTOS/GETTY



**AGNES GÍSLADÓTTIR** Kannar fæðingarútkomu hjá konum sem orðið hafa fyrir kynferðisofbeldi.




# LÍFSLÍKUR ALLTAF AÐ AUKAST

*Fólk lifir stöðugt lengur með tilheyrandi fjölgun þeirra sem tilheyra elstu kynslóðinni. Það þarf ekki að vera svo slæmt ef við hættum að horfa á aldurstölur og tökum þátt í lífsleikni á meðan heilsan er í góðu lagi.*

Fólk lifir heilbrigðara lífi en áður og lífsgæði eru meiri en áður þekktust. Þess vegna eldist fólk betur og lifir lengur. Ástæða er til að endurskoða hugtakið öldrun, segja vísindamenn í lýðheilsufræðum við International Institute for Applied Systems Analysis.

Þegar við segjum að einhver sé gamall er hann mun eldri en sá sem var gamall fyrir nokkrum árum. Fólk er yngra í hugsun en eldri kynslóðir voru. Samfélagið hefur viðurkennt að þegar fólk nær ákveðnum aldri, oft 65 ára, sé það orðið gamalt. En rannsóknir sýna að 65 ára einstaklingur getur verið mun betur á sig kominn en margir sem yngri eru. Fjölgun aldraðra í vestrænum samfélögum verður vandamál ef við horfum á þetta fólk sem gamalt, segja vísindamennirnir. Það þarf að breyta hugarfarinu.

Aldraðir eru í huga fólks þeir sem eru hættir að vinna og eru háðir aðstoð frá samfélaginu. Það er mikilvægt að seinka þessu aldurstímabili og hanna stefnu sem tekur tillit til aukins lífaldurs. Eru aldraðir 65 ára eða 80-90 ára? Búast má við því að á næstu árum hækki meðalaldur talsvert. Kannski verður miðaldra manneskja um sextugt áður en mörg ár eru liðin.



**HRESSIR** Fjölmargir eldri borgarar eru sprækir og vel á sig komnir. Í raun eru þeir mun yngri í sér en aldurinn segir til um.





# BÍLAR



# LÍTILL HLUTI BÍLAFLOTANS YNGRI EN 5 ÁRA

**Bílar 5 ára og yngri eru 16,2% nú en voru 40,7% árið 2007. Stór hluti endurnýjunarinnar nú er í formi notaðra bílaleigubíla og spurning hvenær þeir verða of margir til að finna hérlenda kaupendur.**

Mjög forvitnilegt er að skoða tölur frá Samgöngustofu um aldur og fjölda bíla landsmanna á síðustu 20 árum. Það sem mesta athygli vekur er hve bílaflotinn er orðinn aldraður í dag og samanburðurinn við árið 2007 er nokkuð sláandi. Sem dæmi voru 40,7% flotans 5 ára eða yngri árið 2007 og ámóta tölur sáust allt til ársins 2009. Samsvarandi tala fyrir árið 2014 sýnir að það eru aðeins 16,2% bíla nú.

### Meira en helmingur bíla eldri en 10 ára

Alls voru 69,7% bílaflotans 10 ára eða yngri árið 2007, en 48,8% við síðustu áramót. Því er nú meira en helmingur flotans eldri en 10 ára og meðalaldurinn 12,7 ár og 13,9 ár hvað áhrærir aðra bíla en fólksbíla. Aðeins 15,3% bíla árið 2007 voru 16 ára eða eldri, en 28,5% nú. Í dag má finna 24.933 bíla sem eru eldri en 20 ára en þeir voru aðeins 15.955 árið 2007. Heildarfjöldi bíla árið 2007 var 206.969, en þeir eru 217.459 nú.

### Bílaflotinn þriðji elsti í Evrópu árið 2011

Samtök bílaiðnaðarins í Evrópu (ACEA) halda utan um meðalaldur bíla í Evrópulöndum, en í upplýsingum frá samtökunum sést að árið 2011 var bílaflotinn hér á landi sá þriðji elsti á eftir Eistlandi og Finnlandi, en meðaltalið var 8,6 ár. Líklega hefur staða Íslands síst batnað síðan þá þar sem bílaflotinn hefur elst um ríflega eitt ár frá 2011. Í Bandaríkjunum er nú eldri bílafloti en að jafnaði í Evrópulöndum. Þar vestra hefur meðalaldurinn færst frá um 10 árum upp í 11,4 ár nú og búist er við því að hann fari upp í 11,7 ár árið 2019. Ágæt bílasala í Bandaríkjunum á allra síðustu árum hefði því þurft að vera meiri til að ná sama meðalaldri bíla og fyrir hrun. Meðalaldur bíla í Bandaríkjunum er samt nú 1,5 árum lægri en hér á landi þrátt fyrir að vera hærri en almennt í Evrópu.

### Helmingur endurnýjunarinnar bílaleigubílar

Endurnýjun bílaflotans hérlendis er nú örlítið hraðari en fyrstu árin eftir hrun en þó þyrfti salan að vera meiri til að bílaflotinn tæki að yngjast að nýju. Síðustu ár hefur allt að helmingur nýrra bíla sem seljast á landinu verið til bílaleiga. Til dæmis voru 4.472 bílar af 9.536 bíla sölu í fyrra til bílaleiga. Allir þessir bílar eru svo seldir til íslenskra kaupenda og að meðaltali eftir um eitt og hálft ár. Það þýðir að helmingur endurnýjunarinnar er í gegnum bílaleigur og margur Íslendingurinn ekur nú um á fremur nýjum bíl sem var áður í þjónustu bílaleiga.

### Þurfa bílaleigur brátt að flytja út notaða bíla sína?

Með sívaxandi þörf fyrir fleiri bílaleigubíla og auknum kaupum þeirra gæti sú staða komið upp að erfitt gæti reynst fyrir leigurnar að selja notaða bíla sína til landans. Þá gæti bílaleigum reynst sá kostur vænstur að flytja þá notuðu bíla sem þau verða að losna við til útlanda. Hætt er þó við að minna fengist fyrir þá en í sölu hér. Þetta gæti orðið til þess að lækka verð notaðra bílaleigubíla hérlendis, eða útflutnings þeirra.



# Mayweather hefur keypt 100 bíla af sömu bílasölunni

Boxarinn Floyd Mayweather er ekki á flæðiskeri staddur fjárhagslega og getur leyft sér að kaupa þá bíla sem hugur hans girnist. Þó má segja að hann hafi farið nokkru offari í bílakaupum gegnum tíðina, en hann hefur til að mynda keypt 100 ólíka bíla hjá Towbin Motorcars í Las Vegas. Þar hefur hann keypt bíla sem teljast ekki af lakari endanum, meðal annars þrjá Bugatti Veyron og sextán Rolls Royce. Mayweather staðgreiðir alltaf sína bíla og kemur því gjarnan með stóra poka af peningum með sér í bílakaupin eftir að hafa tekið út stórar summur í bönkum Las Vegas-borgar.

**Fékk 13,6 milljarða fyrir bardagann við Pacquiao**

Mayweather velur sér ekki alltaf hefðbundinn opnunartíma bílasölufyrirtækja og hefur oft látið starfsfólk Towbin-bílasölunnar opna fyrir sig að kveldi eða nóttu. Bílasalan gerir að sjálfsögðu hvað sem er fyrir Mayweather, enda er hann kúnni sem fær flestu sínu framgengt. Floyd Mayweather hefur á sínum langa boxaraferli unnið sér inn yfir 400 milljónir Bandaríkjadala, eða nærri 55 milljarða króna. Fyrir bardaga sinn gegn Manny Pacquiao, sem fram fór fyrr í þessum mánuði, fékk Mayweather yfir 100 milljónir dollara, það er 13,6 milljarða króna. Hann hefur því efni á bílaáráttu sinni, en víst er að bílskúr hans er af stærri gerðinni.



# Subaru fjölgar STI-bílum

Margur bílaáhugamaðurinn mun gleðjast yfir nýjustu fréttum úr herbúðum Subaru, en japanski bílaframleiðandinn ætlar á næstunni að fjölga þeim bílgerðum sínum sem fást munu í kraftaútfærslum, en þeir bílar hafa borið og munu bera stafina STI. Fyrsta viðbótin við hinn klassíska Subaru Impreza WRX STI er þessi Subaru BRZ STI-bíll sem sýndur var á bílasýningunni í New York um daginn. Subaru ætlar brátt að bjóða STI-útfærslur á Legacy og Forester og fleiri bílgerðir gætu fylgt í kjölfarið.

**Japanir í kraftabílana**

Subaru er ekki eini japanski framleiðandinn sem leggur nú aukna áherslu á framleiðslu aflmikilla útgáfna af bílum sínum. Nissan hefur aukið og mun auka meira framboð að Nismo-kraftaútfærslum bíla sinna, Honda hefur nýverið loksins kynnt Civic Type R aftur til sögunnar og Toyota ætlar einnig að gera gangskör að því að bjóða kraftaútgáfur.

**Ótrúleg aukning í Bandaríkjunum**

Sala Subaru af einu gerð STI-bíla hingað til, þ.e. Impreza WRX STI, hefur aldrei verið í neinu gríðarlegu magni, en á stærsta sölumarkaði hans í Bandaríkjunum seldust 6.500 bílar í fyrra. Svo sú tala sé sett í eitthvert samhengi þá nam heildarsala Subaru í Bandaríkjunum í fyrra 540.000 bílum. Sala Subaru þar gekk reyndar gríðarlega vel í fyrra og jókst um 21%, en enginn annar bílaframleiðandi frá Japan, né Þýskalandi, náði viðlíka aukningu.



# Vilja sekta hægfara ökumenn

Fyrir ríkisþinginu í Washington-ríki í Bandaríkjunum liggur nú frumvarp sem gefur lögreglunni í ríkinu rýmri heimildir til að sekta ökumenn sem aka of hægt á vinstri akrein á fjölfarnari vegum. Þessum lögum er ætlað að stöðva hættulegan og hægan akstur ökumanna sem ekki taka tillit til annarra í umferðinni. Í lögunum eru tilgreindar þær sektir sem ökumenn mega eiga von á ef þeir aka á vinstri akrein undir leyfilegum hámarkshraða. Ökumenn sem aka 2-8 km/klst. undir hámarkhraða á vinstri akrein fá 27 dollara sekt. Þeir sem aka á 9-16 km/klst. undir hámarkshraða fá 37 dollara sekt, 52 dollara fyrir 17-25 km/klst., og 67 dollara fyrr 26-32 km/klst. undir hámarkshraða. Í Washington-ríki er mikil hefð fyrir því að kenna ökumönnum góða siði í umferðinni og þar hafa mörg lög orðið fyrst að veruleika sem snúa að því, svo sem að sekta fyrir að vera staðinn að símskilaboðasendingum í akstri og að leggja í stæði sem ætluð eru fyrir rafmagnsbíla.



Ógnarfalleg innrétting í Lexus NX200t.

# KÆRKOMIN ÖFLUGRI ÚTGÁFA LEXUS NX

## Öflugri og sportlegri gerð þessa djarflega teiknaða jepplings komin til landsins. Þessi jepplingur er 7,1 sekúndu í hundraðið.

Ekki er langt síðan Lexus kom fram með þennan framúrstefnulega teiknaða jeppling Lexus NX. Í fyrstu fékkst hann aðeins með 200 hestafla vél í NX300h Hybrid-útgáfu, en nú fæst hann einnig með forþjöppudrifinni vél, 238 hestafla, sem er fyrsta forþjöppuvél sem sést í Lexus-bíl. Þarna er komin öllu snarpari útgáfa af þessum bíl, Lexus NX200t, og hann er ekki nema 7,1 sekúndu í hundraðið og er því jafn snöggur og Audi Q5 2,0 l Turbo. Hann skortir engu að síður 0,7 sekúndur í BMW X1 xDrive28i, enda er sá með stærra sprengirými.

**Mjög skemmtilegur í sportham**

Það finnst fljótt hve vel þessi lúxusjepplingur er einangraður því lítið heyrist í öflugri vélinni, nema ef sett er í Sport mode og smellt einnig á „Active Sound Control“, en þá fyllist innanrýmið af fallegu öskrandi hljóði frá vélinni, fyrir þá sem tengja vélarhljóð við röskan akstur. Akstur bílsins er ekki bara ljúfur heldur má taka rösklega á bílnum án þess að hann missi veggrip mikið. Bíllinn er ákaflega stöðugur í beygjum og aragrúi aðstoðarbúnaðar tryggir að hann heldur þeirri línu sem ökumaður óskar og veitir það góða tilfinningu í akstri. Bremsubúnaður bílsins er í takt við annað, hrikalega öflugur og bíllinn stöðvast á undravert stuttri vegalengd.

**Sannkallaður lúxusvagn**

Að innan er bíllinn hlaðinn lúxus, eins og ávallt á við um Lexusbíla og allt er mjög vandað. Frábær sæti eru í bílnum og gríðargott Mark & Lewinson-hljóðkerfi. Í heild er bíllinn ákaflega vel búinn og alltof langt mál væri að telja upp allan þann lúxus sem í bílnum felst. Lexus á heiður skilinn fyrir djörfung við hönnun þessa bíls og þessi útgáfa hans er kærkomin viðbót því nú skortir hann ekki afl. Lexus NX300h kostar frá 8.560.000 kr. en þessi miklu betur útbúna og öflugri gerð hans kostar frá 13.620.000 krónur og er það dágóður skildingur, en fyrir það fæst stórskemmtilegur bíll fyrir kröfuharða kaupendur.

# FYRSTI JAGUAR-BÍLLINN KOMINN TIL BL

## Verður til sýnis á bílasýningunni Allt á hjólum í Fífunni.

Bílaumboðið BL er nú að hefja sölu á Jaguar-bílum en eins og kunnugt er koma Jaguar-bílar frá sama framleiðanda og Land Rover, þ.e. Jaguar/Land Rover. Það fyrirtæki er í eigu Tata frá Indlandi, þó að bæði bílamerkin séu bresk. Fyrsti bíllinn sem BL flytur inn af Jaguar-gerð er þessi F-Type S Coupé-bíll og verður hann forsýndur á komandi bílasýningu í Fífunni. Bíllinn er fjórhjóladrifinn og með 380 hestafla 3,0 lítra V6 bensínvél sem kemur honum í 100 km hraða á aðeins 4,9 sekúndum. Þessi gullfallegi bíll er hlaðinn lúxus og allra handa góðgæti, þar á meðal 770 vatta hljóðkerfi með 12 hátölurum, glæsilegu, stöguðu leðri í sætum og rauðum öryggisbeltum, leðurklæddu sportstýri, póleruðum pedölum, upplýstum sílsalistum, Panoramic-sólþaki, hraðavirkri vindskeið og innfelldum hurðarhúnum, svo eitthvað sé nefnt. Bíllinn er með stillanlega sportfjöðrun, 8 gíra sjálfskiptingu og hann stendur á 20 tommu álfelgum.



Jaguar F-Type S Coupé er sannkallaður kraftaköggull.

BÍLAR
www.visir.is/bilar
Umsjón blaðsins: Finnur Thorlacius, finnurth@365.is
Útgáfufélag: 365 miðlar ehf. Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Auglýsingar: Atli Bergmann, atlib@365.is, Sími 512 5457
Hönnun: Silja Ástþórsdóttir, siljaa@frettabladid.is

DACIA

www.dacia.is

# STÓRTÍÐINDI
# DACIA LOGAN MCV DÍSIL

Hugsanlega sennilega

## STÆRSTI, ÓDÝRASTI OG SPARNEYTNASTI FJÖLSKYLDUBÍLL Á ÍSLANDI




Verð kr.

**2.790** þús.

**573 lítra farangursými** (rúmar 4 golfsett langsum)

**Eyðsla í blönduðum akstri 3,8 L/100 km***

Dacia eco2

Hlaðinn staðalbúnaði m.a. - Íslenskt leiðsögukerfi - 7" LED skjár - Bakkskynjarar - Hraðastillir (Cruise control) - Handfrjáls símabúnaður Bluetooth USB tengi fyrir MP3 spilara/Ipod - Útvarp,CD, 4 hátalarar og MP3 tenging - Aðgerðahnappar í stýri - Sex aðgerða aksturstölva - Útihitamælir Ræsivörn - Loftkæling AC - Leðurstýri - Litaðar rúður - Svart „Compass" tauáklæði - 1/3 og 2/3 niðurfellanleg aftursæti - Hæðarstilling á ökumannssæti ESC Stöðugleikastýring - Þokuljós að framan

*Miðað við uppgefna eldsneytisnotkun framleiðanda í blönduðum akstri.

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L


Innréttingin í Mercedes Benz C-Class.


Innréttingin í BMW i3.

# 10 bestu innréttingarnar

Wards Automotive í Bandaríkjunum velur á hverju ári lista 10 nýrra bíla sem skarta bestu innréttingunni og nýverið birti Wards hvaða bílar sköruðu framúr. Að þessu sinni var enginn bíll á listanum dýrari en 65.000 dollarar en í fyrra voru 2 bílar á listanum með sex tölustafa verðmiða og annar þeirra Rolls Royce Wraith. Listinn í ár er svona og verð hvers þeirra vestanhafs í feitletruðu:

- BMW i3 **$52,550**
- Chrysler 300C Platinum **$51,175**
- Ford F-150 King Ranch **$60,675**
- GMC Canyon SLT **$40,465**
- Honda Jazz EX-L **$21,590**
- Jeep Renegade Limited **$33,205**
- Kia Sedona SXL **$43,295**
- Mazda6 Grand Touring **$33,395**
- Mercedes C400 **$65,000**
- Nissan Murano SL **$41,905**

Við mat á bílunum er horft til, efnisnotkunar, þæginda, virkni, öryggis og smíðagæða innréttinganna. Það kemur nokkuð á óvart að ódýrir bílar eins og Honda Jazz, Mazda6 og Jeep Renegade skuli komast á þennan lista, en í sínum ódýrustu útfærslum kosta þeir ekki nema, 16.000, 22.000 og 25.000 dollara. Engu að síður virðast innréttingar þeirra vera mjög vandaðar. Bandarískir framleiðendur eiga 4 bíla á listanum, japanskir 3, þýskir 2 og Kia frá S-Kóreu 1.

# Magn sótagna einungis fimmtungur þess sem var

Í umfjöllun fjölmiðla að undanförnu hefur verið rætt um sótagnamengun frá díslilvélum. Í nýrri dísilvél Renault sem væntanleg er í Clio og fleiri gerðir er magn sótagna frá útblæstri aðeins fimmtungur þess sem það var og er það í samræmi við hertar umhverfiskröfur Evrópusambandsins sem lýst er í Euro 6 reglugerð ESB sem tekur gildi í haust. Í nýju reglugerðinni má magn sótagna í dísilvélum vera að hámarki 40% þess sem nú er leyfilegt samkvæmt núgildandi reglugerð, Euro 5.

### Áþekkar mengunarreglur bensín- og dísilvéla

Sótagnir eru mældar á grundvelli svokallaðra NOx-gilda. Staðreyndin er sú að með nýrri reglugerð ESB, Euro 6, verða kröfur til mengunar frá bensín- og dísilvélum mjög áþekkar, og hefur Renault þegar uppfyllt þessar kröfur og raunar gott betur. Sem dæmi býður Renault afar öfluga 1,5 lítra, 90 hestafla dísilvél með 220 Nm togi. Eyðslan er aðeins 3,3 lítrar á hverja 100/km í blönduðum akstri* og er sótagnagildi vélarinnar (NOx) aðeins 33,9 mg/km sem er sambærilegt við margar nýjustu bensínvélarnar á markaðnum. Til samanburðar er sótagnagildi nýju 0,9 lítra 90 hestafla bensínvélarinnar í Clio 28,1 mg/km sem er lítils háttar minna en í dísilvélinni. Leitun er að jafn umhverfismildri dísilvél sem eyðir jafn litlu og þessi frá Renault auk þess sem sótagnagildið er komið í það minnsta sem líkur eru á að náist í dísilvélum í þessum stærðarflokki. Á undanförnum árum hafa evrópskir bílaframleiðendur náð verulegum árangri í þróun umhverfismildari dísilvéla til að uppfylla kröfur Euro 6 sem hefur að markmiði að bæta loftgæði, ekki síst í þéttbýli.



# Peugeot 308 R Hybrid er 500 hestafla tengiltvinnbíll



Nokkrir mjög öflugir tengitvinnbílar eru nú framleiddir, en allir eiga það sammerkt að vera svo dýrir að almenningur hefur ekki ráð á þeim. Er þá átt við bíla eins og Porsche 918, McLaren P1, Ferrari LaFerrari og BMW i8. Sá síðastnefndi er þó þeirra langódýrastur, en kostar samt 135.000 dollara. Það skyldi þó ekki vera Peugeot sem fyrst allra bílaframleiðenda smíðar mjög öflugan tengiltvinnbíl sem almenningur hefur ráð á. Það gæti orðið í formi þessa Peugeot 308 R Hybrid bíls sem Peugeot sýndi nýlega.

### Er 4 sekúndur í hundraðið

Peugeot 308 R Hybrid er með 270 hestafla bensínsvél og rafmótora sem skila 115 hestöflum að jafnaði, en með „Hot Lap"-stillingu má kreista meira afl útúr þeim og er þá heilkdarhestaflafjöldinn orðinn 500. Það dugar til að koma bílnum í 100 km hraða á 4 sekúndum. Peugeot hefur ekki enn gefið upp hvort af fjöldaframleiðslu á þessum bíl verður, né heldur á hvaða verði hann yrði þá seldur. Þeir sem fjallað hafa um bílinn hafi giskað á að verð hans yrði á bilinu 50 til 60 þúsund dollarar, eða 6,8-8,1 milljónir króna. Það er nokkru viðráðanlegra verð en á ofantöldu bílunum.


Porsche GTE-fjölskyldan á fullri ferð í brautinni.

# PORSCHE GTE-LÍNAN TEKIN TIL KOSTANNA

**Er hægt að bjóða bílaáhugamanni meiri ánægju en að reynsluaka öllum fimm gerðum GTE-bíla Porsche á Ascari-kappakstursbrautinni á Spáni? Ekki skemmdi fyrir að aka Porsche 911 GTE Targa frá Malaga að brautinni.**

Fátt fær hjartað til að slá hraðar en fá að prófa 5 mismunandi gerðir af GTE-útfærslum Porsche-bíla og það á Spáni. Áfangastaðurinn Malaga á S-Spáni og aka átti frá Malaga í Andalúsíu á einum þessara bíla að kappakstursbraut sem nefnd er Ascari og þar skyldu þeir allir teknir til kostanna. Er hægt að biðja um meira? Líklega ekki. Þótt sólin hefði ekki skinið sem skærast er við lögðum af stað á Porsche 911 GTE Targa með opnu þaki hefði það engu breytt því brosið á mér og ferðafélaga mínum hefði lýst upp daginn. Sólin sem skein og var nýkomin upp að morgni sakaði ekki þar sem blæjan var niðri. Nógu spennandi var að aka þessu 430 hestafla tryllitæki ríflega 100 kílómetra leið að brautinni, en það sem taka átti við hefði gert flesta bílaáhugamenn sturlaða af gleði, þ.e. brautaraksturinn.

### Hvað þýðir GTE?

En hvers konar bílar eru GTE-bílar Porsche? Í fyrsta lagi eru þeir 7 talsins, þ.e. Porsche 911 GTE í þremur útfærslum, Coupe, Targa og Cabriolet. Svo má fá Boxter GTE, Cayman GTE, Panamera GTE og Cayenne GTE. En hvað táknar þetta GTE? Fyrst þarf þá að kynna til sögunnar Porsche 911 GT3-bílinn, sem er hreinræktaður brautarakstursbíll og hefðbundinn Porsche 911 Carrera. Porsche 911 GTE er bíll sem skotið er á milli þessara tveggja. Hann er semsagt bíll sem hæfur er til krefjandi brautaraksturs, en í leiðinni vegahæfur bíll og gott betur en það því hann reyndist hinn þægilegast í akstri á venjulegum vegum þrátt fyrir að vera sannkallað brautartröll í öllum gerðum. GTE-bílarnir eru með stífari fjöðrun en hefðbundnar gerðir þessara bíla, lægri á vegi og með 30 til 50 fleiri hestöfl. Auk þess jaðrar vélarhljóðið frá þeim við klám.

### Brautarakstur á öllum gerðum

Þegar að brautarakstrinum kom fóru 2-4 bílar saman með sérhæfðan undanfara á 560 hestafla Porsche 911 Turbo S bíl. Í hverjum reynsluakstursbíl er labbrabb tæki til að hlusta á undanfarann kenna hvernig best er að aka brautina. Þar fór greinilega fagmaður og aksturinn batnaði við hverja ráðlegginguna hans. Einnig var afar gott að hafa svo reyndan bílstjóra fyrir framan sig í brautinni til að lesa línuna sem hann tók og tryggja með því betri árangur. Farnir voru 4 hringir hverju sinni og einn hringur í lokin til að kæla bremsubúnaðinn og dekkin. Svo var bara haldið áfram í næsta og næsta bíl og aldrei hef ég á ævinni ekið eins mikið á einum degi í braut. Í hvert skipti sem ég steig út úr þessum mismunandi GTE-bílum bogaði af mér svitinn af æsingnum einum saman. Enda þurfti ég að drekka ógrynni af vatni á móti.

### Cayman kom mest á óvart

Hver einasti þessara GTE-bíla Porsche var frábær. Það sem kom kannski mest á óvart var að Porsche Cayman GTE var skemmtilegastur í akstri þó svo að hann búi yfir talsvert minna afli en 911 GTE. Einnig var magnað að keyra Panamera GTE, svona stóran sleða og finna allt það geggjaða veggrip sem hann hafði og hve hratt var hægt að fara brautina á honum. Þá var forvitnilegt að prófa Cayenne-jeppann í þessari útfærslu en erfiðast var að halda honum á brautinni, finna rétta línu fyrir hann og ná góðum tíma. En ári var hann samt öflugur. Porsche 911 GTE er 430 hestöfl, Boxter GTE 330 hestöfl, Cayman 340 hestöfl og Panamera GTE og Cayenne GTE báðir 440 hestöfl. Bestum tíma í hundraðið nær 911 GTE, 4,1 sekúndu. Næstbest gerir Panamera á 4,4, Cayman á 4,9, Boxter á 5,0 og Cayenne á 5,2 sekúndum. Þrátt fyrir betri tíma 911 en Cayman var eins og jafn hratt væri hægt að aka brautina á þeim síðarnefnda þar sem léttleiki og liðleiki bílsins til brautaraksturs er svo mikill. Þessi dagur og sú reynsla sem þarna náðist verður undirrituðum ógleymanleg, en í leiðinni notadrjúg.


Porsche 911 GTE Targa var fararskjótinn frá hóteli að kappakstursbrautinni.




Eldsneytiseyðsla í blönduðum akstri **5,9**L/100km og $CO_2$ útblástur (g/km) **139**.

MOTION & EMOTION

PEUGEOT

BERNHARD

Bernhard ehf • Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

**Umboðsaðilar:** Reykjanesbæ, Bernhard, sími 421 7800 • Akranesi, Bílver, sími 431 1985 Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535

Þú finnur okkur á Facebook

facebook.com/PeugeotIceland










| | | |
|---|---|---|
| Ford | 2,0 L DÍSILVÉL,<br>180 HESTÖFL<br>Framhjóladrif<br>Eyðsla: 4,8 l/100 km<br>í bl. akstri | Mengun: 125 g/km CO2<br>Hröðun: 8,6 sek.<br>Hámarkshraði: 223 km/klst.<br>Verð frá: 3.990.000 kr.<br>Umboð: Brimborg |



Ford Mondeo er stór fjölskyldubíll, afar hentugur í ferðalögin. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



# STÓRBÆTTUR OG FLOTTUR MONDEO

## Miklar og jákvæðar breytingar á fjórðu kynslóð Mondeo sem áfram er afar hentugur bíll fyrir stærri fjölskyldur. Fæst frá 3.990.000 krónum. Hefur nú þegar sópað til sín verðlaunum.

**FORD MONDEO**
**Finnur Thorlacius** reynsluekur

Lengi hefur verið beðið eftir nýrri kynslóð Ford Mondeo en stutt er síðan hann kom til sölu í Brimborg. Ford Mondeo kom fyrst fram á sjónarsviðið árið 1992 en nú kemur hann af fjórðu kynslóð, átta árum eftir að þriðja kynslóð hans var kynnt. Nýjum Ford Mondeo hefur verið afar vel tekið og hefur hann sópað til sín verðlaunum nú þegar og snemma á árinu hlaut hann til að mynda vegtyllurnar besti langbakurinn af breska tímaritinu What Car? og fyrirtækjabíll ársins í Danmörku. Ford Mondeo á margan keppinautinn og á ekki ósvipuðum tíma kom ef til vill hans helsti keppinautur, Volkswagen Passat af nýrri kynslóð, sem og andlitslyft Mazda6. Ennfremur stendur bílum í þessum flokki nokkur ógn af dýrari lúxusbílum að svipaðri stærð, þ.e. Audi A4, BMW 3-línan og Mercedes Benz C-Class. Ford Mondeo var reynsluekið á dögunum og ekki verður annað sagt en hann standi undir þeim verðlaunum sem hann hefur þegar hlotið, hér er kominn afar vandaður og fagur bíll með fína eiginleika.

### Fagur sýnum og sver sig í ættina

Útlit þessarar nýju kynslóðar er ansi mikið breytt frá þeirri fyrri og hefur tekist einkar vel til í hönnun hans. Greinarritari er hrifnastur af framenda bílsins, sem er grimmur og sportlegur, en aðrir hlutar bílsins eru einnig fallegir sýnum. Framendinn er reyndar afar klassískur þegar um bíl frá Ford ræðir, en hann er mjög líkur framenda bæði Fiesta- og Focus-bílanna með sitt stóra grill sem margir hafa reyndar sagt að sé stolið frá Aston Martin. Straumlínulöguð og lítil framljós bílsins auka á sportlegt útlitið og voldugt grillið ýtir enn undir flottheitin. Mondeo er nú allur straumlínulagaðri og segir Ford að loftmótstaða hans hafi batnað um 10% og kemur það ekki á óvart. Innréttingin er öll endurhönnuð og mjög falleg. Ekki veitti þó af þar sem fyrri kynslóð hans var svo sem ekkert augnayndi og bætt efnisnotkun og frískleg hönnun setur þennan bíl á nýjan stall. Mikil bót er í aukinni einangrun bílsins og er hann svo hljóðlátur að undrum sætir.

### Öflugur dísilrokkur

Ford Mondeo má fá hér á landi með þremur gerðum bensínvéla, 125 til 160 hestafla og þremur gerðum dísilvéla, 150 til 180 hestafla. Merkilegt er að í svona stórum bíl sé að finna 1,0 lítra bensínvélina, en hún hefur verið valin vél ársins í heiminum þrjú ár í röð og er algjörlega frábær vél og 125 hestöfl. Tæplega getur bíllinn þó verið sérlega röskur með henni en víst er að eyðsla hans er ekki mikil. Allt annað verður sagt um vélina sem var í reynsluakstursbílnum en hún var 180 hestafla dísilvél og alger kraftaköggull. Með henni er bíllinn sem spyrnukerra og aldrei skortir hann afl. Samt sem áður var eyðsla bílsins ferlega lítil og sáust oftast tölur milli 6 og 7 lítra á hverja hundrað kílómetra og er það frábært fyrir svo stóra vél í stórum bíl. Bíllinn var af sedan-gerð en Mondeo má einnig fá sem langbak og þykir greinarskrifara hann enn fagurri og yrði hann alltaf fyrir valinu, auk þess sem flutningsrými hans er talsvert meira.

### Þægilegur í akstri en engin fimleikastjarna

Aksturshæfni Ford Mondeo er með ágætasta móti en hann tekur þó ekki mikið fram fyrri gerð bílsins. Hann er hrikalega ljúfur í akstri en þar sem fyrri gerð Mondeo var líklega með bestu aksturseiginleikana í sínum flokki má hann nú passa sig vegna stórbættrar aksturshæfni Volkswagen Passat og ekki síst Mazda6. Liðleiki bílsins í akstri er mikill og áhersla hefur greinilega verið lögð á þægindin í akstri en fyrir vikið er hann ekki eins beittur og nákvæmur og fyrri gerð og áðurnefndir bílar. Flestir myndu þó þakka fyrir þessa breytingu bílsins, en fyrir þá sem hyggjast taka af fullu afli á eiginleikum bílsins gæti gætt örlítilla vonbrigða. Langflestir aka þó bílum sínum þannig að þægindi og ljúfur akstur skiptir mestu og þeir bensínþungu eru jú ekki alltaf að reyna á fulla getu bílsins. Ford Mondeo er á afar góðu verði og ódýrasta gerð hans er á 3.990.000 kr. sem er frábært verð fyrir svo stóran og flottan bíl. Það á reyndar við um tvo stærstu keppinauta hans, VW Passat og Mazda6. Það getur varla talist tilviljun, en það verður að segjast að allir þessir bílar er hrikalega góðir og kannski fara aftur að seljast bílar hér á landi í þessum stærðarflokki, en þeir hafa selst harla lítið frá hruni. Taka skal fram að reynsluakstursbíllinn með 180 hestafla dísilvélinni kostar 5.690.000 kr. en þá er hann líka í vandaðri Titanium-útfærslu.

**KEMUR Á ÓVART**

Langbakurinn er fallegri en sedan-útgáfan. Lítil eyðsla öflugrar vélar. Mjög hljóðlátur. Ódýr í einföldustu útfærslu.

- LÍTIL FRAMFÖR Í AKSTURSHÆFNI

- ÚTLIT
- RÝMI
- EYÐSLA
- INNRÉTTING







**INNRÉTTINGIN ENDURHÖNNUÐ** og efnisval breytt til batnaðar.

**STAFRÆNIR MÆLAR** setja nýstískulegt yfirbragð á mælaborðið og eru mjög læsilegir.



# Líf og fjör við Laugaveginn

Margmenni mætti í húsakynni Heklu við Laugaveg um síðustu helgi þegar Volkswagen Passat var frumsýndur. Hans hefur verið beðið með mikilli eftirvæntingu og viðtökurnar eru vægast sagt góðar. Um allan heim hefur nýjum Volkswagen Passat verið fagnað og er bíllinn margverðlaunaður. Volkswagen Passat hefur til dæmis hlotið hin virtu hönnunarverðlaun Red Dot, öryggisverðlaun frá WhatCar? og var nú síðast, kosinn bíll ársins í Evrópu 2015. Þar vann hann yfirburðasigur með 340 stig en bíllinn í öðru sæti hlaut 248 stig.

**3.000 bílar framleiddir á dag**

VW er sérlega þéttur og vel smíðaður bíll enda er nýja kynslóðin sú áttunda í röðinni en VW Passat hefur verið framleiddur óslitið síðan 1973 í alls 22 milljónum eintaka. Passat selst í 1,1 milljón eintaka árlega, sem eru tveir bílar á mínútu eða 3.000 bílar á dag. Hönnun áttundu kynslóðar Volkswagen Passat endurspeglar 40 ára tryggð við fágun og tímalausa hönnun. Hönnun á nýja Passatinum hefur sportlegra yfirbragð sem sækir fyrirmynd sína til hins þekkta Volkswagen CC útlits.

**20% sparneytnari**

Áhersla er lögð á kraftmeiri og eyðslugrennri bíla sem meðal annars fæst með nýrri vélarhönnun og léttari bíl sem eykur sparneytni um allt að 20%. Nýr Passat er rúmbetri en fyrirrennari hans fyrir ökumann, farþega og farangur, hleðslurými í nýja Passatinum hefur aukist um allt að 47 lítra. Í bílnum er lögð mikil áhersla á að bjóða upp á bestu tækni- og öryggislausnir, þar á meðal má nefna nýjungar á borð við kerruaðstoð, 360 gráða myndavél og stafrænt mælaborð. Nýr Passat er fáanlegur með 150 hestafla bensínvél og dísilvélum frá 120 til 240 hestöfl sem jafnframt eru í boði með fjórhjóladrifi. Verðið er frá aðeins 3.990.000 krónum.





Mæðginin Selma Birna Úlfarsdóttir og Gabríel Haukur Halldórsson kampakát í Opel-salnum.

## Með Opel til Berlínar

Bílabúð Benna hefur staðið fyrir reynsluakstursleiknum „Með Opel til Þýskalands“ undanfarnar vikur. Glæsilegur vinningur var í boði, helgarferð fyrir tvo til Þýskalands, með flugi og gistingu á fjögurra stjörnu hóteli. Fólk komst í vinningspottinn með því að mæta í Opel-salinn á Tangarhöfða eða í Reykjanesbæ og reynsluaka bíl úr Opel-flotanum. Svo var líka hægt að stimpla sig í leikinn á Opel-sýningum í Kringlunni, þar sem Insignia og Corsa voru í aðalhlutverki. Ríflega sex þúsund manns freistuðu gæfunnar. Dregið hefur verið og upp kom nafnið Selma Birna Úlfarsdóttir. Selma Birna ætlar að bjóða manninum sínum, Halldóri Emil Sigtryggssyni, með sér. Þau völdu að fara til Berlínar og eiga örugglega spennandi upplifun í vændum. Fram kemur í fréttatilkynningu að Bílabúð Benna færi öllum þátttakendum bestu þakkir.

## Askja afhenti söfnunarfé úr geðveikri jólalagakeppni

Hið frumsamda jólalag Bílaumboðsins Öskju, „Hver einustu jól með þér“, bar sigur úr býtum og hlaut titilinn „Geðveikasta jólalagið“ í jólalagakeppni fyrirtækja í desember sl. Markmið keppninnar var að minna á geðrækt á vinnustöðum. Að auki vann Askja söfnunarhluta keppninnar og safnaði samtals 1.379.250 kr. til styrktar Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra. Jón Trausti Ólafsson, framkvæmdastjóri Öskju, og Freyja Leópoldsdóttir markaðsstjóri afhentu styrkinn í gær og kynntu sér í leiðinni starfsemi styrktarfélagsins. „Við erum afar ánægð að geta lagt þessu góða málefni lið. Hjá félaginu er unnið mjög mikilvægt starf en á Æfingastöðinni fer fram umfangsmesta sjúkra- og iðjuþjálfun barna og ungmenna á landinu. Starfsfólk Öskju valdi málefnið sjálft og við erum sannfærð um að styrkurinn muni koma að góðum notum,“ segir Jón Trausti sem var einnig stoltur af sönghæfileikum síns fólks hjá Öskju í jólalagakeppninni. „Við hjá Styrktarfélaginu erum þeim hjá Öskju virkilega þakklát fyrir þennan veglega styrk. Styrkir sem þessir skipta starfsemina verulegu máli en það gerir okkur kleift að bæta aðstöðu, þróa starfið og byggja upp enn frekar – börnunum og fjölskyldum þeirra í hag,“ segir Berglind Sigurgeirsdóttir, markaðs- og kynningarstjóri Styrktarfélagsins.



Freyja Leópoldsdóttir, Jón Trausti Ólafsson, Vilmundur Gíslason, Berglind Sigurgeirsdóttir, Gerður Gústavsdóttir og Áslaug Guðmundsdóttir við afhendingu söfnunarfjárins.



Ford F-150 er vinsælasti bíllinn í 14 ríkjum Bandaríkjanna.

# HVAÐA BÍLAR ERU VINSÆLASTIR Í HVERJU RÍKI BANDARÍKJANNA?

Í Flórída er Toyota Corolla vinsælastur og Honda Accord í Kaliforníu. Subaru-bílar eru mest seldir í fjórum ríkjum.

Þó að Ford F-150 pallbíllinn sé vinsælasta bílgerðin í Bandaríkjunum og hafi verið það ógnarlengi, er ekki þar með sagt að hann sé vinsælastur í öllum ríkjum Bandaríkjanna. Á suðlægum slóðum eins og í Flórída er ekki mikil þörf fyrir pallbíla og þar er Toyota Corolla mest seldi bíllinn. Á hinni ströndinni í Kaliforníu, langfjölmennasta ríki Bandaríkjanna, er það hins vegar Honda Accord sem bílkaupendur eru sólgnastir í. Þótt Honda Accord seljist best í Kaliforníu er Toyota Camry mest seldi fólksbíllinn í öllum Bandaríkjunum og sá söluhæsti í ríkjunum Alabama, Georgíu, S-Karólínu og N-Karólínu, en öll eru þetta suðlæg ríki á austurströndinni.

### Tveir Subaru-bílar algengastir í fjórum ríkjum

Tvær gerðir Subaru-bíla eru vinsælastir allra bíla í fjórum ríkjum, Subaru Forester í Connecticut og Subaru Outback í Maine, Washington og Colorado. Í þessum ríkjum snjóar talsvert og í þeim býr fólk sem gjarnan hefur áhuga á útivist og hefur því þörf fyrir bíla sem ráða við erfiðari aðstæður. Einn bíll enn sem ekki er pallbíll er vinsælastur í tveimur ríkjum, þ.e. Honda CR-V, en mestar líkur eru á að finna hann af öllum bílum í ríkjunum New York og Rhode Island.

### Pallbílar vinsælastir í flestum ríkjum

Í öllum öðrum ríkjum Bandaríkjanna eru pallbílar vinsælastir og þá ekki bara Ford F-150. Í Arizona, Nevada, Alaska, Montana og Oregon eru Ram-pallbílar vinsælastir. Alaska er víðáttumesta ríki Bandaríkjanna þó fámennt sé og þar er vissulega þörf fyrir stóra, sterka og fjórhjóladrifna bíla sem tekið geta mikinn farangur eða hlass og því skiljanlegur áhugi á bílum eins og þessum. Pallbíllinn Chevrolet Silverado er vinsælastur í miðríkjunum kringum stóru vötnin, þ.e. Illinois, Indiana, Iowa, Kentucky, Michigan, Minnesota, Ohio, Delaware, New Hampshire og Vestur-Virginíu. Á Hawaii-eyjum er hinsvegar mest sala í Toyota Tacoma-pallbílnum og í Vermont er vinsælasti bíllinn GMC Sierra, sem einnig er pallbíll.

### Ford F-150 mest keyptur í 14 fylkjum

Í öllum öðrum ríkjum Bandaríkjanna er Ford F-150 pallbíllinn mest seldi bílinn, þ.e. í Arkansas, Idaho, Kansas, Wyoming, Louisiana, Missouri, Mississippi, Nebraska, Nýja-Mexíkó, Norður- og Suður-Dakóta, Oklahoma, Pennsylvaníu, Tennessee og Utah. Það er ekki að spyrja að áhuga Bandaríkjamanna á pallbílum og nú renna þeir út eins og heitar lummur á tímum lækkandi bensínverðs.

# NÝR SKODA OCTAVIA G-TEC ER UMHVERFISVÆNN

Á dögunum afhenti Hekla fyrsta Skoda Octavia G-TEC bílinn sem er einmitt fyrsti metanbíll Skoda. Bíllinn lítur út eins og venjulegur Skoda Octavia en G-TEC útgáfan er að mörgu leyti einstök og ber fyrst að nefna að hann er bæði metan- og bensínbíll.

### Tvenns konar eldsneytistankar

Á bílnum eru tvenns konar eldsneytistankar. Á metantankinum einum og sér kemst bíllinn allt að 410 kílómetra og á bensíntankinum allt að 930 kílómetra. Á þessu komast ökumenn 1.330 km án þess að fylla á sem gerir bílinn fullkominn bíl fyrir umhverfisvænan akstur. Það þarf engu að fórna til að vera umhverfisvænn á þessum bíl.

### Umhverfisvænir Skoda-bílar

Allir Skoda-bílar eru hannaðir með framúrskarandi skilvirkni í huga til að valda sem minnstum gróðurhúsaáhrifum, þökk sé notkun á háþróuðustu tækni. Til dæmis valda Skoda G-TEC bílar áþreifanlega minni mengun en bílar sem nota hefðbundið eldsneyti, ekki aðeins hvað varðar nituroxíð, kolmónoxíð, koldíoxíð og botnfallsefni, heldur líka hvað varðar krabbameinsvaldandi efni á borð við vetniskol, aldehýð og arómatísk efni á borð við bensól.

### Náttúrulegt gas elsta eldsneytið

Gas er elsta eldsneytið fyrir vélar sem brenna eldsneyti. Um allan heim hafa bílaframleiðendur haft margra áratuga reynslu af náttúrulegu gasi sem eldsneyti. Jafnvel áður en Carl Benz og Gottlieb Daimler komu bensínvélum sínum á markaðinn höfðu Etienne Lenoir í Frakklandi og Nikolaus Otto í Þýskalandi byggt gasknúnar vélar snemma á sjöunda áratug 19. aldar. Þar sem bíllinn er mjög umhverfisvænn er hann undanskilinn vörugjöldum sem gerir hann mjög hagkvæman í innkaupum, sem og í rekstri.

### Þróuð tvíeldsneytisvél

Octavia G-TEC er knúinn þróaðri 4ra strokka tvíeldsneytisvél með afgasforþjöppu og er hún 110 hestöfl. TSI-vélin sem er með 1,4 lítra sprengirými gengur aðallega fyrir CNG-gasi en virkni hennar og akstursvið eru aukin með 50 lítra bensíntanki. Svo er þægilegt og hreinlegt að fylla á Octavia. Ef skynsemin réði væru ansi margir á ŠKODA Octavia G-TEC. Í honum samtvinnast fegurð, kraftur og virðing fyrir umhverfinu. G-TEC sameinar kosti metans og bensíns, ökumenn nýta íslenska orku og eldsneytiskostnaður lækkar um allt að 35%. Hver vill ekki fara 1.330 km án þess að fylla á og fá svo líka frítt í stæði?



Gestur Benediktsson, sölustjóri Skoda, afhendir fyrsta Skoda Octavia G-TEC bílinn.

# SUZUKI NOTAÐIR BÍLAR



**SUZUKI Grand Vitara Premium**

Skr. 06.2012,
ekinn 52 Þ.KM,
bensín, 5 gírar.

**Verð 3.980.000.**

Rnr.100407.



**TOYOTA Aygo**

Skr. 03.2008,
ekinn 33 Þ.KM,
bensín, 5 gírar,
VSK bíll.

**Verð 1.150.000.**

Rnr.100940.



**SUZUKI SX4 GLX**

Skr. 09.2009,
ekinn 67 Þ.KM,
bensín, 5 gírar.

**Verð 1.880.000.**

Rnr.100928.



**SUZUKI Grand Vitara Premium**

Skr. 06.2011,
ekinn 49 Þ.KM,
bensín, sjálfskiptur.

**Verð 3.680.000.**

Rnr.100663.



**M.BENZ C C230 K Coupe**

Árgerð 2004,
ekinn 84 Þ.KM,
bensín, sjálfskiptur,
leður, sóllúga o.fl.

**Verð 1.750.000.**

Rnr.100655.



**SUZUKI Grand Vitara Premium**

Skr. 06.2011,
ekinn 46 Þ.KM,
bensín, 5 gírar.

**Verð 3.570.000.**

Rnr.100446.



**SUZUKI Grand Vitara Luxury**

Skr.06.2009,
ekinn 100 Þ.KM, dísel,
5 gírar, leður, sóllúga,
dráttarbeisli.

**Verð 2.950.000.**

Rnr.100599.



**SUZUKI Grand Vitara XL-7**

Skr. 06.2007,
ekinn 126 Þ.KM,
bensín, sjálfskiptur,
7 manna.

**Verð 1.850.000.**

Rnr.100103.



**SUZUKI Jimny JLX**

Skr. 05.2012,
ekinn 53 Þ.KM,
bensín, 5 gírar.

**Verð 2.450.000.**

Rnr.100801.



**SUZUKI Jimny JLX**

Skr. 06.2011,
ekinn 87 Þ.KM,
bensín, sjálfskiptur.

**Verð 2.250.000.**

Rnr.100825.



**PORSCHE Cayenne**

07.2005, ekinn 118 Þ.KM,
bensín, sjálfskiptur,
leður, dráttarbeisli o.fl.

**Verð 2.980.000.**

Rnr.100319.



**CHEVROLET Aveo LTZ**

Skr. 01.2012,
ekinn 47 Þ.KM,
bensín, sjálfskiptur.

**Verð 2.150.000.**

Rnr.100907.



**SUZUKI Kizashi AWD**

Skr. 01.2013,
ekinn 24 Þ.KM, bensín,
sjálfskiptur, leður, sóllúga.

**Verð 4.690.000.**

Rnr.100816.



**SUZUKI Splash GLS**

Skr. 06.2010,
ekinn 96 Þ.KM,
bensín, 5 gírar.

**Verð 1.190.000.**

Rnr.100915.



**SUZUKI Splash GLS**

Skr. 02.2012,
ekinn 32 Þ.KM,
bensín, 5 gírar.

**Verð 1.490.000.**

Rnr.100923.



**SUZUKI Swift GL**

Skr. 10.2007,
ekinn 135 Þ.KM,
bensín, sjálfskiptur.

**Verð 1.180.000.**

Rnr.100910.



**SUZUKI Swift GL 4x4**

Skr. 05.2011,
ekinn 78 Þ.KM,
bensín, 5 gírar.

**Verð 1.850.000.**

Rnr.100917.



**SUZUKI Swift GLX**

Skr. 01.2013,
ekinn 19 Þ.KM,
wbensín, sjálfskiptur.

**Verð 2.490.000.**

Rnr.100932.

SUZUKI

**Komdu og skoðaðu úrvalið**

Suzuki bílar hf • Skeifan 17 • 108 Reykjavík • Sími 568 5100 • www.suzuki.is

**2,0 L DÍSILVÉL, 150 HESTÖFL**
Framhjóladrif

**Eyðsla:** 4,8 l/100 km í bl. akstri

**Mengun:** 127 g/km CO2
**Hröðun:** 9,8 sek.
**Hámarkshraði:** 204 km/klst.
**Verð frá:** 3.990.000 kr.
**Umboð:** Brimborg

- AÐGENGI AÐ FARANGURSRÝMI
- RAFDRIFIN HANDBREMSA

- FALLEGUR
- GÓÐIR AKSTURSEIGINLEIKAR
- VERÐ
- RÝMI

# EINN SÁ FLOTTASTI Á GÖTUNUM

**Andlitslyftur Mazda6 af þriðju kynslóð mættur aðeins tveimur árum eftir kynningu hans og nú ennþá fallegri og stórlega betur einangraður. Með allra bestu akstursbílum og með magnaðar SkyActive bensín- og dísilvélar.**

**MAZDA6**
**Finnur Thorlacius** reynsluekur



Mazda6 í Sedan-útfærslu er fallegur bíll en ennþá fallegri í langbaksgerð. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Fyrir tveimur árum kom Mazda6 af þriðju kynslóð og því hefur ekki langur tími liðið þar til Mazda kynnir nú andlitslyftingu á þessum gerðarlega bíl. Mazda6 hefur svo rækilega slegið í gegn að hann hefur nú selst í meira en milljón eintökum frá komu hans fyrir 13 árum. Náði hann því marki fyrstur allra bílgerða Mazda frá upphafi. Núverandi kynslóð Mazda6 er sláandi flottur bíll og þær útlitsbreytingar sem nú hafa verið gerðar hafa aðeins gert hann ennþá flottari. Bíllinn er kominn með ný framljós með LED-lýsingu og lýsir hún nú inn í beygjur og eykur með því öryggi. Mesta útlitsbreytingin er á framenda bílsins, grillið hefur stækkað og er hann nú enn sportlegri en áður og grimmilegri. Það verður að segjast að útlit Mazda6 er eitt það allra fegursta sem sést hér á vegunum og ég stend sjálfan mig að því að snúa höfði og góna á eftir þessum bíl í hvert sinn sem ég mæti eintaki. Það verður ekki sagt um marga bíla í þessum verðflokki. Annars er flest fallegt að segja um bíla Mazda nú um stundir því Mazda3 og jepplingurinn CX-5 eru einnig gullfallegir bílar.

### Frábærar SkyActive-vélar

En fegurðin er ekki allt þegar um Mazda-bíla er að ræða því þeir eru allir með frábærar Sky-Active vélar, bæði bensín- og dísilknúnar. Þegar Mazda6 af þessari þriðju kynslóð kom á markað reyndist afar erfitt fyrir flesta seljendur bílsins um allan heim að fá eintök af honum með dísilvélinni, svo gríðarleg eftirspurn var eftir henni. Það hefur sem betur fer lagast, en í marga mánuði fékkst hann ekki þannig hjá Brimborg, þeir fengu einfaldlega bílinn ekki til sölu. Bensínvélarnar sem eru í boði eru 145 til 192 hestafla, 2,0 eða 2,5 lítra og eyða frá 5,5 lítrum í blönduðum akstri. Dísilvélarnar eru 150 eða 175 hestafla, báðar með 2,2 lítra sprengirými og eyðir sú aflminni aðeins 4,2 lítrum. Reynsluakstursbíllinn var með aflminni dísilvélinni og það sætir furðu því bíllinn er ári snarpur og enginn skortur er á afli. Hann er því enn skemmtilegri með þeirri aflmeiri en milli þeirra liggur þó 800.000 króna verðmunur, en þá fylgir Optimum-búnaður bílsins með margháttaður aukabúnaður. Svo mikið tog er í þessari aflminni dísilvél að dráttargeta hans er 1.800 kíló, eða meiri en í mörgum jepplingnum. Hestafólk ætti að athuga það. Greinarritari hefur einnig reynt bílinn með bensínvél og ekki fer þar leiðinlegur bíll heldur. Hann er snarpari með bensínvélunum og Brimborg selur mest af Mazda6 með 165 hestafla bensínvél, sem kostar 4.490.000 kr.

### Alveg endurhannað innanrými

Eins og fyrr segir er Mazda6 einkar laglegur bíll að ytra útliti en það á einnig við að innan. Það er ekki hægt að tala um neinn íburð, en fremur smekklegheit og góða uppröðun stjórntækja. Innréttingin var við þessa andlitslyftingu bílsins algjörlega endurhönnuð og efnisval er allt betra og vandaðra og eftir því var strax tekið við að stíga inn í bílinn. Nýtt afþreyingarkerfi er komið í bílinn sem tekur verulega fram því fyrra. Í stað venjulegrar handbremsu er komin rafdrifin handbremsa sem fer lítið fyrir og eykur með því rými fyrir drykkjarstatíf og önnur hólf. Persónulega kýs ég þó hina hefðbundnu og þá til þess eins að geta beitt henni í beygjum og sem virku öryggistæki ef eitthvað skyldi nú bila. Til þess hefur þó ekki komið enn, sem betur fer. Rýmið í bílnum er sérlega gott og ákaflega vel fer um farþega og gríðarlegt fótarými fyrir aftursætisfarþega. Mazda6 er stór bíll sem keppir við Volkswagen Passat og Ford Mondeo og er ámóta að stærð og allir eru þeir í D-stærðarflokki bíla. Skottrými er mjög mikið en ekki er hægt að hrósa aðgengi í það í sedan-útfærslu bílsins sem prófuð var. Skottopnunin mætti vera stærri og ógnarlangt er að teygja sig innst í farangursrýmið, svo langt er það.

### Með betri bílum í akstri og stórbætt einangrun

Einn af aðalkostum Mazda6 er aksturseiginleikar bílsins. Hann er svakalega ljúfur í akstri og það má leggja mikið á hann og rásfestan til stakrar fyrirmyndar. Þar tekur hann fram flestum keppinautum sínum, sem þó er erfitt þegar einn þeirra er Volkswagen Passat. Ökumaður finnur fyrir miklu öryggi þegar farið er hratt, en einnig þegar frísklega er tekið á bílnum í innanbæjarakstri. Fá má Mazda6 með 6 gíra bein- eða sjálfskiptingu og reyndist sjálfskiptingin afar ljúf í bílnum og hann virtist alltaf vera í réttum gír og afl alltaf til staðar. Skemmtilegt var að finna hve vel vélin togar upp í háan snúning, sérstakt fyrir dísilvél og hámarkstog hennar helst upp í 5.000 snúninga. Svo vel vildi til að bíllinn var prófaður í sumarbústaðaferð á Vesturlandi og þegar kemur að langkeyrslu er Mazda6 sannarlega á heimavelli, sem kannski má eðlilegt teljast fyrir svo stóran bíl. Greinarritari gæti svo hugsað sér að fara hringinn á Mazda6, en þá yrði langbaksgerð hans fyrir valinu vegna farangursrýmisins og góðs aðgengis að því. Við langakstur finnst líka best fyrir því hve Mazda hefur einangrað bílinn betur og það miklu betur. Mjög lítið veghljóð berst inn í bílinn og vindgnauð er sáralítið. Vel gert þar. Enn einn kosturinn við Mazda6 er lágt verð hans, en bílinn má fá frá 3.990.000 kr. Það á reyndar einnig við um helstu samkeppnisbíla hans, Passat og Mondeo og fer þar engin tilviljun. Honda Accord slær einnig nærri á 4.190.000, en Kia Optima er á 4.620.777 kr.



**GOTT EFNISVAL í innréttingunni og nýtt og skilvirkara afþreyingarkerfi.**

**RAFDRIFIN HANDBREMSA er komin í stað hefðbundinnar.**

**1.800 KG dráttargeta sem er óvanalegt fyrir bíl í þessum flokki.**





Bílabúð Benna áskilur sér rétt til breytinga án fyrirvara á verði og búnaði.




***Ríkulegur staðalbúnaður:** 8 gíra sjálfskipting, leðurinnrétting, rafdrifin þægindasæti fyrir bílstjóra og farþega, hiti í framsætum, Bi-Xenon ljós,18“ álfelgur, fullkomið hljómkerfi með 10 hátölurum, tvöföld sjálfvirk miðstöð með loftkælingu, rafdrifinn afturhleri, skriðstillir, sportleðurstýri með aðgerðahnöppum o.m.fl.

# Nýr Porsche Cayenne!

Nýr og spennandi Porsche Cayenne skartar nýju útliti sem m.a. sést í stærra grilli og Bi-Xenon framljósum til að undirstrika kraftmikið og sportlegt útlit bílsins. Stærsta breytingin er ný dieselvél sem vakið hefur mikla athygli. Cayenne er nú aflmeiri, togar meira og er hraðari í hundraðið - en eyðslan og útblásturinn eru samt umtalsvert minni.

## Porsche Cayenne Diesel
## Verð: 13.790 þús. kr.*

PORSCHE

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

**Porsche á Íslandi • Bílabúð Benna**
Vagnhöfða 23 • 110 Reykjavík S: 590 2000
porsche@porsche.is • www.benni.is

**Opnunartími:**
Virka daga frá 9:00 til 18:00
Laugardaga frá 12:00 til 16:00

# Isuzu D-Max valinn besti atvinnupallbíllinn 2015 í Bretlandi



Isuzu D-Max var nýlega valinn besti atvinnupallbíllinn 2015 (Best Trade Pick-up) í Bretlandi og er þetta annað árið í röð sem D-Max hlýtur verðlaunin „Trade Van Driver Awards“ hjá samnefndu tímariti. Isuzu D-Max er alhliða pallbíll sem hentar vel til fjölbreyttra nota, hvort sem er í atvinnurekstri eða til einkanota fyrir þá sem vilja öflugan og sterkan, en jafnframt afar þægilegan jeppa. Bretar eru afar hrifnir af D-Max vegna styrkleika og 3,5 tonna dráttargetu, en einnig og ekki síst vegna hagkvæms rekstrarkostnaðar sem stafar af lágri bilanatíðni og lítilli eldsneytiseyðslu. Matt Eisenegger, ritstjóri Trade Van Driver Magazine, sagði við afhendingu verðlaunanna að fjölmargir aðilar í atvinnulífinu þurfi á að halda traustum og aflmiklum pallbíl sem hafi mikla dráttargetu og þoli vel erfiðar og torfærar aðstæður. Árið 2014 var besta ár Isuzu í Bretlandi frá upphafi og fer salan á D-Max stigvaxandi. Er Isuzu nú með 33,7% markaðshlutdeild á breska sendibílamarkaðnum, þar sem bíllinn er í boði í mörgum mismunandi útfærslum og með 125 þúsund mílna/5 ára verksmiðjuábyrgð eins og á öðrum mörkuðum.



# Lotus í sæng með Kínverjum

Breski sportbílaframleiðandinn Lotus og Goldstar Heavy Industrial Company í Kína hafa stofnað til samstarfs um smíði Lotus-bíla í Kína. Til stendur að smíða nýja bíla Lotus hjá Goldstar, bíla sem þróaðir verða í Kína og henta kaupendum þar. Lotus ætlar áfram að smíða sínar núverandi bílgerðir, Evora, Exige og Elise, í Hethel í Bretlandi. Fyrir aðeins tveimur árum benti flest til þess að Lotus væri að fara á hausinn og missti þá fjórðunginn af starfsfólki sínu. Lotus tókst hins vegar að snúa vörn í sókn og jók í fyrra sölu bíla sinna um heil 55% og opnaði 36 nýja sölustaði. Það eru því nýir tímar hjá Lotus og fyrirtækið ætlar ekki að missa af þeim tækifærum sem bílaframleiðendum standa til boða í Kína.



# Audi A6 L E-Tron í Shanghai

Audi fjölgar sífellt tvíorkubílum sínum og sýndi þann nýjasta, Audi A6 L E-Tron, á bílasýningunni í Shanghai um daginn. Þar fer bíll með uppgefna 2,2 lítra eyðslu en drifrásin samanstendur af 2,0 lítra bensínvél með forþjöppu og rafmótorum. Bensínvélin skilar 211 hestöflum og rafmótorarnir 122 hestöflum, en sameiginlegt afl er þó takmarkað við 245 hestöfl. Hann er 8,4 sekúndur í hundraðið og hámarkshraðinn er 210 km/klst. Þessi lengdi Audi A6 kemst fyrstu 50 kílómetrana á rafmagninu eingöngu og hann nær 135 km hraða þannig, en meiri hraði krefst aðstoðar bensínvélarinnar. Þessi nýja útfærsla Audi A6 er í fyrstu eingöngu ætluð Kínamarkaði og þar sem Audi framleiðir nú þegar lengda gerð Audi A6 í Kína, er þessi bíll rökrétt framhald. Audi A6 L E-Tron er einn af þremur tvíorkubílum sem Audi sýnir nú á bílasýningunni í Shanghai, en hinir tveir eru Audi Q7 E-Tron og Audi Prologue Allroad Concept.





www.krokur.net

522 4600

Taktu Krók á leiðarenda

Krókur er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahliða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:
• Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum

KRÓKUR
á þinni leið

Suðurhraun 3, 210 Garðabær

## BÍLAR & FARARTÆKI

bilaborg.is
Sími 517-1111



PORSCHE 911 carrera 4 . Árgerð 2001, ekinn 69 Þ.KM, bensín, 6 gírar. Verð 5.490.000. Rnr.133586. Glæsilegur bíll með öllu. Uppl síma 697-9933 www.bilaborg.is

**Bílaborg**
**Stórhöfða 26, 112 Reykjavík**
**Sími: 517 1111**
**http://www.bilaborg.is**

bilauppbod.is

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

STÓRA BÍLASALAN



Nissan Leaf SL Árgerð 2013. Ekinn 16þ.km. Leður o.m.fl.. 2 ár í ábyrgð. Eigum bíla á staðnum. Verð 3.580.000kr. Raðnr 156888. Sjá nánar á www.stora.is



Toyota Yaris Hybrid - NÝTT Árgerð 2015. Erum að fá nokkra á lager. Takmarkað upplag. Verð aðeins 3.090.000kr. Raðnúmer 156735. Sjá nánar á www.stora.is.

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

Vissir þú að... börn eiga rétt á nægum svefni
Barnaheill Save the Children á Íslandi

SUZUKI



EL-GO rafmagnsvespur. Ekkert próf, engin skráning, BARA GAMAN. Vespurnar eru til í fjórum flottum litum. Sama lága verðið 148.900.- kr.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

ÍSBAND.IS BÍLAINNFLUTNINGUR



**2015 NÝIR FORD F350**

Nýr og öflugri en áður, Dísel 440hö, Komdu og kynntu þér málið útvegum allar gerðir af F350, erum að taka niður pantanir, Kíktu á síðuna okkar www.isband.is

**Íslensk-Bandaríska ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbæ**
**Sími: 534 4433**
**Opið 10-18.00 og lau 11-15**
**http://www.isband.is**

567 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN www.nyja.is



**BÍLL DAGSINS !!!**

HONDA Cr-v. Árgerð 2006, ekinn 157 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Bíllinn er á staðnum Verð 1.590.000. Rnr.330151.

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**

100 bilar.is bílasala



Nissan Leaf 2015, Nýr bíll - Verksmiðjuábyrgð - Evrópubíll- 7" opnanlegur snertiskjár - 6,6 kw hleðsa - Eigum 2 stk í mismunandi litum- Verð 3790þús er á staðnum. Raðnr 151734

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18.00, Lau 11-15**
**www.100bilar.is**

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR



KIA Sportage EX 4wd. Árgerð 2013, ekinn 62 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.890.000. Rnr.991117. 5 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



MERCEDES-BENZ ML 500. Árgerð 2006, ekinn 120 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.990.000. Rnr.161345.



TOYOTA Land cruiser 150 gx. Árgerð 2011, ekinn 72 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 7.390.000. Rnr.991042.



TOYOTA Yaris terra. Árgerð 2013, ekinn 82 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.890.000. Rnr.991116.

**ASKJA notaðir bílar**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

CLASSICBILAR.IS Bílasala



BMW 318i E90 Árg 2008, ek 99 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Leður, Lúga, 18" M felgur . Umboðsbíll Verð 2.880þ Rnr.100671.

Óskum eftir bílum á söluskrá okkar
www.classicbilar.is

**Classicbilar.is**
**Gilsbúð 3, 210 Garðabær**
**Sími: 517 9500**
**http://classicbilar.is**

## Bílar til sölu



Volkswagon Golf ,98 beinskiptur. Er á nýlegum nagladekkjum. skoðað 2016, Ek. 170 þús. Nýjar bremsur, rafgeymi og fl. Vantar lagfæra gírkassa. Verð 250þ/tilboð. Uppl. í s. 8939556



**Verktakaþjónusta VÍ Íslands VÍ**

Alhliða verktaka og garðaþjónusta

20% af allri garðaþjónustu!

Uppl gefur Már í síma 780-5456

## Rafvirkjun

**Raflagnir Dyrasímar**

Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.

Fljót og góð þjónusta

Sími 893 1733

Jón Jónsson

Löggiltur rafverktaki

www.raflagnir.is

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**

Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

Rafinn ehf. Löggiltur rafverktaki, tek að mér töfluskipti og almenn rafvirkjastörf. Uppl. í s. 557 4020/892 3429

## Trésmíði

**INNRETTINGAR.IS**

Sérsmíðum innréttingar eftir þínum þörfum. Sérsmíði ehf s. 587 0777.

## Önnur þjónusta

Blekhylki.is

Ódýr blekhylki og tónerar í flesta prentara, Hagkaup Smáralind, Fjarðargata 11 Hf og í síma 517-0150

ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ

**ÞARFNAST BÍLAPLANIÐ ÞRIFA EÐA VIÐHALDS?**

Við bjóðum upp á eftirfarandi:

Götusópun

Gangstéttarsópun

Þvott á götum, bílastæðum og gangstéttum Málun og merkingar á bílastæðum

Malbiks- og kantsteinaviðgerðir

Umhverfishreinsun

**Allar nánari upplýsingar veita ráðgjafar Íslenska Gámafélagsins. www.gamur.is S: 577 5757 eða gamur@gamur.is**



**VALDÍS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMEÐFERÐ.**

Viltu léttast, takast á við kvíða, streytu, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu.

**Tímapantanir í síma 864-1273**

# KEYPT & SELT

## Til sölu

mýranaut

Ungnautakjöt beint frá býli. Nýjung minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204.

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is

**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)**

**Upplýsingar í síma 661 7000**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Nudd

Heilnudd. Nuddstofan svæði 112. Uppl. S: 823 5669 eða 693 0348

**TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**

Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.

**gsm 777 1313**

**leiga@leiguherbergi.is**

**TIL LEIGU Á AÐEINS 950 KR FM!**

Kistumelar 16, 116 Reykjavík 165 - 280 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsluhurðir, góð malbikuð lóð og greið aðkoma.

**Uppl. veitir Hafsteinn í s. 690-3031**

Til leigu er 130fm hús í Súðavík til 12. júní og frá 1. sept til 1.nóv. Allt til alls í húsinu rúm fyrir 10 manns. Leigist eftir samkomulagi. Upl í S: 8958582.

## Atvinnuhúsnæði

**TIL LEIGU OG SÖLU**

Ný 50 m2 bil í Steinhellu 14. Mikil lofthæð. Góðir gluggar og hurðir. Fyrir frístundir eða lítinn rekstur. S: 661-6800 og 564-6500

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.COM**

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**

Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**

Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

**SUMARTILBOÐ GEYMSLULAUSNIR.IS**

Verð frá 2900kr.mán Sækjum og sendum. S: 615-5005

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**VANTAR BÍLSTJÓRA Í 100% STARF**

Snyrtimennska, áreiðanleiki, dugnaður og íslenskukunnátta er skilyrði. Það að geta hafið störf sem allra fyrst.

Umsóknir og nánari upplýsingar á vinnaibodi@gmail.com titlað „Bílstjóri"

Starfmenn vantar á hjólbarðaverkstæði Sólningar í Kópavogi. Uppl. í s. 544 5012

**SMIÐIR ÓSKAST !**

Vantar smiði í vinnu. Uppl. í s. 8994819

# TILKYNNINGAR

## Fundir

**AÐALFUNDUR FLUGFÉLAGSINS GEIRFUGL EHF**

verður haldinn í Fluggörðum 25, 101 Reykjavík, fimmtudaginn 14. maí 2015, klukkan 20:00. Dagskrá í samræmi við 14. gr. samþykkta félagsins.

**Nánari upplýsingar á heimasíðu félagsins: www.geirfugl.is**

## Einkamál




## fasteignir

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Asparás 6 - Garðabæ. 4ra herbergja endaíbúð**

**Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15 – 17.45**




Mjög falleg og rúmgóð 112,4 fm. endaíbúð á 2. hæð í litlu fjölbýli, aðeins 4 íbúðir í stigagangi. Mjög vönduð og snyrtileg íbúð með fallegum samstæðum innréttingum (kirsuber) og parketi og flísum á gólfi. Tvennar svalir til austur og vesturs. Góð geymsla á jarðhæð með glugga. **Verð 42,9 millj. Verið velkomin.**

## tilkynningar

**GRINDAVÍKURBÆR**

**AUGLÝSING UM ÚTGÁFU FRAMKVÆMDALEYFIS OG ÁLIT SKIPULAGSSTOFNUNAR**

**Suðvesturlínur**

**Suðurnesjalína 2, 220 kV háspennulína í Grindavík**

Í samræmi við ákvæði skipulagslaga nr. 123 frá 2010 veitti Grindavíkurbær, þann 22.04.2015, Landsneti hf. framkvæmdaleyfi fyrir byggingu þess hluta Suðvesturlína, Suðurnesjalínu 2, 220 kV háspennulínu, sem liggur innan sveitarfélagamarka Grindavíkur. Innan Grindavíkur mun línan liggja samsíða núverandi Fitjalínu 1, um 50m vestan hennar, frá tengivirki á Njarðvíkurheiði að tengivirki við Rauðamel. Framkvæmdin nær til þriggja háspennumastra auk tengdra framkvæmda. Skipulags- og umhverfisnefnd Grindavíkur samþykkti umsókn Landsnets um framkvæmdaleyfið á fundi nefndarinnar þann 10. desember 2014 og bæjarstjórn Grindavíkur á fundi sínum þann 16. desember 2014. Álit Skipulagsstofnunar um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar, skv. ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106 frá 2000, liggur fyrir í áliti Skipulagsstofnunar frá 17. september 2009. Í álitinu er fjallað um svokallaðar Suðvesturlínur í heild en Suðurnesjalína 2 er hluti þeirrar framkvæmdar.

Framkvæmdaleyfið og tengd gögn má nálgast á heimasíðu Grindavíkurbæjar undir vefslóðinni **www.grindavik.is**

Í samræmi við 4. gr. laga nr. 130 frá 2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, er vakin er athygli á því að þeir sem eiga lögvarinna hagsmuna að gæta sem og umhverfis- og útivistarsamtök með minnst 30. félaga, enda samrýmist tilgangi samtakanna að gæta þeirra hagsmuna sem kæran lýtur að, geta kært útgáfu leyfisins innan mánaðar frá birtingu auglýsingar þessarar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík, sjá nánar heimasíðu nefndarinnar **uua.is**.

***Grindavík, 4. maí 2015.***

***F.h. Grindavíkurbæjar,***
***Róbert Ragnarsson,***
***bæjarstjóri.***

Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi

www.hagvangur.is

HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

## atvinna

**SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR**

**ERUM MEÐ VANA SMIÐI, VERKAMENN, MÚRARA OG PÍPARA SEM ERU KLÁRIR Í MIKLA VINNU.**

**HANDAFL EHF s. 777 2 333**

# FORVAL

F.h. **umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar** er óskað eftir umsóknum verktaka um að fá að taka þátt í lokuðu útboði vegna:

## Viðbygging og endurbætur á Klettaskóla – EES Forval nr. 13468

Verkið samanstendur af þremur meginhlutum. Í fyrsta lagi er nýbygging norðvestan við núverandi hús, sem inniheldur íþróttahús og sundlaug, hátíðarsal og aðalanddyri. Í öðru lagi er félagsmiðstöð í nýbyggingu austan við núverandi hús. Í þriðja lagi er létt viðbygging sem kemur ofan á miðálmu núverandi húss og inniheldur nýja stjórnunardeild. Í fjórða lagi er endurgerð núverandi húss að innan ásamt lítilsháttar ytri breytingum. Endurgerðin er mismikil eftir húshlutum, mestu er breytt í vestur- og suðurálmu, en nokkrar breytingar eru einnig í austur- og miðálmu.

Forvalsgögn á geisladiski verða seld á 3.000 kr. **frá þriðjudeginum 5. maí 2015** í þjónustuveri Reykjavíkurborgar, 1. hæð, Borgartúni 12–14, 105 Reykjavík.

Umsóknum skal skila eigi síðar en: **Kl. 14:00 miðvikudaginn 27. maí 2015** í Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík. Umsóknum skal skilað í þjónustuver Reykjavíkurborgar.

Reykjavíkurborg
Innkaupadeild
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

---

## AUGLÝSING UM ÚTGÁFU FRAMKVÆMDALEYFIS OG ÁLIT SKIPULAGSSTOFNUNAR
### Suðvesturlínur
### Suðurnesjalína 2, 220 kV háspennulína í Sveitarfélaginu Vogum

Í samræmi við ákvæði skipulagslaga nr. 123 frá 2010 veitti Sveitarfélagið Vogar, þann 22.04.2015, Landsneti hf. framkvæmdaleyfi fyrir byggingu þess hluta Suðvesturlína, Suðurnesjalínu 2, 220 kV háspennulínu, sem liggur innan sveitarfélagamarka Sveitarfélagsins Voga. Innan Sveitarfélagsins Voga liggur línan meðfram Suðurnesjalínu 1, u.þ.b. 50 metra sunnan línustæðis hennar á eignarlandi. Framkvæmdin tekur til um 50 háspennumastra auk tengdra framkvæmda. Umhverfis- og skipulagsnefnd Sveitarfélagsins Voga samþykkti umsókn Landsnets um framkvæmdaleyfi á fundi nefndarinnar þann 17. febrúar 2015 og bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga á fundi sínum þann 25. febrúar 2015. Álit Skipulagsstofnunar um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar, skv. ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106 frá 2000, liggur fyrir í áliti Skipulagsstofnunar frá 17. september 2009. Í álitinu er fjallað um svokallaðar Suðvesturlínur í heild en Suðurnesjalína 2 er hluti þeirrar framkvæmdar.

Framkvæmdaleyfið og tengd gögn má nálgast á heimasíðu sveitarfélagsins Voga undir vefslóðinni **http://vogar.is/Skipulag/Grenndarkynning_-_Sudurnesjalina_2/**

Í samræmi við 4. gr. laga nr. 130 frá 2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, er vakin er athygli á því að þeir sem eiga lögvarinna hagsmuna að gæta sem og umhverfis- og útivistarsamtök með minnst 30. félaga, enda samrýmist tilgangi samtakanna að gæta þeirra hagsmuna sem kæran lýtur að, geta kært útgáfu leyfisins innan mánaðar frá birtingu auglýsingar þessarar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík, sjá nánar heimasíðu nefndarinnar **uua.is**.

***Vogum, 4. maí 2015.***

***F.h. Sveitarfélagsins Voga,***
***Ásgeir Eiríksson,***
***bæjarstjóri.***

---


Til hvers að flækja hlutina? 365

LIFÐU
í **NÚLLINU**!

365.is | Sími 1817


---

# Úthlutun á leiðsöguhundi



Einnig er vakin athygli á því að 18. maí 2015 kl. 16:00 verður haldin kynning á leiðsöguhundum og úthlutunarferlinu. Kynningin mun fara fram hjá Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga í Hamrahlíð 17.

**Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga mun úthluta leiðsöguhundi í sumar. Leiðsöguhundar aðstoða blinda og sjónskerta einstaklinga við að komast leiðar sinnar á öruggan og sjálfstæðan hátt og er leiðsöguhundur skilgreindur sem hjálpartæki.**

Finna má nánari upplýsingar um umsóknarferli og umsóknareyðublöð á heimasíðu Miðstöðvarinnar www.midstod.is og á skrifstofu Miðstöðvarinnar í Hamrahlíð 17.

**Umsókn um leiðsöguhund skal berast til Miðstöðvarinnar fyrir 25. maí 2015.**

Umsóknir skulu merktar Miðstöðinni, Hamrahlíð 17, 105 Reykjavík eða sendar með tölvupósti á thorbjorg@midstod.is.

**Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga**
Hamrahlíð 17 | 105 Reykjavík | S. 545 5800 | midstod@midstod.is

---




## Búseti auglýsir eftirfarandi búseturétt

Umsóknarfrestur til og með 12. maí kl. 16:00
Úthlutun 13. maí kl. 12:00



**Bjallavað 7 íbúð 102**
110 Reykjavík
**2. herb. 71,7 m2**
Afhending: Byrjun júlí 2015
**Búseturéttur hámark:** 2.686.033,-
**Búsetugjald:** 119.123,-
Mögulegt lán: 1.000.000,-

* Lán sem kaupandi getur fengið hjá viðskiptabanka Búseta vegna kaupa á búseturétti. Háð samþykki og greiðslumati. Hægt er að velja verðtryggt eða óverðtryggt lán - hvort tveggja með breytilegum vöxtum. Hámarks lánstími 8 ár. Vextir eru í dag 4,15% og 7,10%.

Búsetugjald innifelur fjármagnskostnað, fasteignatryggingu, fasteignagjöld, hússjóð, þjónustugjald og framlag í viðhaldssjóð. Fyrirvari um prentvillur og mögulegar breytingar á verði. Ofangreindir þættir taka mið af samþykktum félagsins og reglum.

**Búseti húsnæðissamvinnufélag**
Síðumúli 10 108 Reykjavík S:520 5788
www.buseti.is buseti@buseti.is

# ÞAKKLÆTI FRÁ FORELDRUM
## TIL LISTAMANNA OG STYRKTARAÐILA
fyrir ómetanlegt framlag í þágu barna með alvarlega, sjaldgæfa sjúkdóma

### Myndlistarmenn

Auður Ólafsdóttir
Ása Tryggvadóttir
Ásdís Spanó
Ásrún Kristjánsdóttir
Baltasar
Bjarney Sif Ólafsdóttir
Bjarni Þór Bjarnason
Björg Örvar
Brynhildur Guðmundsdóttir
Brynja Árnadóttir
Daði Guðbjörnsson
Edda Heiðrún Backman
Edda Þórey Kristfinnsdóttir
Einar Hákonarson
Einar Ólason
Eyjólfur J. Eyfells (1886-1979)
Elísabet Ásberg
Elsa Nielsen og Kristín Þorgeirsdóttir
Elva Hreiðarsdóttir
Erró
Fríða Rögnvaldsdóttir
Gabríela Friðriksdóttir
Guðbjörg Lind
Guðrún Einarsdóttir
Guðrún Vera Hjartardóttir
Gunnella
Hallgrímur Helgason
Hallur Karl Hinriksson
Haraldur Bilson
Hlaðgerður Íris Björnsdóttir
Hrafnhildur Inga Sigurðardóttir
Hulda Vilhjálmsdóttir
Iréne Jensen
Jón Axel Björnsson
Kristinn G. Harðarson
Kristján Jónsson
Magali Schwartzkopff
Margrét Zophaníasdóttir
Mireya Samper
Ninný
Ólöf Björg
Ólöf Nordal
Ragnar Þórisson
Regína Loftsdóttir
Sara Riel
Sigríður Anna Garðarsdóttir
Sigurður Örlygsson
Soffía Sæmundsdóttir
Sossa
Sólveig Hólmarsdóttir
Svanborg Matthíasdóttir
Sverrir Haraldsson (1930-1985)
Tolli
Tryggvi Ólafsson
Úlfur Karlsson
Úlfur Örn Valdimarsson
Vala Björg Arnardóttir
Valgarður Gunnarsson
Valgerður Björnsdóttir
Þorri Hringsson
Þorsteinn Helgason
Þorvaldur Jónsson
Þóra Einarsdóttir
Þóra Schram
Þórdís Elín Jóels
Þuríður Sigurðardóttir
Æja

### Tónlistarfólk

Eyþór Ingi Gunnlaugsson
Ragnheiður Gröndal
Þór Breiðfjörð

### Fyrirtæki og einstaklingar

Aalborg Portland
Arionbanki
Atlantsolía
Bílaleiga Akureyrar
Einar Örn Gunnarsson
Eimskip
Eirberg
Fréttablaðið
Fréttatíminn
Gamla bíó
Gísli Guðmundsson
Haugen Gruppen
Icelandic Glacial
Innrömmun Sigurjóns
Jóhann Ágúst Hansen
Jóhann G. Jóhannsson
Íslandsbanki
Landsbankinn
Listamenn
K100
Marel
Morgunblaðið
Oddi
N1
Ostabúðin
Rammamiðstöðin
Rekstrarvörur
Skjárinn
Sýningakerfi
Sverrir Kristinsson
Vefpressan
Vistor
Vífilfell
Þórunn Lárusdóttir
Össur

## Allir sem komu að listaverkauppboði Leiðarljóss gáfu vinnu sína

**LEIÐARLJÓS**
STUÐNINGSMIÐSTÖÐ
Fyrir fjölskyldur barna með sjaldgæfa, alvarlega sjúkdóma

www.leidarljos.is

## Veðurspá

Þriðjudagur

**Það lægir** heldur við suðausturströndina í dag annars er útlit fyrir mjög svipað veður og verið hefur. Bjartviðri víða, en áframhaldandi éljaloft norðaustan til. Hiti breytist lítið.




### Miðvikudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 4° | -2° | -4° |
| ↙6 | ↖2 | ↓3 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| -4° | 3° | -6° |
| ↓11 | ↗1 | ↙7 |

### Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 3° | 1° | -2° |
| ↓4 | ↗8 | ←1 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| -2° | X° | -3° |
| ↓3 | ↗4 | ↙1 |



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** leikur, **6.** drykkur, **8.** af, **9.** gilding, **11.** klaki, **12.** kambur, **14.** samband, **16.** hæð, **17.** fiskur, **18.** hjör, **20.** samtök, **21.** seytlar.

**LÓÐRÉTT**
**1.** magi, **3.** frá, **4.** stærðfræðihugtak, **5.** læsing, **7.** verkfæri, **10.** bjálki, **13.** slagbrandur, **15.** ílát, **16.** árkvíslir, **19.** skóli.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** tafl, **6.** öl, **8.** frá, **9.** mat, **11.** ís, **12.** burst, **14.** félag, **16.** ás, **17.** áll, **18.** löm, **20.** aa, **21.** agar.

**LÓÐRÉTT: 1.** vömb, **3.** af, **4.** frítala, **5.** lás, **7.** laufsög, **10.** tré, **13.** slá, **15.** glas, **16.** ála, **19.** ma.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Maculewizc hafði svart gegn Buczek í á pólska meistaramótinu árið 1993**

**Svartur á leik**

1...Da3!! Hvítur gafst upp enda mikið liðsfall fram undan.

**www.skak.is:** Ávallt nýjustu skákfréttirnar.



*Fríkirkjan í Hafnarfirði*
*- Aðalfundur -*

Aðalfundur safnaðarins verður haldinn í safnaðarheimilinu 12. maí kl. 20.

Venjuleg aðalfundarstörf.

**Safnaðarstjórn.**


HNJÁHLÍFAR


HÁSINA- OG ÖKKLAHLÍFAR


OLNBOGAHLÍFAR

Stuðningshlífar

Mikið úrval af stuðningshlífum frá Sporlastic.
Vandaðar vörur á góðu verði.

Sporlastic vörurnar fást einnig í ýmsum apótekum.

SPORLASTIC

FASTUS
Veit á vandaða lausn

Fastus • Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900
fastus@fastus.is • www.fastus.is • Opið mán - fös 8.30 - 17.00

FASTUS_H_02.01.15

## Myndasögur

**PONDUS**

Eftir Frode Øverli




**GELGJAN**

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN**

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 6 | 2 | | 9 | 3 | | | |
| | 9 | 1 | | | 2 | 6 | | 8 |
| | 3 | | 8 | | | | | 2 |
| 5 | 4 | | 3 | 1 | | | | |
| | | | 2 | | | 9 | | |
| | 8 | 6 | 9 | 7 | | | 1 | 5 |
| | 2 | | | 3 | | 1 | 7 | 9 |
| | | | | | | 5 | 8 | |
| 3 | | 7 | | | | | 4 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 2 | | 8 | | 5 | | 4 |
| 1 | | 3 | | | 5 | | 6 | |
| 4 | | | | | 2 | | | 3 |
| | 8 | 6 | 4 | 1 | 7 | 9 | | |
| 7 | | | | | | 4 | 5 | 1 |
| | | | | | 9 | | | |
| | | | | | 1 | | | |
| | 3 | | 7 | | | | | 6 |
| | 9 | | 3 | | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 4 | | 1 | | | 3 | | |
| | | | | 8 | 9 | 2 | | |
| | | | | 3 | | | 6 | 9 |
| | | 7 | 3 | | | | | 6 |
| | | | | | 8 | | 5 | |
| | | | | 1 | 7 | | | |
| | 7 | | | 5 | | | 9 | |
| | 2 | | | 9 | 4 | | | |
| 6 | | 4 | | | | | 8 | 1 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 3 | 2 | 6 | 9 | 4 | 8 | 1 | 5 |
| 4 | 6 | 1 | 5 | 8 | 2 | 7 | 9 | 3 |
| 8 | 5 | 9 | 7 | 1 | 3 | 2 | 4 | 6 |
| 9 | 7 | 5 | 1 | 4 | 6 | 3 | 8 | 2 |
| 1 | 8 | 3 | 2 | 7 | 5 | 4 | 6 | 9 |
| 2 | 4 | 6 | 8 | 3 | 9 | 1 | 5 | 7 |
| 3 | 9 | 7 | 4 | 6 | 8 | 5 | 2 | 1 |
| 5 | 1 | 8 | 9 | 2 | 7 | 6 | 3 | 4 |
| 6 | 2 | 4 | 3 | 5 | 1 | 9 | 7 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 6 | 1 | 2 | 7 | 5 | 9 | 4 | 3 |
| 2 | 7 | 3 | 6 | 9 | 4 | 5 | 8 | 1 |
| 4 | 5 | 9 | 3 | 1 | 8 | 7 | 2 | 6 |
| 1 | 8 | 4 | 9 | 5 | 6 | 2 | 3 | 7 |
| 3 | 9 | 6 | 1 | 2 | 7 | 8 | 5 | 4 |
| 5 | 2 | 7 | 4 | 8 | 3 | 1 | 6 | 9 |
| 6 | 1 | 8 | 5 | 4 | 9 | 3 | 7 | 2 |
| 7 | 3 | 2 | 8 | 6 | 1 | 4 | 9 | 5 |
| 9 | 4 | 5 | 7 | 3 | 2 | 6 | 1 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 5 | 6 | 4 | 8 | 1 | 7 | 2 | 3 |
| 7 | 8 | 3 | 2 | 9 | 5 | 1 | 4 | 6 |
| 1 | 2 | 4 | 7 | 3 | 6 | 8 | 5 | 9 |
| 5 | 6 | 8 | 9 | 1 | 3 | 2 | 7 | 4 |
| 2 | 7 | 9 | 6 | 4 | 8 | 5 | 3 | 1 |
| 3 | 4 | 1 | 5 | 7 | 2 | 6 | 9 | 8 |
| 6 | 3 | 5 | 8 | 2 | 4 | 9 | 1 | 7 |
| 4 | 9 | 2 | 1 | 6 | 7 | 3 | 8 | 5 |
| 8 | 1 | 7 | 3 | 5 | 9 | 4 | 6 | 2 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.


SUMAR Á
STUÐMENN
SÝRLANDI
AUKATÓNLEIKAR 6. JÚNÍ KL. 20!
MIÐASALA HEFST 7. MAÍ KL. 10
40 ÁRA AFMÆLISTÓNLEIKAR PLÖTUNNAR SUMAR Á SÝRLANDI Í ELDBORGARSAL HÖRPU
UPPSELT 5. JÚNÍ KL. 20 OG KL.23
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á HARPA.IS OG TIX.IS MIÐAVERÐ FRÁ KR. 5.900

# Tíst helgarinnar Miðeyra, fullnægingar og paprikur



**Saga Garðarsdóttir**
**@harmsaga 2. maí**
Ég er þeirri ótrúlegu náttúru gædd að ég veit alltaf hvort ég er að fara niður eða upp í Hvalfjarðargöngunum. Með lokuð augun. **#miðeyra**



**Bobby Breiðholt**
**@Breidholt 1. maí**
maður er aldrei jafn aumkunarverður og þegar maður er að föndra snakkpokann í svona rennu til að geta sturtað leifunum uppí sig.



**Brynhildur Bollad.**
**@brynhildurbolla 2. maí**
Ég veit um minnst 7 börn sem eiga að fæðast í október. Af hverju missti ég í janúar?



**Halldór Armand**
**@HalldorArmand 1. maí**
Kæra dagbók: Í margmenni enduróma sífellt í höfði mínu stunur þeirra fullnæginga sem drógu allt þetta fólk inn í heiminn.



**Björn Teitsson**
**@bjornteits 3. maí**
Það er kannski erfitt að trúa því … En það er til fólk þarna úti sem borðar paprikur eins og epli. Fökt öpp þessi heimur.






**FYRSTA MYNDIN** Hann er enn með þetta, hann Beckham.

# Fertugur Beckham mættur á Instagram

**Fyrrverandi fótboltakappinn David Beckham varð fertugur 2. maí og opnaði af því tilefni Instagram-síðu.**

Það má með svo sannarlega líkja fyrrverandi fótboltastjörnunni David Beckham við gott vín, því maðurinn virðist einungis verða betri með hverju árinu sem líður. Um helgina fagnaði hann fertugsafmæli sínu og af því tilefni opnaði hann loksins Instagram-síðu.

Á fyrstu myndinni sem hann birti, liggur hann ber að ofan í rúmi og skrifar við hana að hann hafi lengi ætlað sér að byrja á Instagram og geti ekki beðið eftir að deila sérstökum augnablikum með aðdáendum sínum. Það er greinilegt að Beckham á fjölda aðdáenda, en strax á mánudag var hann kominn með 4,4 milljónir fylgjenda.

Afmælisdeginum eyddi hann með fjölskyldunni í borginni Marrakash í Marokkó og var slegið upp veislu um kvöldið. Meðal gesta í veislunni voru kryddpíurnar Mel C, Geri og Emma. Fyrrverandi aðþrengda eiginkonan Eva Longoria mætti að sjálfsögðu, enda góð vinkona Beckham-hjónanna. Þar voru líka leikkonan Liv Tyler, kokkurinn Gordon Ramsey, Guy Ritchie og David Blaine.






**SÆT SAMAN** Beckham blæs á afmæliskertin ásamt eiginkonu sinni Victoriu.



**UPPÁHALDS** Derek og Meredith á góðri stundu.

# Draumadoktorinn okkar allra er allur

Aðdáendur læknaþáttana Grey's Anatomy eru í losti eftir atburði síðustu þátta.

Það hefur líklega ekki farið fram hjá neinum aðdáanda Grey's Anatomy-þáttanna að einn aðalkarakterinn lést í þáttunum í síðustu viku. Já, við erum að tala um Derek Shepard, eða Dr. McDreamy. Taugaskurðlæknirinn sem bræddi hjörtu um allan heim með bláu hvolpaaugunum og hrokkna hárinu.

Við kynntumst Shepard strax í fyrsta þættinum, sem myndarlega manninum sem Meredith hafði dregið með sér heim af barnum. Að sjálfsögðu var þetta ekki í síðasta sinn sem við sáum hann, þar sem svo heppilega vildi til að hann var læknir á sjúkrahúsinu með Meredith. Upp frá því varð hann uppáhaldslæknirinn okkar allra, draumadoktorinn.

**Í dag er fallegur dagur til að bjarga mannslífum**

Persónan Derek Shepard átti fjórar systur, sem allar voru læknar, en systkinin voru alin upp af móður þeirra, Carolyn, eftir að faðir þeirra lést í vopnuðu ráni í verslun sinni. Eftir að hafa útskrifast úr læknanámi, fór hann að vinna í New York ásamt þáverandi eiginkonu sinni, Addison Shepard. Þaðan fór hann til Seattle Grace-sjúkrahússins þar sem hann vann með kærustu sinni og síðar eiginkonu, Meredith Grey. Shepard vann sig upp í að verða yfirlæknir sjúkrahússins, sem sameinast hafði Mercy West-sjúkrahúsinu. Fyrsta áfallið dundi yfir þegar syrgjandi ekkill skaut Shepard í brjóstið. Shepard var ekki fyrr búinn að jafna sig eftir árásina, líkamlega og andlega, þegar hann lenti í flugslysi ásamt vinnufélögum sínum og eiginkonu, þar sem tveir létust. Shepard meiddist á hendi og gat lítið unnið mánuðum saman. Það var svo þriðja slysið sem tók okkar mann. Góðhjartaði læknirinn var nýbúinn að bjarga fólki úr slysi, þegar keyrt var inn í hliðina á bílnum hans með þeim afleiðingum að hann lést skömmu eftir slysið.

**Vilja fá hann aftur**

Aðdáendur Grey's Anatomy eru langt frá því að vera sáttir við þá ákvörðun Shonda Rhimes, handritshöfundar þáttanna, að skrifa McDreamy úr þáttunum. Gengu aðdáendur þáttanna svo langt að hefja undirskrifasöfnun fyrir því að fá lækninn aftur og hafa rúmlega 101 þúsund skrifað undir. Fjölmargir tjáðu tilfinningar sínar vegna dauða McDreamys á Twitter og ætlaði stór hópur að hætta að horfa á þættina. Einhverjir beindu orðum sínum að Rhimes og spurðu hvers vegna hún gerði aðdáendum þáttanna þetta.



**DRAUMADOKTORINN** Þetta augnaráð bræddi aðdáendahóp McDreamys.


FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS
gjofsemgefur.is
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar

Jesús mælti:
**„Ég sakfelli þig ekki...**
Far þú. Syndga ekki framar."
www.versdagsins.is

**SVARTI HUNDURINN**
ER RAUNVERULEGUR

*Geðhjálp býður til málþings um þunglyndi í tilefni af útgáfu bókarinnar Ég átti svartan hund eftir Matthew Johnstone*

*Hótel Reykjavík Natura, miðvikudaginn 6. maí frá kl 14 til 17.00.*

*Fundarstjóri Anna G. Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Geðhjálpar*

14.00 – 14.15 Í föruneyti Svarta hundsins. *Hrannar Jónsson, formaður Geðhjálpar.*
14.15 – 14.30 Í feluleik með Svarta hundinum. *Kara Ásdís Kristinsdóttir, verkefnisstjóri hjá Geðhjálp.*
14.30 – 15.30 Tamið og talað um Svarta hundinn. *Matthew Johnstone, höfundur Ég átti svartan hund.*
15.30 – 15.45 Tónlistaratriði. *Magga Stína.*
15.45 – 17.00 Samstuð. *Veitingar, bóksala, áritun höfundar.*

**Matthew Johnstone heldur einnig fyrirlestur um seiglu á Kex Hostel laugardaginn 9. maí kl. 11. Vinsamlega tilkynnið þáttöku á viðburðina með nafni í gegnum netfangið *verkefnisstjori@gedhjalp.is.* Aðgangur ókeypis.**

GEÐHJÁLP






# Graníthellur

## Fjárfesting sem steinliggur

Graníthellur hafa mun lengri endingartíma en venjulegar hellur. Þær henta vel fyrir bílaplön, torg, stíga, þrep, litlar hleðslur og garða.

4 400 400

Hafðu samband og láttu sérfræðinga okkar aðstoða þig við að finna réttu lausnina.

CE Allar hellur Steypustöðvarinnar eru framleiddar samkvæmt viðurkenndum stöðlum.

STEYPUSTÖÐIN
Sterkari lausnir

Malarhöfða 10, 110 Reykjavík | Hringhellu 2, 221 Hafnarfjörður | Hrísmýri 8, 800 Selfoss | Berghólabraut 9, 230 Reykjanesbær | Smiðjuvegi, 870 Vík | Sími 4 400 400, www.steypustodin.is

LAUGARÁS BÍÓ
Coca-Cola
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| AGE OF ADALINE | 5:40, 8, 10:20 | 12 |
| AVENGERS 2 3D | 7, 10 | 12 |
| MALL COP 2 | 8 | L |
| ÁSTRÍKUR 2D | 6 | L |
| FAST & FURIOUS 7 | 10 | 12 |

SAMBÍÓIN
FYRSTA STÓRMYND SUMARSINS
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
„THE WATER DIVINER ER MEISTARAVERK, SVONA EIGA KVIKMYNDIR AÐ VERA.“ LARRY KING - LARRY KING NOW
„RUSSEL CROWE LEIKSTÝRIR OG LEIKUR Í EINNI BESTU MYND ÁRSINS“ NANCY JAY
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| THE WATER DIVINER | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| AVENGERS 2 3D | KL. 5 - 7 - 8 - 10 |
| AVENGERS 2 VIP 2D | KL. 5 - 8 |
| CHILD 44 | KL. 5 - 8 |
| RUN ALL NIGHT | KL. 10:20 |
| GET HARD | KL. 8 |
| INSURGENT | KL. 5:30 |
| **SAMBÍÓIN EGILSHÖLL** | |
| THE WATER DIVINER | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| AVENGERS 2 3D | KL. 5 - 8 - 11 |
| AVENGERS 2 2D | KL. 6 - 9 |
| CHILD 44 | KL. 10:30 |
| RUN ALL NIGHT | KL. 8 |
| GET HARD | KL. 5:40 |
| **SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** | NÚMERUÐ SÆTI |
| THE WATER DIVINER | KL. 6 - 9 |
| AVENGERS 2 2D | KL. 5 - 6 - 8 - 9 |
| **SAMBÍÓIN KEFLAVÍK** | |
| THE WATER DIVINER | KL. 10:20 |
| THE AGE OF ADALINE | KL. 8 |
| AVENGERS 2 3D | KL. 8 |
| ÁSTRÍKUR Á GOÐABAKKA ÍSLTAL | KL. 6 |
| LOKSINS HEIM ÍSLTAL 3D | KL. 5:50 |
| **SAMBÍÓIN AKUREYRI** | |
| THE WATER DIVINER | KL. 8 |
| AVENGERS 2 3D | KL. 5:30 - 8:30 |
| AVENGERS 2 2D | KL. 5 - 10:25 |

ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ Í DAG

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
Sýningartímar á eMiði.is og miði.is



# Hljómar galið, ekki satt?

**BAKPANKAR**
Söru McMahon



Það var sumar og ég naut nálægðarinnar við náttúruna og útsýnisins frá veröndinni á heimili systur minnar og mágs í Hvalfirði. Til hægri baðaði sólin fjallshlíðarnar í appelsínubleikum bjarma og öldurnar kitluðu fjöruna. Til vinstri blasti við risavaxið „iðnaðarþorpið“ á Grundartanga.

**ÉG** reyndi eftir fremsta megni að útiloka stanslaust suðið sem barst frá bákninu yfir fjörðinn og hlýða aðeins á söng lóunnar og kvakið í öndunum, en það tókst ekki.

**Í** pistli sem birtur var nýlega á Kjarnanum var athygli vakin á því að iðnaðarþorpið Grundartangi mun dafna hratt á næstu árum. Faxaflóahafnir, sem eru í eigu Reykjavíkurborgar, hyggjast auka við iðnaðarstarfsemi á Grundartanga, meðal annars með byggingu nýrrar sólarkísilverksmiðju.

**VERKSMIÐJURNAR** eru ekki aðeins mikil sjónmengun, þær spúa einnig mengun yfir Hvalfjörðinn og nálægar byggðir. Verksmiðjurnar sjálfar sjá svo um að meta áhrif eigin mengunar á náttúruna. Hljómar galið, ekki satt?

**ÁBÚENDUR** á bænum Kúludalsá, sem liggur um 4 kílómetra vestur við Grundartanga, óskuðu eftir því árið 2007 að eftirlitsstofnanir ríkisins gerðu úttekt á áhrifum mengunar á bústofna og ræktunarland eftir að hross tóku að veikjast á bænum. Dýrin hlutu miklar bólgur á skrokki, bógum og höfði auk tannskemmda og þurfti að lóga þeim öllum. Flúormengað gras var talið hafa orsakað veikindi og dauða hrossanna, en það hefur ekki fengist staðfest því eftirlitsstofnanir neituðu að framkvæma nokkrar mælingar.

**JARÐIR** næst verksmiðjunum eru verðlitlar, því hver vill spúandi iðnaðarþorp í bakgarði sínum, og því geta Faxaflóahafnir keypt jarðirnar fyrir lítið fé og nýtt þær undir áframhaldandi iðnaðaruppbyggingu. Og svo koll af kolli. Hljómar galið, ekki satt?

**ÞAR** sem Faxaflóahafnir eru í eigu Reykvíkinga ber næst að spyrja: Viljum við spúandi iðnaðarþorp í bakgarðinum okkar?



**HÆFILEIKARÍKAR** Þær Guðný og Sandra bregða á leik með förðunarburstana.

# Bjóða förðunarnámskeið heima

Förðunarfræðingarnir Sandra Dögg og Guðný Inga koma með námskeiðið heim.

Þær Sandra Dögg Tryggvadóttir og Guðný Inga Kristófersdóttir förðunarfræðingar bjóða upp á förðunarnámskeið fyrir konur sem vilja læra að farða sjálfar sig. „Þetta er eitthvað sem okkur langaði báðar til þess að fara á, svona stutt námskeið, áður en við skráðum okkur í förðunarnám,“ segir Sandra. Þær útskrifuðust báðar sem förðunarfræðingar frá Reykjavík Make Up School í desember og ákváðu í framhaldinu að bjóða upp á förðunarnámskeið.

„Það eru svo margar konur sem hafa áhuga á förðun, en vilja bara læra að mála sjálfar sig.“ Sandra og Guðný bjóða upp á kennslu bæði fyrir einstaklinga og hópa. „Þú velur hvort þú vilt fá snyrtibuddukennslu, þar sem við förum í gegnum þitt dót og leiðbeinum þér með hvað þig vantar, eða hvort við erum með sýnikennslu og þá er val um hvort þú vilt læra smokey, kvöldförðun eða eitthvað annað,“ segir Sandra. Þær byrjuðu með námskeiðin í vetur og hafa þau verið gríðarlega vinsæl. „Konur koma bæði til okkar og við förum til þeirra, og svo er líka vinsælt að bóka okkur í afmæli og saumaklúbba. Þetta er rosalega skemmtilegt og gefandi og svo lærir maður svo mikið af því að kenna öðrum.“ - asi

### → Nokkur góð förðunarráð frá Söndru og Guðnýju

1. Byrjaðu á augunum þegar þú farðar þig, til að koma í veg fyrir að augnskugginn falli á farðann.
2. Notaðu eyeprimer áður en þú setur á þig augnskugga, þá bæði helst augnskugginn lengur á og áferðin verður fallegri.
3. Byrjaðu alltaf á að maskara neðri augnhárin fyrst.
4. Hægt er að setja smá meik á varirnar áður en þær eru litaðar svo varaliturinn haldist betur á.
5. Berðu hyljara í kringum varirnar eftir að þú setur á þig varalit, varirnar verða þá meira áberandi.



**HITA UPP** Retro Stefson og Hermigervill hita upp fyrir Rae Sremmurd.
MYND/MAGNUSANDERSEN

# Hita upp fyrir Rae Sremmurd

Hljómsveitin Retro Stefson og raftónlistarmaðurinn Hermigervill eru meðal þeirra tónlistarmanna sem hita upp fyrir bandaríska hipphopp-dúóið Rae Sremmurd þegar þeir spila í Laugardalshöll þann 27. ágúst næstkomandi.

„Þetta er max spennandi, ég er búin að hlusta lengi á þessa gaura og man eftir því þegar þeir gáfu út fyrsta lagið sitt sem var alveg fáránlega skrýtið,“ segir Logi Pedro Stefánsson, einn af meðlimum Retro Stefson, og bætir við að það sé mjög spennandi að hljómsveitin sé væntanleg til landsins.

Tilkynnt var um komu Rae Sremmurd þann 30. apríl síðastliðinn en dúóið skipa bræðurnir Khalif „Swae Lee“ Brown og Aaquil „Slim Jimmy“ Brown og hafa þeir átt talsverði velgengni að fagna vestanhafs, meðal annars náði breiðskífa þeirra, SremmLife efsta sæti á tveimur Bill-board-listum, Hip-hop-listanum og RnB-listanum og hefur myndband við lagið No Type verið spilað um 190 milljón sinnum á myndbandasíðunni Youtube.

Í gær var tilkynnt að rapparinn Gísli Pálmi myndi hita upp fyrir bræðurnar og á næstu dögum verður tilkynnt um enn fleiri atriði sem koma munu fram á tónleikunum.

Tónleikarnir verða líkt og áður sagði í Laugardagshöll þann 27. ágúst næstkomandi og hefst miðasala eftir rúmar tvær vikur.

# Strákarnir á bak við Blendin gefa út nýtt app

Apollo-X gaf út nýtt app á dögunum, Watchbox. Í fyrra stórtuðu þeir Blendin og eru reynslunni ríkari.

„Það má alveg segja það að við höfum lært fáránlega mikið á því að hafa þróað Blendin í tvö ár,“ segir Davíð Örn Símonarson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins Appollo-X sem sem gaf á dögunum út sitt þriðja app, Watchbox, og er komið með 10.000 notendur.

Í fyrra gáfu þeir út appið Blendin en hafa síðastliðið hálfa árið einbeitt sér að þróun Watchbox. Davíð segir þá hafa lært mikið af gerð og þróun Blendin og reynslan hafi komið að góðum notum.

Að mörgu þarf að huga við gerð slíks apps og Davíð segir mikilvægt að þau séu einföld og hraðvirk, það sé einn stærsti lærdómurinn sem þeir hafi dregið af gerð Blendin.

„Í fyrsta lagi var varan af flókin, þegar þú komst inn í hana gast þú gert svo margt,“ segir hann og Watchbox er eins konar samskiptamiðill fyrir hópa. Notendur, til dæmis vinnustaðir, geta birt þar myndbönd og myndir sem lifa í appinu í sólarhring. Hann segir það helst hugsað til afþreyingar og einfalt og hraðvirkt í notkun og hugsað sem nokkurs konar platform sem auðveldar samskiptaleiðir milli hópa.

„Við erum búnir að vera með Watchbox í „intense“ betatesti í tvo mánuði. Það er mikilvægt að fólk skilji appið algjörlega í fyrsta skipti sem það notar það og hugsi út í hvernig upplifunin er hjá notanda sem við þekkjum ekki neitt og er kannski staddur í Texas,“ segir hann hress að lokum en appið er hægt að nálgast í Apple App Store. - gló



**HRESSIR** Strákarnir í Apollo-X eru alsælir með nýja appið sitt, Watchbox.
FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR




*- Aukin þekking og samkeppnishæfni sem veitir þér forskot á þínu sviði*



*- Hagnýtt nám með áherslu á frumkvæði og sjálfstæði nemenda*



*- Framúrskarandi fjarnám sem þjónar þörfum nemenda*




# Spennandi og framsækið meistaranám á Bifröst

Háskólinn á Bifröst býður upp á spennandi meistaranám þar sem áhersla er lögð á frumkvæði nemenda og möguleika þeirra til að takast á við áskoranir framtíðar. Kennsluhættir taka mið af nýjustu tækni og rík áhersla er lögð á gagnrýna hugsun og raunverkefni, sem oft eru unnin í tengslum við atvinnulífið. Markmið skólans er að mennta samfélagslega ábyrga leiðtoga fyrir fjölbreytt atvinnulíf og samfélag.

- **Alþjóðaviðskipti – MS / MIB**
- **Forysta og stjórnun – MS / MLM**
- **Alþjóðleg stjórnmálahagfræði – MA**
- **Menningarstjórnun – MA**

Námið er kennt í fjarnámi.

Umsóknarfrestur fyrir haustönn 2015 er til 15. maí. Kynntu þér málið á **bifrost.is**

**Velkomin í Háskólann á Bifröst**

*- hvar sem þú ert og hvert sem þú stefnir*

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

BIFRÖST UNIVERSITY

GOTT ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA

Skoðaðu úrvalið á

bilaland.is

ALLT AÐ 90%
FJÁRMÖGNUN




BMW X5 Xdrive 30d
Nýskr. 06/14, ekinn 11 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
Rnr. 142755.

LÚXUSBIFREIÐ
12.970 þús.



RENAULT MEGANE SP TOURER
Nýskr. 02/13, ekinn 61 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 2.980 þús.
Rnr. 102666.



HYUNDAI iX35 COMFORT
Nýskr. 05/14, ekinn 47 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 5.250 þús.
Rnr. 120620.



SKODA SUPERB AMBITION
Nýskr. 04/13, ekinn 114 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 3.790 þús.
Rnr. 282555.



NISSAN QASHQAI+2 - 7 sæta
Nýskr. 11/13, ekinn 34 þús. km.
dísil, beinskiptur.
VERÐ kr. 4.280 þús.
Rnr. 142856.



HONDA CR-V 2,2 CTDi
Nýskr. 02/11, ekinn 83 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 4.470 þús.
Rnr. 142855.



HONDA ACCORD LIFESTYLE
Nýskr. 07/13, ekinn 32 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 3.890 þús.
Rnr. 102397.

bílaland

Klettháls 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is

www.facebook.com/bilaland.is




# SPORT

## Aron og HSÍ ræða loksins saman um framhaldið í næstu viku

**HANDBOLTI** „Ég kem heim í byrjun næstu viku og þá er stefnan að setjast niður," segir Aron Kristjánsson landsliðsþjálfari.

Samningur hans við HSÍ rennur út í næsta mánuði og enn sem komið er hefur ekkert verið rætt um framhaldið. Forkólfar HSÍ vildu sjá hvernig vegnaði í undankeppni EM áður en lengra væri haldið. Eftir þrjú stig í tveimur leikjum gegn Serbum er ljóst að Ísland er í dauðafæri að komast á EM í Póllandi næsta janúar.

„Við ætlum aðeins að fara yfir stöðuna varðandi mín mál með landsliðið og önnur verkefni sem ég er með í gangi," segir þjálfarinn en hefur hann áhuga á að halda áfram með liðið? „Það verður að vera gagnkvæmur vilji hjá báðum aðilum til þess að samningar náist og það er vilji af minni hendi til þess að semja eins og staðan er núna. Maður veit samt aldrei hvernig fer fyrr en maður sest niður með hinum aðilanum."

Framtíðin er því í óvissu hjá Aroni en fari svo að hann verði ekki landsliðsþjálfari áfram, hvað tekur þá við? „Ég er með aðra möguleika í boði. Bæði úti og hér heima. Stefnan var alltaf að koma heim í sumar," segir Aron. - hbg



**HVAÐ NÚ?** Óljóst er hvort Aron heldur áfram að þjálfa landsliðið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Verður rosalega erfitt í sókninni án þeirra

Valskonan Kristín Guðmundsdóttir segir að meiðsli lykilmanna Gróttu muni ráða úrslitum í einvígi Seltirninga og Stjörnunnar um Íslandsmeistaratitilinn.

**HANDBOLTI** Úrslitaeinvígi Gróttu og Stjörnunnar í Olís-deild kvenna í handbolta hefst í kvöld þegar liðin leiða saman hesta sína klukkan 19.30 í Hertz-höllinni á Seltjarnarnesi.

Tímabilið er þegar orðið sögulegt hjá Gróttu en liðið varð bikarmeistari í lok febrúar eftir sigur á Val í úrslitaleik. Um mánuði síðar tryggðu Seltirningar sér svo deildarmeistaratitilinn. Þetta eru einu stóru titlarnir í sögu félagsins. Stjarnan er hins vegar öllu vanari að vinna titla en Garðabæjarliðið hefur sjö sinnum orðið Íslandsmeistari, síðast árið 2009.

Fréttablaðið fékk Kristínu Guðmundsdóttur, leikmann Vals, til að spá í spilin fyrir úrslitaeinvígið.



**Í LYKILHLUTVERKI** Laufey Ásta Guðmundsdóttir, fyrirliði Gróttu, hefur glímt við meiðsli að undanförnu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Miklu jafnari deild en áður

„Ég veit það ekki, deildin er búin að vera rosalega jöfn í vetur," sagði Kristín, aðspurð hvort bestu lið landsins væru að mætast í úrslitum.

„Það er ekki alveg hægt að segja að þetta séu tvö bestu liðin, þau eru kannski aðeins betri og heppnari en við hin," sagði Kristín en að hennar mati var deildin í vetur jafnari en síðustu ár þegar Valur og Fram og síðan Stjarnan voru í sérflokki.

„Í ár voru í raun sex lið sem gátu orðið Íslandsmeistarar. Svo er það þannig að liðin henta hvert öðru misvel. Grótta hentar okkur illa, Fram og ÍBV henta okkur mjög vel og Stjarnan allt í lagi," sagði Kristín en Valur tapaði fyrir Stjörnunni í oddaleik í átta-liða úrslitum.

Kristín segir að það hafi ekki komið henni á óvart að einvígi Gróttu og ÍBV færi í oddaleik: „Nei, raunverulega ekki. Fólk er farið að finna veiku blettina á liðinu," sagði Valskonan en hverjir eru þeir?

„Það eru ekki mörg atriði sem þarf að stoppa og framkvæma vel gegn Gróttu en ef þú klúðrar einu atriði áttu ekki möguleika. Það þarf að spila breitt á þær eins og ÍBV gerði, teygja á vörninni og reyna ekki að skjóta yfir Önnu (Úrsúlu Guðmundsdóttur).

„Þótt sóknin gangi illa er betra að skjóta boltanum út af en láta hann enda hjá Önnu eða Írisi (Björk Símonardóttur, markverði Gróttu) og fá á sig hraðaupphlaup í kjölfarið," sagði Kristín sem segir það sama eiga í raun við um Stjörnuna sem er með sterka vörn, frábæran markvörð og öflugar hraðaupphlaupskonur. Henni finnst þó að Stjarnan hafi ekki alveg náð að nýta sér hraðaupphlaupin nógu vel í úrslitakeppninni en segir jafnframt að lið séu farin að reyna að fyrirbyggja þessi hröðu upphlaup.

### Laufey og Anett mikilvægar

Hún segir að heilsa lykilmanna Gróttu, þeirra Laufeyjar Ástu Guðmundsdóttur og Anett Köbli, geti ráðið úrslitum en þær hafa glímt við meiðsli að undanförnu.

„Ef þær eru ekki með verður þetta rosalega erfitt sóknarlega fyrir Gróttu. Ég hugsa að ÍBV hefði alltaf farið áfram ef Laufey hefði ekki komið inn. Þær vantar skyttur, einhverjar sem geta stokkið upp og bombað á markið sem er vandamál þegar þú ert að spila gegn Floru (Florentinu Stanciu, markverði Stjörnunnar)," sagði Kristín en Laufey spilaði tvo síðustu leikina í einvíginu við ÍBV og skoraði í þeim samtals 16 mörk.

Kristín spáir Stjörnunni sigri í fimm leikjum, þó með ákveðnum formerkjum.

„Þetta verður þrusujafnt og fer pottþétt í fimm leiki. Ég spái Stjörnunni sigri út af meiðslunum hjá Gróttu. Ef Laufey og Anett eru tæpar vinnur Stjarnan en ef þær eru heilar vinnur Grótta," sagði Kristín að lokum. ingvithor@365.is



**MARKAFLÓÐ Í LOKIN** KR-ingurinn Pálmi Rafn Pálmason í baráttunni við FH-inginn Jérémy Serwy á KR-vellinum í gærkvöldi. FFRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**KR 1-3 FH**

**KR-völlurinn.**
Áhorf: Óuppgefið
**Garðar Örn Hinriksson (8)**

**Mörkin:** 1-0 Jacob Schoop (50.), 1-1 Kristján Flóki Finnbogason (73.), 1-2 Atli Guðnason (85.), 1-3 Atli Guðnason (90.+2).

**KR (4-3-3):** Stefán Logi Magnússon 6 - Grétar Sigfinnur Sigurðsson 6, Skúli Jón Friðgeirsson 7, Rasmus Christiansen 6 (89. Almarr Ormarsson -), Gonzalo Balbi 6 (69. Aron Bjarki Jósepsson 5) - Jónas Guðni Sævarsson 5, Jacob Schoop 6 (59. Þorsteinn Már Ragnarsson 5), Pálmi Rafn Pálmason 5 - Sören Fredriksen 7, Óskar Örn Hauksson 6, Gary Martin 6.

**FH (4-4-2): *Róbert Örn Óskarsson 8** - Jonathan Hendrickx 7 (79. Brynjar Ásgeir Guðmundsson -), Guðmann Þórisson 6, Pétur Viðarsson 6, Böðvar Böðvarsson 6 - Jérémy Serwy 4 (72. Atli Viðar Björnsson -), Davíð Þór Viðarsson 6, Samuel Hewson 5 (72. Bjarni Þór Viðarsson -), Atli Guðnason 7 - Kristján Flóki Finnbogason 6, Steven Lennon 7.

**Skot (á mark):** 8-9 (6-6) **Horn**: 2-5

**Varin skot:** Stefán Logi 3 - Róbert Örn 5

# DAGSKRÁ



2 | 19:40

**SÆLKERAHEIMSREISA UM REYKJAVÍK**

Í þessum vönduðu og glæsilegu þáttum fer Vala Matt í ferð um Reykjavík og heimsækir Íslendinga af erlendum uppruna. Í þessum þætti förum við í thailenskt eldhús þar sem vinkonurnar Warapon og Patcharee segja okkur frá sínum heimahögum og matarvenjum. Þær kenna okkur að búa til ævintýralegan kjúklingarétt og rauða og græna karrýsósu sem eru með allra bestu karrýsósum í heimi!


FRÁBÆR
ÞRIÐJUDAGUR

Fáðu þér áskrift á 365.is

365


2 | 20:50

**VEEP**

Fjórða þáttaröðin af þessum bráðfyndnu gamanþáttum. Julia Louis-Dreyfus er hér í hlutverki forseta Bandaríkjanna.




2 | 21:20

**A.D.: KINGDOM AND EMPIRE**

Þættirnir gerast eftir krossfestingu Jesú og fjalla um líf lærisveina frelsarans.



b | 22:00

**THE WATCH**

Gamanmynd um fjóra nágranna í heldur dauflegu úthverfi með Ben Stiller, Jonah Hill og Vince Vaughn í aðalhlutverkum.



G | 21:00

**THE NEWSROOM**

Fyrsti þáttur í dramatískri þáttaröð sem gerist á kapalstöð í Bandaríkjunum og skartar Jeff Daniels í hlutverki fréttalesara stöðvarinnar.



3 | 20:35

**ONE BORN EVERY MINUTE US**

Vandaðir og áhugaverðir þættir þar sem við fylgjumst með komu nýrra einstaklinga í heiminn.



Krakkastöðin | 19:00

**SKRÍMSLI Í PARÍS**

Bráðskemmtileg teiknimynd sem gerist í París árið 1910 og fjallar um skrímsli sem er alls ekki eins vont og skrímsli eru vön að vera.



©2015 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag. Nánari upplýsingar á 365.is

## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**08.05** The Middle
**08.30** Restaurant Startup
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.15** Anger Management
**10.40** Friends with Better Lives
**11.05** The Face
**11.50** The Smoke
**12.35** Nágrannar
**13.00** Britain's Got Talent
**14.10** Britain's Got Talent
**14.45** Mr. Selfridge
**15.30** Mr. Selfridge
**16.30** Ground Floor
**16.55** The Middle
**17.20** Bold and the Beautiful
**17.40** Nágrannar
**18.05** Simpson-fjölskyldan
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.55** Ísland í dag.
**19.40 Sælkeraheimsreisa um Reykjavík** Í þessum vönduðu og glæsilegu þáttum fer Vala Matt um Reykjavík og heimsækir Íslendinga af erlendum uppruna. Við kynnumst þeirra matarmenningu og siðum og svo matreiða þeir fyrir okkur dýrindis góðan mat gerðan úr íslensku hráefni en með skemmtilegu og oft nýstárlegu kryddi og ævintýralegum matreiðsluaðferðum. Við fáum til dæmis japanskt sushi búið til á ótrúlega einfaldan hátt, sérkennilegan nepalskan desert, dásamlegan Parísarbistro-mat, eþíópíska rétti borðaða með puttunum og popp og kaffi, nýstárlega kartöflurétti frá heimalandi kartöflunnar, Perú, íranska veislu og margt fleira ævintýralega skemmtilegt og fræðandi. Matur frá Nepal, París, Japan, Íran, Taílandi, Eþíópíu, Póllandi og Perú, allt í heimahúsum í Reykjavík.
**20.05** Modern Family
**20.30** The Big Bang Theory
**20.50** Veep
**21.20** A.D. Kingdom and Empire
**22.05** Gotham
**22.50** Last Week Tonight with John Oliver
**23.20** Louie
**23.45 Grey's Anatomy** Ellefta syrpa þessara vinsælu dramaþátta sem gerast á skurðstofu á Grey Sloan-spítalanum í Seattle-borg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar. Flókið einkalíf ungu læknanna á það til að gera starfið ennþá erfiðara.
**00.30** Forever
**01.15** Bones
**02.00** Weeds
**02.30** Attack the Block
**03.55** Savages
**06.00** Modern Family

## SPORT *besta sætið*

**07.00** KR - FH
**08.50** Pepsímörkin 2015
**12.00** Pepsímörkin 2015
**13.15** Sevilla - Real Madrid
**14.55** Goðsagnir - Ragnar Margeirsson
**15.25** KR - FH
**17.15** Pepsímörkin
**18.30** Juventus - Real Madrid BEINT
**20.45** Meistarad. - Meistaramörk
**21.15** Spænsku mörkin
**21.45** Juventus - Real Madrid
**23.35** Meistarad. - Meistaramörk.
**00.05** KR - FH

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00** Hull - Arsenal
**11.50** Messan
**12.50** Man. Utd. - WBA
**14.30** Aston Villa - Everton
**16.10** Football League Show
**16.40** Leicester - Newcastle
**18.20** Hull - Arsenal
**20.00** Premier League Review
**20.55** Messan
**21.55** West Ham - Burnley
**23.35** Swansea - Stoke
**01.15** Premier League Review

## STÖÐ 3

**18.40** Baby Daddy
**19.00** Wipeout
**19.45** Traffic Lights
**20.10** 10 Items or Less
**20.35** One Born Every Minute UK
**21.25** Pretty Little Liars
**22.10** Flash
**22.50** Arrow
**23.35** The 100.
**00.15** Wipeout
**01.00** Traffic Lights
**01.20** 10 Items or Less
**01.45** One Born Every Minute UK
**02.30** Pretty Little Liars
**03.15** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## Krakkastöðin

**07.00** Dóra könnuður **07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07.45** Doddi litli og Eyrnastór **07.55** Sumardalsmyllan **08.00** Áfram Diego, áfram! **08.24** Svampur Sveinsson **08.45** Tommi og Jenni **08.55** UKI **09.00** Lína Langsokkur **09.22** Ljóti andarunginn og ég **09.47** Víkingurinn Vic **10.00** Strumparnir **10.25** Ævintýri Tinna **10.47** Latibær **11.00** Dóra könnuður **11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.45** Doddi litli og Eyrnastór **11.55** Sumardalsmyllan **12.00** Áfram Diego, áfram! **12.24** Svampur Sveinsson **12.45** Tommi og Jenni **12.55** UKI **13.00** Lína Langsokkur **13.22** Ljóti andarunginn og ég **13.47** Víkingurinn Vic **14.00** Strumparnir **14.25** Ævintýri Tinna **14.50** Latibær **15.00** Dóra könnuður **15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.45** Doddi litli og Eyrnastór **15.55** Sumardalsmyllan **16.00** Áfram Diego, áfram! **16.24** Svampur Sveinsson **16.45** Tommi og Jenni **16.55** UKI **17.00** Lína Langsokkur **17.22** Ljóti andarunginn og ég **17.47** Víkingurinn Vic**18.00** Strumparnir **18.25** Ævintýri Tinna **18.50** Latibær **19.00** Skrímsli í París

## GULLSTÖÐIN

**17.10** Friends
**18.00** Modern Family
**18.20** New Girl
**18.45** The Big Bang Theory
**19.10** Veggfóður
**19.50** Eitthvað annað
**20.20** Grimm
**21.00** The Newsroom
**22.15** Chuck
**23.00** Cold Case
**23.40** Veggfóður
**00.25** Eitthvað annað
**00.55** Grimm
**01.35** The Newsroom
**02.45** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**11.05** Free Willy. Escape From Pirate's Cove
**12.45** When Harry Met Sally
**14.20** The Bodyguard
**16.30** Free Willy. Escape From Pirate's Cove
**18.15** When Harry Met Sally
**19.50** The Bodyguard
**22.00** The Watch
**23.45** House Of Versace
**01.15** Hitchcock
**02.55** The Watch

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing
**21.00** 433
**21.30** Gönguferðir

## RÚV

**16.10** Alla leið
**17.15** Vísindahorn Ævars
**17.20** Músahús Mikka
**17.44** Robbi og skrímsli
**18.05** Táknmálsfréttir
**18.15** Hringborðið
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veðurfréttir
**19.35** Kastljós
**20.00** Djöflaeyjan
**20.30** Hefnd
**21.15 Baráttan um Bretland** Fréttaskýringarþáttur um þingkosningarnar í Bretlandi 7. maí. Bogi Ágústsson ræðir við Ólaf Þ. Harðarson prófessor og Þórð Snæ Júlíusson, ritstjóra Kjarnans, og rýnir í skoðanakannanir og veltir fyrir sér þeim straumhvörfum sem gætu verið að eiga sér stað í bresku stjórnmálaumhverfi.
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20 Horfinn** *(The Missing)* Ný bresk spennuþáttaröð. Ungum dreng er rænt í sumarfríi fjölskyldunnar í Frakklandi. Faðir hans fórnar öllu í leit sinni að drengnum og missir aldrei vonina um að finna hann á lífi. Aðalhlutverk: James Nesbitt, Frances O'Connor og Tchéky Karyo. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.20 Spilaborg** *(House of Cards III)* Bandarísk þáttaröð um klækjastjórnmál og pólitískan refskap þar sem einskis er svifist í baráttunni. Meðal leikenda eru Kevin Spacey, Michael Gill, Robin Wright og Sakina Jaffrey. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna. e.
**00.15** Kastljós
**00.40** Fréttir
**00.55** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** Dr. Phil
**09.00** The Talk
**09.45** Pepsi MAX tónlist
**15.15** Cheers
**15.40** My Kitchen Rules
**16.25** An Idiot Abroad
**17.10** Black-ish
**17.30** The Odd Couple
**17.50** Dr. Phil
**18.30** The Talk
**19.10** Design Star
**19.55** Kirstie
**20.15** Jane the Virgin
**21.00** The Good Wife
**21.45** Elementary
**22.30** Sex & the City
**22.55** Californication
**23.20** Madam Secretary
**00.05** Blue Bloods
**00.50** The Good Wife
**01.35** Elementary
**02.20** Sex & the City
**02.45** Pepsi MAX tónlist

## Golfstöðin

**09.00** World Golf Championship
**15.00** PGA Tour 2015 – Highlights
**15.55** World Golf Championship
**21.55** Golfing World 2015
**22.45** PGA Tour 2015 – Highlights
**23.40** Golfing World 2015

## HRINGBRAUT

**10.00** Lífsstíll *(e)* **10.30** Hringtorg *(e)* **11.00** Úr smiðju Páls Steingrímssonar *(e)* **12.00** Lífsstíll *(e)* **12.30** Hringtorg *(e)* **13.00** Úr smiðju Páls Steingrímssonar *(e)* **14.00** Lífsstíll *(e)* **14.30** Hringtorg *(e)* **15.00** Úr smiðju Páls Steingrímssonar *(e)* **16.00** Lífsstíll *(e)* **16.30** Hringtorg *(e)* **17.00** Úr smiðju Páls Steingrímssonar *(e)* **18.00** Lífsstíll *(e)* **18.30** Hringtorg *(e)* **19.00** Úr smiðju Páls Steingrímssonar *(e)* **20.00** Fólk með Sirrý **21.00** Atvinnulífið **21.30** Ritsjórarnir **22.00** Fólk með Sirrý *(e)* **23.00** Atvinnulífið *(e)* **23.30** Ritsjórarnir *(e)*

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin



NÝ OG GLÆSILEG
ÚTIVISTAR-
OG VEIÐIDEILD
Í INTERSPORT BÍLDSHÖFÐA!
20% AFSLÁTTUR AF veiðijökkum
20% AFSLÁTTUR AF spúnum
20-50% AFSLÁTTUR AF veiðistöngum
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.
9.990
FRÁBÆRT VERÐ! 3.990
12.990
Dömubolur 4.990
8.490
Herrabolur 5.990
MCKINLEY MALIN/ MADDY
Buxur úr EXODUS fljótþornandi útivistar-efni, hægt er að renna skálmum af. Dömu- og herrastærðir.
MCKINLEY HELLA/ VILGOT
Flíspeysa. Dömu- og herrastærðir.
MCKINLEY HAKON
Góðar útivistarbuxur, styrktar á rassi og hnjám. Herrastærðir.
MCKINLEY FIGGE/ NANNA
Bolur. Renndur vasi á hlið. Dömu- og herrastærðir.
MCKINLEY MALIN/ MADDY
Kvartbuxur úr EXODUS fljótþornandi útivistarefni. Dömu og herrastærðir.
TILBOÐ 19.990 Fullt verð: 26.990
16.990
FRÁBÆRT VERÐ! 5.490
15.990
MCKINLEY TREKKER
Vandaðir gönguskór úr leðri með VIBRAM sóla. Dömu- og herrastærðir.
MCKINLEY COUGAR 40
40 lítra dagspoki.
MCKINLEY MIDWOOD 30
30 lítra dagspoki.
MCKINLEY NEVADA 3
Gott 3ja manna tjald. 3,6 kg. 2000 mm. Límdir saumar.
INTERSPORT AKUREYRI / SÍMI 460 4891 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.
INTERSPORT BÍLDSHÖFÐA / SÍMI 585 7220 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 11 - 18. SUN. 13 - 17.
INTERSPORT SELFOSSI / SÍMI 480 4611 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.
SPORT TO THE PEOPLE
INTERSPORT

## BESTI DRYKKURINN



**„Kreisti hálft lime í glas og ískalt sódavatn út í. Það er uppáhaldið núna allavega.“**

Jóhanna Guðrún Jónsdóttir, söngkona

# Svarthöfði fékk ekki að gefa blóð

Meðlimir í Íslenska Stjörnustríðsklúbbnum fögnuðu May the fourth með því að fjölmenna í blóðgjöf.

Í gær, 4. maí, var alþjóðlegi Star Wars-dagurinn haldinn hátíðlegur, en úti gengur hann undir nafninu May the fourth sem er vísan í Star Wars-setninguna frægu: May the force be with you.

Aðdáendur myndanna halda upp á daginn um allan heim, og hér heima héldu meðlimir í félaginu 501 deildin upp á daginn með því að fara í Blóðbankann og gefa blóð. „Okkur langaði til þess að gera eitthvað sérstakt. Vegna verkfalla í Blóðbankanum þá vissum við að það vantaði blóð og því völdum við þetta,“ segir Tómas Árnason, Star Wars-aðdáandi og einn aðstandenda viðburðarins.

Deildin dregur nafn sitt af herdeild Svarthöfða. „Við erum hluti af alþjóðlegri deild, en til þess að fá inngöngu þá verður þú að eiga búning sem tilheyrir vondu köllunum,“ segir Tómas. Ekki fengu þó allir að gefa blóð þar sem Blóðbankinn tók ekki á móti nýjum blóðgjöfum í gær sökum verkfalls BHM. Á meðal þeirra sem ekki fengu að gefa var Svarthöfði sjálfur, sem sá þó til þess að undirmenn sínir gæfu blóð. - asi/þea



**SENNILEGA EKKI SÁTTUR** Svarthöfði var sennilega ekki sáttur við að fá ekki að gefa blóð, en fylgdist með sínum mönnum í staðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




# Ertu að flytja til

## Noregs, Danmerkur eða Svíþjóðar?

**Norræna félagið í samstarfi við Halló Norðurlönd og EURES - Evrópsk vinnumiðlun standa fyrir upplýsingafundum um flutning til Noregs, Svíþjóðar og Danmerkur.**

Fundirnir eru ætlaðir öllum þeim sem hyggja á vinnu eða nám í þessum löndum og eru ókeypis og öllum opnir á meðan húsrúm leyfir.

Farið verður yfir hagnýt atriði varðandi flutning og atvinnuleit auk þess sem fulltrúi frá Ríkisskattstjóra kynnir skattamál.

- **Mánudaginn 11. maí kl. 17:00**
  **Að flytja til Svíþjóðar og Danmerkur**
- **Mánudaginn 11. maí kl. 19:30**
  **Að flytja til Noregs**

**Upplýsingafundirnir fara fram í húsnæði Vinnumálastofnunar, Kringlunni 1.**

**Skráning á netfanginu hallo@norden.is og í síma 511 1808.**

Norræna félagið
www.norden.is

norden
Halló Norðurlönd

EURES
EVRÓPSK VINNUMIÐLUN


# Barón blóðsins verður heiðursgestur á RIFF

Kanadíski leikstjórinn David Cronenberg, oft nefndur barón blóðsins og konungur líkamlegs hryllings, hlýtur heiðursverðlaun á kvikmyndahátíðinni RIFF í ár.

Kanadíski kvikmyndaleikstjórinn David Cronenberg verður heiðursgestur á RIFF, Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík, og hlýtur á hátíðinni heiðursverðlaun fyrir æviframlag sitt til kvikmyndalistarinnar.

Cronenberg, sem oft er nefndur konungur líkamlegs hryllings og barón blóðsins er einn af þekktustu kvikmyndaleikstjórum samtímans og hefur hlotið fjölda viðurkenninga og verðlauna á ferlinum, sem dæmi má nefna dómaraverðlaun í Cannes og Silfurbjörninn í Berlín. Árið 2002 hlaut hann heiðursverðlaunin Carrosse d'Or fyrir æviframlag sitt til kvikmyndalistarinnar á kvikmyndahátíðinni í Cannes.

„Það er mjög ánægjulegt og mikill heiður að hann sé að koma á RIFF. Ég er mikill aðdáandi og ég tel hann tvímælalaust vera á meðal fremstu kvikmyndaleikstjóra samtímans,“ segir Hrönn Marinósdóttir, stjórnandi RIFF, og er að vonum ánægð með heiðursgestinn í ár.

Cronenberg hefur aldrei komið til landsins áður og er að sögn Hrannar mjög spenntur og stefnir á að ferðast um landið ásamt eiginkonu sinni, Carolyn Zeifman. „Hver veit nema hann heillist og leggi drög að næstu mynd hér,“ segir Hrönn glöð í bragði.

Leikstjórinn mun taka þátt í bransadögum hátíðarinnar þar sem íslenskir og erlendir kvikmyndagerðarmenn hittast og ráða ráðum sínum en að auki mun hann vera með masterclass og myndir í leikstjórn hans verða sýndar á hátíðinni.

„Myndirnar hans eru ólíkar og hann hefur þróast mikið sem kvikmyndagerðarmaður, en hefur í gegnum tíðina lagt áherslu á hryllingsmyndir og sálfræðidrama,“ segir hún en líkt og áður sagði hefur Cronenberg verið nefndur konungur líkamlegs hryllings og barón blóðsins en kvikmyndir hans fara gegn hefðbundnum frásagnarstíl og fjalla oft og tíðum á myrkan hátt um eðli mannsins og eru líkami mannsins, umbreytingar og sýkingar algeng umfjöllunarefni.

„Þetta eru svona margslungnar myndir má segja, en þær eiga það flestar sameiginlegt að vera mjög spennandi og áhugaverðar,“ segir Hrönn og bætir við: „Hann er líka flinkur við að sprengja upp kvikmyndaformið og fá áhorfendur til þess að sitja alveg límda í sætunum.“

RIFF-hátíðin verður haldin í tólfta sinn og hefst þann 24. september næstkomandi.

gydaloa@frettabladid.is



**HEIÐURSGESTUR** Leikstjórinn er heiðursgestur kvikmyndahátíðarinnar í ár en hann er á meðal þekktustu leikstjóra samtímans. NORDICPHOTOS/GETTY

## → Þekktustu myndir Cronenbergs

Cronenberg hefur verið starfandi frá árinu 1966 og leikstýrt 21 kvikmynd, 5 stuttmyndum, auglýsingum og sjónvarpsseríum. Einnig hefur hann leikið í nokkrum bíómyndum og gaf árið 2014 út skáldsöguna Consumed.

### The Brood 1979
**Aðalleikarar: Oliver Reed, Samantha Eggar og Art Hindle**
**IMDb 6,9/10**

### The Fly 1986

**Aðalleikarar: Jeff Goldblum, Geena Davis og John Getz**
**IMDb 7,5/10**

### Naked Lunch 1991

**Aðalleikarar: Peter Weller, Judy Davis og Ian Holm**
**IMDb 7,1/10**

### Crash 1996

**Aðalleikarar: James Spader, Holly Hunter og Elias Koteas**
**IMDb 6,3**

### A History of Violence 2005
**Aðalleikarar: Viggo Mortensen, Maria Bello, Ed Harris og William Hurt**
**IMDb 7,5/10**

### Eastern Promises 2007
**Aðalleikarar: Naomi Watts, Viggo Mortensen og Armin Mueller-Stahl**
**IMDb 7,7/10**

### Maps to the Stars 2014

Aðalleikarar: Julianne Moore, Mia Wasikowska, Robert Pattinson og John Cusack
**IMDb 6,4/10**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason gustaf@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@365.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@365.is, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir svansi@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorláksdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is


KPMG
cutting through complexity
Endurfundir
7. maí | Borgartúni 27 | kl. 17:00
Í tilefni af 40 ára afmælisári KPMG á Íslandi býður starfsfólk félagsins fyrrum samstarfsfólki til endurfunda. Markmiðið er einfalt, að eiga góða stund saman.
Hlökkum til að sjá ykkur.
1975-2015 • KPMG Á ÍSLANDI • AFMÆLISÁR
40
Hjá KPMG starfa 220 manns á 13 skrifstofum vítt og breitt um landið.

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja
Póstdreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 800 1177

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Leita að draugum

Þær Bryndís Björgvinsdóttir þjóðfræðingur og rithöfundur og **Rakel Garðarsdóttir** framleiðandi vinna nú að þáttum um reimleika á Íslandi. Stöllurnar hafa unnið að því undanfarið að safna saman sögum af yfirnáttúrulegum atburðum á Íslandi. „Það er alveg merkilegt hvað það eru margir draugar á sveimi hér á landi,“ segir Rakel. Hún segir það hafa gengið vel að safna sögum og þeir séu margir sem virðast hafa komist í kynni við ýmislegt yfirnáttúrulegt hér á landi. Tökur standa nú yfir á þáttunum sem verða sex samtals og verða sýndir á RÚV í haust þegar fer að rökkva á ný. **- vh**



### Prinsessufár á Facebook

Á Facebook-síðu **Hildar Helgu Sigurðardóttur,** sérlegrar áhugakonu um kóngafólk, sköpuðust hressilegar umræður eftir að nafn nýju prinsessunnar varð opinbert. Eins og einhverjir muna lýsti Hildur beinni útsendingu frá jarðarför Díönu prinsessu árið 1997. Sagðist Hildur vona að litla prinsessan myndi erfa fríðleikann frá móður sinni og föðurömmu. Einnig rifjaði hún upp að sonur hennar, Óðinn Páll, og litla prinsessan væru fjórmenningar, þar sem afar þeirra, Middleton-frændurnir, væru systkinabörn. **- asi**



## Mest lesið VÍSIR

1 Svartsvanir í tilhugalífinu: Vangaveltur um hvort grípa þurfi til aðgerða
2 Selfyssingur hefur fengið sig fullsaddan af myndatökum ferðamanna
3 Sjónskert stúlka kemst ekki ferða sinna: „Einangrar sig frekar en að fara í rútunni“
4 Skólastjóri segir gjöf Gídeons ekki trúboð
5 Segir sambærilegar ráðstefnur erlendis mun dýrari

Barcelona er komin í
Heita pottinn
49.000 kr.
báðar leiðir með tösku
plús FERÐIR
www.plusferdir.is

Sumar Lager sprengjan
Völuteigur 17 -19 - Mosfellsbæ
Sími 660 0021
Opið virka daga 12-18:30
laugardag 12-16






Aðeins í nokkra daga
Frábært tækifæri til að gera góð kaup!
20-50%
afsláttur
af skiptidýnum, eldri gerðum, útlitsgölluðum dýnum, hvíldarstólum, sófum, rúmteppum, koddum, lökum o.fl.
Tilboð
á völdum vörum í verslun meðan á lagersölu stendur t.d. sýningardýnum
12 mán. vaxtalausar greiðslur*
TAKMARKAÐ MAGN
FYRSTIR KOMA - FYRSTIR FÁ
Svefn & heilsa
Lager: Völutegi 17-19 - Mosfellsbæ
Sími 660 0021 - Opið kl. 12-18:30
laugardag 12:00 - 16:00
www.svefn.is
Listhúsinu Laugardal, Reykjavík og Baldursnesi 6, Akureyri